# Íslenskir radíóamatörar, Í.R.A.

Aðalfundur 19. maí 2012

Skýrsla um starfsemi félagsins 2011-2012

*Jónas Bjarnason, TF2JB formaður*

Útgefandi: Íslenskir radíóamatörar, Í.R.A., pósthólf 1058, 121 Reykjavík.
Tölvupóstfang: ira@ira.is.
Vefsíða: http://www.ira.is.
Ábyrgðarmaður: Jónas Bjarnason, TF2JB.
Heimilt er að birta efni úr skýrslunni en þess skal getið hvaðan það er fengið.
Útgáfudagur: 19. maí 2012.

# Efnisyfirlit


**EFNISYFIRLIT** .......... 3

**STJÓRN Í.R.A. STARFSÁRIÐ 2011-2012** .......... 6

**FORMÁLI** .......... 7

**1. STJÓRN, EMBÆTTISMENN OG FUNDIR** .......... 9

1. Stjórn Í.R.A. .......... 9
2. Embættismenn .......... 9
3. Stjórnarfundir .......... 11
4. Starfshópar, nefndir og embættismenn .......... 12
5. Félagsfundir .......... 12
6. Afmælisfundur; sólríkur sunnudagur í Skeljanesi .......... 13
7. Fundir með Póst- og fjarskiptastofnun .......... 13
8. Fundir erlendis .......... 15
9. IARU, IARU Svæði 1 og NRAU .......... 15
10. Tegund félagsaðildar og fjöldi félagsmanna .......... 16

**2. FÉLAGSAÐSTAÐAN VIÐ SKELJANES** .......... 19

1. Framkvæmdir í setustofu .......... 19
2. Bætt aðgengi að tímaritaeign .......... 19
3. Aukið rými í sal .......... 20
4. Aukin og bætt húsnæðisaðstaða í Skeljanesi .......... 21
5. Bætt vinnuaðstaða QSL stjóra .......... 23
6. Framkvæmdir í fjarskiptaherbergi .......... 23
   6.1 TF3RPG QRV .......... 23
   6.2 „LVB Tracker“ .......... 24
   6.3 TF3IRA fær nýja VHF/UHF FM stöð .. .......... 24
   6.4 AlfaSpid rótor félagsins .......... 25
   6.5. Gjafir til TF3IRA .......... 27
7. Framkvæmdir utanhúss .......... 28
8. TF3CY hættir sem stöðvarstjóri .......... 29
9. DXCC viðurkenningarskjöl .......... 30

**3. VETRARDAGSKRÁ; ERINDI** .......... 31

1. Inngangur .......... 31
   1.1 Erindi 13. október; *Kristinn Andersen, TF3KX* .......... 31
   1.2 Erindi 20. október; *Jón Ágúst Erlingsson, TF3ZA* .......... 31
   1.3 Erindi 27. október; *Vilhjálmur Þór Kjartansson* .......... 32
   1.4 Erindi 3. nóvember; *Guðmundur Löve, TF3GL* . .......... 33
   1.5 Erindi 1. desember; *TF3JA og Víðir Reynisson deildarstjóri hjá RLR* .......... 34
   1.6 Erindi 8. desember; *Bjarni Sigurðsson, sérfræðingur hjá PFS* .......... 34
   1.7 Erindi 15. desember; *TF3TNT og TF3WO* .......... 35

1.8 Erindi 5. janúar; *Georg Magnússon, TF3LL* .......... 36
1.9 Erindi 12. janúar; *Andrés Þórarinsson, TF3AM* .......... 37
1.10 Erindi 26. janúar, *Guðmundur Löve, TF3GL* .......... 37
1.11 Erindi 9. febrúar; *TF3CW og TF3Y* ... .......... 38
1.12 Erindi 23. febrúar; *Kristján Benediktsson, TF3KB* .......... 39
1.13 Erindi 8. mars; *Kristinn Andersen, TF3KX* .. .......... 39
1.14 Erindi 15. mars; *Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX* .......... 41
1.15 Erindi 29. mars; *TF3JA, N1ZRN/TF og TF2SUT* .......... 42
1.16 Erindi 26. apríl; *Benedikt Sveinsson, TF3CY* .......... 43

**4. VETRARDAGSKRÁ, NÁMSKEIÐ OG FLEIRA** .......... 45

1. Inngangur .......... 45
1.1 Námskeið .......... 45
1.2 „Win-Test“ upprifjunarnámskeið .......... 45
1.3 Gervihnattafjarskipti; sýnikennsla .......... 46
1.4 Gervihnattafjarskipti; sýnikennsla II .......... 46
1.5 „WriteLog“ keppnisdagbókarforritið .. .......... 46
2. Myndakvöld .. .......... 47
2.1 K1B; Baker Island 2002 .......... 47
2.2 T32C; A-Kiribati 2011 .......... 48
3. Flóamarkaður að hausti .......... 48
4. Sunnudagsopnanir .......... 50
4.1 Sunnudagur 20. nóvember .......... 50
4.2 Sunnudagur 4. desember .......... 50
4.3 Sunnudagur 11. desember .......... 51
4.4 Sunnudagur 12. febrúar .......... 51
5. Um sunnudagsopnanir .......... 52

**5. NÁMSKEIÐ TIL AMATÖRLEYFIS** .......... 53

1. Námskeið til amatörleyfis .......... 53
2. Undirbúningur prófs til amatörleyfis 28. apríl .......... 54
2.1 Kynningarkvöld 30. mars .......... 54
2.2 Fræðslukvöld 18. apríl .......... 55
2.3 Próf til amatörleyfis 28. apríl .......... 56
3. Morsæfingar .......... 58
4. Stöðutaka í morsi .......... 58

**6. TF ÚTILEIKAR, VITAHELGIN, KEPPNIR** .......... 59

1. TF útileikarnir 2011 .......... 59
2. Vita- og vitaskipahelgin 2011 .......... 60
3. Þátttaka í alþjóðlegum keppnum frá félagsstöðinni .......... 62
3.1 SAC morskeppnin 2011 .......... 62
3.2 SAC SSB-keppnin 2011 .......... 63
3.3 CQ World-Wide DX SSB keppnin 2011 .......... 64
3.4 CQ World-Wide DX morskeppnin 2011 .......... 64
3.5 ARRL International 10 Meter CW/SSB keppnin 2011 .......... 64
3.6 ARRL International DX morskeppnin 2012 .......... 64

**7. TF VHF LEIKAR** .......... 67

**8. ÚTGÁFUMÁL** .......... 69

1. Félagsblaðið CQ TF .......... 69
2. WWW.IRA.IS .......... 70
   - 2.1 Fréttadálkur .......... 70
   - 2.2 Veðurupplýsingar .......... 71
   - 2.3 Innsetning gagna frá aðalfundi 2011 .......... 71
   - 2.4 Tæknileg uppfærsla .......... 71
   - 2.5 Nýtt vefsvæði prófnefndar .......... 71
   - 2.6 Ítarefni; glærur og fleira frá fræðslukvöldum .......... 72
3. Yahoo póstlisti .......... 72
4. Fréttapunktar stjórnar .......... 72

**9. SÉRSTAKAR TÍÐNIHEIMILDIR FRÁ PFS** .......... 73

1. Heimild til notkunar á 500 kHz (600 metrum) .......... 73
2. Heimild til notkunar á 5 MHz (60 metrum) .......... 73
3. Heimild til notkunar á 70 MHz (4 metrum) .......... 73
4. Heimild til notkunar á 1850-1900 kHz (160 metrum) .......... 74
5. Nýtt amatörband á WRC-12 .......... 74

**10. ENDURVARPAR, STAFVARPAR, RADÍÓVITAR** .......... 75

1. Yfirlit .......... 75
   - 1.1 TF1RPB (Páll); QTH Bláfjöll .......... 75
   - 1.2 TF1RPE (Búri); QTH Búrfell .......... 77
   - 1.3 TF3RPA (Pétur); QTH Skálafell .......... 78
   - 1.4 TF3RPC (Einar); QTH Reykjavík .......... 78
   - 1.5 TF5RPD (Tóti); QTH Vaðlaheiði .......... 80
   - 1.6 TF8RPH (Garri); QTH Garðskagi .......... 80
2. Stafvarpar .......... 82

**11. GJAFIR TIL Í.R.A.** .......... 83

**VIÐAUKI-A: FUNDARGERÐIR STJÓRNAR STARFSÁRIÐ 2011-2012** .......... 85

**VIÐAUKI-B: MARKVERÐ SKJÖL EÐA EFNI** .......... 117

**VIÐAUKI-C: LJÓSMYNDIR FRÁ 65 ÁRA AFMÆLI Í.R.A. 14. ÁGÚST** .......... 131

**VIÐAUKI-D: GÖGN UM Í.R.A. Í VÖRSLU BORGARMINJASAFNS** .......... 139

# STJÓRN Í.R.A. STARFSÁRIÐ 2011-2012




*Frá vinstri: Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA ritari, Benedikt Sveinsson TF3CY meðstjórnandi, Jónas Bjarnason TF2JB formaður, Kjartan H. Bjarnason TF3BJ varaformaður, Gísli G. Ófeigsson TF3G gjaldkeri, Guðmundur Sveinsson TF3SG varastjórn og Erling Guðnason TF3EE varastjórn. Myndin var tekin á fyrsta fundi nýrrar stjórnar í fjarskiptaherbergi félagsins þann 26. maí 2011. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3LMN.*

# Formáli



**JÓNAS BJARNASON, TF2JB**

Starfsemi Í.R.A. gekk vel á starfsárinu 2011/12. Á tímabilinu starfaði samhent og virk stjórn. Félagsandi var jákvæður og aðkoma embættismanna sem og almennra félagsmanna að einstökum verkefnum var framúrskarandi góð. Í þessu samhengi er ánægjulegt að upplýsa að skráður fjöldi félagsmanna var, annað starfsárið í röð, yfir 200 miðað við lok fjárhagsársins 2011/12. Að mati undirritaðs, hefur félagið á að skipa fólki sem hefur hæfni til að takast á við væntingar þessa hóps og í því ljósi bjóðum við nýja félagsmenn velkomna.

Starfsárið 2011/2012 var um margt óvanalegt hvað varðar fjölda og margbreytileika erinda sem bárust inn á borð stjórnar. Ágætt dæmi um slíkt er stefna Póst- og fjarskiptastofnunar í stjórnun tíðnisviðsins 2011-2014 sem var kynnt þann 1. júlí og var hluti af tillögu innanríkisráðherra til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022. Stjórn félagsins óskaði eftir sérstökum samráðsfundi með fulltrúum stofnunarinnar vegna þessa og var hann haldinn þann 16. ágúst. Fundurinn var mjög gagnlegur og þjónaði tilgangi sínum í því að efla skilning hjá báðum aðilum. Auk umfjöllunar um tíðnistefnu stofnunarinnar, var m.a. ákveðið að koma á reglulegum samráðsfundum á milli aðila.

Af einstökum þáttum í störfum félagsins á starfsárinu eru nokkur atriði sem ástæða er til að geta um sérstaklega. Þau eru:

- *Í fyrsta lagi,* 65 ára afmæli félagsins þann 14. ágúst 2011. Í tilefni þess var haldið vel heppnað kaffiboð fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra á afmælisdaginn í aðstöðu félagsins í Reykjavík. Alls mættu rúmlega 60 manns í félagsaðstöðuna og þáðu þjóðlegar veitingar. Ánægjulegt var hversu margir félagsmenn mættu í Skeljanesið ásamt fjölskyldum sínum þennan sólríka sunnudag. Í „Viðauka-C“ eru birtar nokkrar ljósmyndir sem teknar voru við það tækifæri af Jóni Svavarssyni, TF3LMN, ljósmyndara félagsins.

- *Í öðru lagi,* ber að nefna nýtt og aukið húsnæði félagsins í Skeljanesi sem var vígt þann 24. nóvember 2011. Um var að ræða flutning á sameiginlegri aðstöðu fyrir TF Í.R.A. QSL Bureau og smíðaaðstöðu félagsins, í hornherbergi á 2. hæð í Skeljanesi. Ávinningur okkar er um $4m^2$ stærra herbergi, auk þess sem nýja herbergið er bæði bjartara og vistlegra.

- *Í þriðja lagi,* metnaðarfull og vel heppnuð vetrardagskrá starfsársins. Hún var í tveimur hlutum, annars vegar frá október-desember og hins vegar frá janúar-apríl. Fjöldi félagsmanna kom að verkefninu og enn fleiri sóttu viðburðina. Á þessum tíma voru alls í boði 30 skipulagðir viðburðir (auk almennra opnunarkvölda á fimmtudögum) þ.e. erindi, myndakvöld, námskeið, kynningar, flóamarkaður og opnunartímar á sunnudagsmorgnum. Að venju var fitjað upp á mörgum áhugaverðum nýjungum. Bestu þakkir til Kjartans H. Bjarnasonar, TF3BJ, fyrir framúrskarandi góð störf og vel heppnuð við skipulagningu verkefnisins.

- *Í fjórða lagi,* ákvörðun stjórnar félagsins að setja á laggirnar sérstaka EMC (e. Electro Magnetic Compatability) nefnd á stjórnarfundi nr. 6/2011 þann 3. nóvember. Tilurð nefndarinnar er mikilvæg, m.a. með tilliti til aukinnar þjónustu við félags-

menn, samvinnu við sambærilegar nefndir hjá systurfélögunum, auk hugsanlegrar samvinnu við sérfræðinga Póst- og fjarskiptastofnunar. Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, var skipaður formaður nefndarinnar.

- *Í fimmta lagi,* má nefna nýtt amatörband í tíðnisviðinu 472-479 kHz á 600 metrum sem hlaut jákvæða niðurstöðu á WRC-12 ráðstefnunni lauk þann 17. febrúar í Genf. Þegar liggur fyrir að frumvarp um nýtt amatörband á 5 MHz á 60 metrum verður flutt á ráðstefnunni 2015.

- *Í sjötta lagi.* Vart verður skilið við upptalningu sem þessa öðruvísi en að nefna og þakka fyrir góð almenn samskipti við Póst- og fjarskiptastofnun. Þau hafa í alla staði verið fagleg og ánægjuleg. Stofnunin hefur á að skipa hæfum sérfræðingum og þann 8. desember hófst nýr þáttur í þessum samskiptum, þegar sérfræðingur frá stofnuninni heimsótti félagið og flutti erindi í Skeljanesi.

Á þessu ári hefur verið vaxandi VHF/UHF áhugi á meðal félagsmanna. Sumpart líklega vegna uppsetningar þeirra Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF3ARI og Sigurðar Smára Hreinssonar, TF8SM, á nýjum endurvarpa félagsins, TF8RPH, á Garðskaga þann 21. apríl en kannski ekki síður vegna ötulla kynninga Guðmunda Löve, TF3GL, á hugmynd sinni um VHF leika sem verða haldnir í fyrsta skipti helgina 6.-9. júlí í sumar. Þessi þróun er bæði jákvæð og spennandi og hefur m.a. komið til tals, að ástæða sé á ný að skipa í embætti VHF stjóra. Þá hafa neyðarfjarskipti verið á döfinni á starfsárinu. Þess á geta, að brátt verður opnað fyrir tilnefningar í starfshóp til að gera tillögur um stefnu félagsins í þessum málaflokki. Gengið var frá samþykkt þessa efnis á stjórnarfundi nr. 8 þann 17. febrúar.

Ársskýrsla Í.R.A. fyrir starfsárið 2011/12 tekur mið af ársskýrslum tveggja fyrri starfsára hvað varðar úrvinnslu, uppröðun og framsetningu efnis. Jákvæðar umsagnir og hvatning félagsmanna hafa leitt til þess, að undirritaður hefur haldið áfram á þeirri braut að þróa framsetninguna. Nýjung að þessu sinni er m.a. innsetning nýrra efniskafla ásamt númerasetningu þeirra. Þá bætist við nýr „Viðauki-C“ sem rúmar ljósmyndir sem voru teknar í 65 ára afmælisveislu félagsins þann 14. ágúst 2011. Viðaukar „A“ og „B“ eru óbreyttir að efnistökum.

Stjórn Í.R.A. og embættismenn áttu samskipti og samstarf við fjölmarga á starfárinu. Eðlilega eru okkar eigin félagsmenn fjölmennastir í þeim hópi, en ástæða er til að nefna farsæl samskipti við opinbera aðila, stofnanir og samtök hér á landi sem og erlendis, að ógleymdum forsvarsmönnum rekstraraðila sem félagið deilir með húsnæði í Skeljanesi. Hér með er komið á framfæri þakklæti og hlýjum kveðjum fyrir okkar hönd til þessa hóps.

Að lokum vil ég sérstaklega þakka samstarfsmönnum mínum í stjórn Í.R.A., hverjum og einum, frábært samstarf og ánægjulega persónulega viðkynningu í samskiptum er varða málefni félagsins.

Hvanneyri 15. maí 2012,

*Jónas Bjarnason, TF2JB,*
*formaður stjórnar Í.R.A.*

# 1. Stjórn, embættismenn og fundir

## STJÓRN, EMBÆTTISMENN, FUNDIR OG STARFSHÓPAR

### 1. STJÓRN Í.R.A.

Aðalfundur Í.R.A. 2011 var haldinn laugardaginn 21. maí að Hótel Sögu í Reykjavík. Í samræmi við 21. gr. félagslaga[1] fór fram kjör í stjórn fyrir starfsárið 2010-2011. Jónas Bjarnason, TF2JB, var endurkjörinn formaður. Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ og Benedikt Sveinsson, TF3CY, voru kjörnir stjórnarmenn til tveggja ára. Erling Guðnason, TF3EE og Guðmundur Sveinsson, TF3SG voru kjörnir varamenn til eins árs. Fyrir voru í stjórn til setu á síðara tímabili voru Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Gísli G. Ófeigsson, TF3G.

Ný stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi í samræmi við ákvæði í 9. gr. félagslaga[2] og var fundurinn haldinn þann 26. maí. Eftir skiptingu embætta var stjórnin eftirfarandi skipuð starfstímabilið 2011/2012: Jónas Bjarnason, TF2JB, formaður; Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ, varaformaður; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, ritari, Gísli G. Ófeigsson, TF3G, gjaldkeri og Benedikt Sveinsson, TF3CY, meðstjórnandi; Erling Guðnason, TF3EE, varastjórn og Guðmundur Sveinsson, TF3SG, varastjórn. Formaður og varastjórnarmenn eru kjörnir í beinni kosningu til eins árs á aðalfundi.

### 2. EMBÆTTISMENN

Í samræmi við 18. gr. laga, fór fram kjör á skoðunarmönnum reikninga á aðalfundi fyrir starfstímabilið 2011-2012. Þessir hlutu kjör: Óskar Sverrisson, TF3DC og Haukur Konráðsson, TF3HK, aðalmenn; Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, hlaut kjör til vara. Allir þrír voru endurkjörnir.

Stjórn Í.R.A. skipaði í önnur embætti vegna starfsársins á stjórnarfundi nr. 1/2011 þann 26. maí. Að stærstum hluta var um að ræða endurskipun embættismanna frá fyrra ári (2010-2011). Samþykkt var, á þeim fundi, að embættisheitið „Ritstjóri vefmiðla" væri óheppilegt enda ber stjórn Í.R.A. ritstjórnarlega ábyrgð á vefmiðlum félagsins. Þess vegna er embættið nefnt „Rekstrarstjóri vefmiðla" frá og með upphafi starfsársins 2011/2012. Á fundinum var embætti spjaldskrárritara lagt niður enda hefur aðalfundur breytt lögum þannig að spjaldskrárritun (þ.e. félagatal) er nú í höndum gjaldkera.

Á stjórnarfundi nr. 6/2011 þann 3. nóvember, var samþykkt að stofna til nýs embættis innan félagsins, svokallaðrar „EMC"[3] nefndar Í.R.A. Samþykkt var að skipa Sæmund E. Þorsteinsson, TF3UA, formann nefndarinnar og honum falið að velja með sér tvo félagsmenn til samstarfs. Á stjórnarfundi nr. 7/2011 þann 8. desember, var samþykkt tillaga Sæmundar þess efnis, að skipa þá Gísla G. Ófeigsson, TF3G og Yngva Harðarson, TF3Y til setu í nefndinni.

Á stjórnarfundi nr. 10/2012 þann 17. apríl var samþykkt að félagið standi fyrir VHF leikum sem haldnir verða fyrstu helgina í júlí ár hvert. Samþykkt var að skipa Guðmundur Löve, TF3GL, umsjónarmann leikanna og honum falið að ganga frá reglum þeirra og velja með sér félagsmenn til samstarfs.

---

[1] 21. grein. Fyrst skal kjósa formann til eins árs í senn. Næst skal kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára. Þá skal kjósa til eins árs í stað aðalmanna sem forfallast. Loks skal kjósa tvo varamenn.

[2] 9. grein (fyrri hluti greinarinnar). Stjórnina skipa: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnin hefur umboð aðalfundar til að stýra félaginu og sjá um samskipti við yfirvöld og önnur samtök. Stjórnin skiptir með sér verkum og setur aðstoðarmenn með skriflegri tilskipun. Þessu skal lokið svo fljótt sem auðið er og tilkynnt félagsmönnum. Einnig skal tilkynna skipun stjórnar til Póst- og fjarskiptastofnunar, IARU og NRAU.

[3] EMC = Electro Magnetic Compatibility.

*Stjórn og embættismenn Í.R.A. starfstímabilið 2011-2012.*

| EMBÆTTI | NAFN / KALLMERKI | LEYFISBRÉF |
|---|---|---|
| Formaður | Jónas Bjarnason, TF2JB | 80 |
| Varaformaður | Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ | 100 |
| Ritari | Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA | 90 |
| Gjaldkeri | Gísli G. Ófeigsson, TF3G | 105 |
| Meðstjórnandi | Benedikt Sveinsson, TF3CY | 200 |
| Varamaður í stjórn | Erling Guðnason | 187 |
| Varamaður í stjórn | Guðmundur Sveinsson | 315 |
| *Aðrir embættismenn* | | |
| Skoðunarmaður reikninga | Óskar Sverrisson, TF3DC | 99 |
| Skoðunarmaður reikninga | Haukur Konráðsson, TF3HK | 215 |
| Skoðunarmaður reikninga, til vara | Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS | 235 |
| Prófnefnd, formaður | Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX | 44 |
| Prófnefnd | Kristján Benediktsson, TF3KB | 41 |
| Prófnefnd | Kristinn Andersen, TF3KX | 91 |
| Prófnefnd | Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS | 235 |
| Prófnefnd | Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM | 196 |
| EMC nefnd, formaður | Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA | 90 |
| EMC nefnd | Gísli G. Ófeigsson, TF3G | 105 |
| EMC nefnd | Yngvi Harðarson, TF3Y | 89 |
| IARU tengiliður | Kristján Benediktsson, TF3KB | 41 |
| PFS tengiliður | Jónas Bjarnason, TF2JB | 80 |
| Ritstjóri CQ TF | Kristinn Andersen, TF3KX | 91 |
| Neyðarfjarskiptastjóri | Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA | 46 |
| Rekstrarstjóri vefmiðla | Benedikt Sveinsson, TF3CY | 200 |
| Umsjónarmaður námskeiða | Kjartan Bjarnason, TF3BJ | 100 |
| Viðurkenningastjóri | Brynjólfur Jónsson, TF5B | 125 |
| Stöðvarstjóri TF3IRA (til 17. febrúar 2012) | Benedikt Sveinsson, TF3CY | 200 |
| Umsjónarmaður endurvarpa | Guðmundur Sigurðsson, TF3GS | 251 |
| Umsjónarmaður endurvarpa | Sigurður Harðarson, TF3WS | 218 |
| Umsjónarmaður endurvarpa | Þór Þórisson, TF3GW | 126 |
| QSL Stjóri; útsend kort | Guðmundur Sveinsson, TF3SG | 315 |
| QSL Stjóri, innkomin kort | Bjarni Sverrisson, TF3GB | 180 |
| TF útileikar, umsjónarmaður | Bjarni Sverrisson, TF3GB | 180 |
| TF útileikar | Kristinn Andersen, TF3KX | 91 |
| TF útileikar | Brynjólfur Jónsson, TF5B | 125 |
| VHF leikar, umsjónarmaður | Guðmundur Löve, TF3GL | 321 |

Sérstök tilvísan er í lögum félagsins hvað varðar tiltekin embætti. Þau eru talin upp hér á eftir: Skoðunarmenn reikninga (18. gr.[4]); prófnefnd (23. gr.[5]); rekstur QSL þjónustu (24. gr.[6]) og útgáfa CQ TF (25. gr.[7]).

[4] 18. grein. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.

[5] 23. grein. Hlutverk prófnefndar félagsins er að: (1) Halda próf sem Í.R.A. er falin umsjón með. (2) Veita upplýsingar um prófkröfur og námsefni. Í prófnefnd sitja 5 menn, Leyfishafar að meirihluta, skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.

[6] 24. grein. Reka skal QSL þjónustu fyrir félagsmenn. QSL stjóri er skipaður af stjórn og fer með fjármál þjónustunnar. Reksturinn skal kostaður af hóflegu gjaldi á útsend kort.

[7] 25. grein. Félagið skal halda úti blaði með heitinu CQ TF. Minniháttar útgáfu blaðsins má auðkenna sem fréttabréf. Stjórn skipar ritstjóra. Hann sér til þess að haldið sé saman tveimur söfnum blaðanna, annað aðgengilegt félagsmönnum, en hitt í vörslu ritstjóra á hverjum tíma.

**3. STJÓRNARFUNDIR**

Stjórn Í.R.A. hélt alls 11 stjórnarfundi á starfsárinu 2011/2012. Fyrsti fundur var haldinn þann 26. maí 2011 og síðasti fundur þann 8. maí 2012. Allir fundirnir voru haldnir í félagsaðstöðunni í Skeljanesi utan einn, sem haldinn var á heimili formanns á Hvanneyri í Borgarfirði.



*Fundir í stjórn Í.R.A. eru jafnan haldnir í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.*

Fundargerðir stjórnar eru hengdar upp (eftir samþykkt) á upplýsingatöflu í fjarskiptaherbergi í félagsaðstöðu í Skeljanesi sem er í samræmi við ákvæði í 9. gr. félagslaga.[8] Að auki, eru fundargerðir stjórnarfunda birtar jafnóðum í félagsritinu CQ TF og loks fundargerðir starfsársins í heild, í sérstökum Viðauka-A með ársskýrslu Í.R.A. 2011/2012. Að liðnum aðalfundi, er ársskýrslan síðan aðgengileg á rafrænu formi heimasíðu félagsins, vefslóð: www.ira.is.

*Yfirlit yfir fundi stjórnar Í.R.A. starfstímabilið 2011-2012.*

| STJÓRNARFUNDIR | DAGSETNING | FUNDARSTAÐUR |
|---|---|---|
| Fundur nr. 1/2011 | 26. maí | Skeljanes |
| Fundur nr. 2/2011 | 5. júní | Skeljanes |
| Fundur nr. 3/2011 | 19. júlí | Skeljanes |
| Fundur nr. 4/2011 | 2. september | Hvanneyri |
| Fundur nr. 5/2011 | 6. október | Skeljanes |
| Fundur nr. 6/2011 | 3. nóvember | Skeljanes |
| Fundur nr. 7/2011 | 8. desember | Skeljanes |
| Fundur nr. 8/2012 | 17. febrúar | Skeljanes |
| Fundur nr. 9/2012 | 9. mars | Skeljanes |
| Fundur nr. 10/2012 | 17. apríl | Skeljanes |
| Fundur nr. 11/2012 | 8. maí | Skeljanes |

[8] 9. grein. Stjórnina skipa: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnin hefur umboð aðalfundar til að stýra félaginu og sjá um samskipti við yfirvöld og önnur samtök. Stjórnin skiptir með sér verkum og setur aðstoðarmenn með skriflegri tilskipun. Þessu skal lokið svo fljótt sem auðið er og tilkynnt félagsmönnum. Einnig skal tilkynna skipun stjórnar til Póst- og fjarskiptastofnunar, IARU og NRAU. Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Hann er talsmaður félagsins. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Hann sinnir starfsáætlun og framkvæmd hennar. Ritari sér til þess að bréfleg erindi fái afgreiðslu, sinnir fundargerðum og heldur gögnum til haga. Skrifi aðrir í nafni félagsins er þeim skylt að láta ritara í té eintak. Ritari sér til þess að afrit af fundargerðum og erindum sem varða marga liggi jafnóðum fyrir í félagsheimili. Gjaldkeri innheimtir félagsgjöld, varðveitir sjóði og annast greiðslur í samráði við stjórn. Gjaldkeri heldur rétt félagatal á hverjum tíma og varðveitir eldri skrár. Hann sér um útgáfu félagatals. Varamenn sitja stjórnarfundi í forföllum. Segi stjórnarmaður af sér milli aðalfunda tekur varamaður við og gengur sá fyrir sem flest atkvæði hlaut á aðalfundi, ella ræður hlutkesti. Tveir stjórnarmenn geta boðað til stjórnarfundar án atbeina formanns sjái þeir ástæðu til.

## 4. STARFSHÓPAR, NEFNDIR

Á aðalfundi félagsins árið 2010 stóð til að starfshópur um endurúthlutun kallmerkja sem skipaður var á aðalfundi fyrra árs (2009) skilaði tillögum til fundarins. Verkefni starfshópsins var að vinna samkvæmt eftirfarandi samþykkt þess fundar:

*„Engar skráðar reglur eru til um hversu langur tími þarf að líða uns stjórnvöld geta endurúthlutað kallmerki, t.d. í kjölfar þess að lykill leyfishafa hljóðnar (þ.e. leyfishafi deyr). Hér geta komið til mörg álitamál. Einn leyfishafi kann t.d. að hafa verið mjög virkur, annar leyfishafi kann t.d. að hafa verið óvirkur, tekið út leyfisbréf og greitt fyrir það en aldrei notað kallmerkið“.*

Á aðalfundi 2010, kom í ljós, að starfshópurinn hafði þríklofnað í afstöðu sinni til verkefnisins og í raun ekki starfað nema hluta skipunartímans. Formlegu áliti eða formlegum sérálitum var ekki til að dreifa. Í ljósi þessa, samþykkti aðalfundur að vísa málinu til viðtakandi stjórnar. Málið var reyndar ekki tekið til afgreiðslu innan stjórnar á starfsárinu 2010/2011. Frá því var skýrt á aðalfundi 2011 (sbr. ársskýrslu 2010-2011, bls. 11) sem dreift var á aðalfundinum. Á þeim fundi (2011) var gerð fyrirspurn um stöðu málsins og í framhaldi, sett fram gagnrýni á óbreytta stöðu þess. Það kom þar með í hlut viðtakandi stjórnar stafsárið 2011/2012 að taka verkefnið til afgreiðslu.

Málið var formlega tekið á dagskrá á stjórnarfundi nr. 8/2012, þann 10. febrúar. Á þeim fundi var samþykkt, að tillögu formanns, að ekki væri ástæða til að hreyfa við þessu máli, a.m.k. ekki að sinni þar eð hvorki hafi komið upp álitamál eða umfjöllun af þessu tagi, a.m.k. síðastliðin þrjú ár. Þess má geta, að flutningsmaður tillögunnar um skipan starfshóps til umfjöllunar um endurúthlutun kallmerkja á aðalfundi 2009 var sá hinn sami, eða TF2JB.

Framkvæmdanefnd Vita- og vitaskipahelgar 2011 var endurskipuð á stjórnarfundi nr. 3/2011, þann 19. júlí. Þeir sem hlutu skipan voru Sveinn Bragi Sveinsson, TF3SNN, formaður; Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA og Sigurður Smári Hreinsson, TF3SM. Sveinn Bragi sagði sig frá störfum í nefndinni viku fyrir vitahelgina og tók Sigurður Smári Hreinsson við þeim störfum. Hann naut einkum aðstoðar félagsmanna sem búsetu á Suðurnesjum við endanlegan undirbúning, þar sem Jón Þóroddur þurfti að fara erlendis skömmu fyrir viðburðinn.

## 5. FÉLAGSFUNDIR

Eiginlegur félagsfundur, í skilningi 14. gr. félagslaga[9] var ekki haldinn á starfsárinu. Á hinn bóginn var efnt til svokallaðs „sérstaks fimmtudagsfundar“ 15. september og var hann undirbúinn á stjórnarfundi nr. 4/2011 þann 2. september.



*Á fjórða tug félagsmanna mættu á sérstakan fimmtudagsfund sem haldinn var í félagsaðstöðunni í Skeljanesi þann 15. september. Ljósmynd: TF2JB.*

---

[9] 14. grein. Stjórn boðar til almennra félagsfunda. Henni er skylt að gera það ef 12 leyfishafar hið minnsta æska þess. Félagsfundi skal ætíð halda seinnipart laugardags sé þess nokkur kostur. Boða skal til félagsfunda með a.m.k. viku fyrirvara nema í algerum neyðartilfellum. Rita skal fundargerð félagsfundar og birta með sama hætti og fundargerð aðalfundar.

Á fimmtudagsfundinum fór fram kynning á fyrri hluta vetrardagskrár félagsins starfsárið 2011/2012 fyrir tímabilið október/desember og kynning á helstu alþjóðlegum keppnum veturinn 2011-2012, auk dagskrárliðar um svokallaða „opna málaskrá". Þriðji dagskrárliðurinn var nýjung, þ.e. einskonar opinn vettvangur fyrir skoðanaskipti á milli stjórnar og félagsmanna. Þessi nýjung heppnaðist vel og var fundurinn mjög jákvæður. Umræðum slitið kl. 22:20. Á fjórða tug félagsmanna sóttu fundinn.




*Meðal gesta í afmæliskaffi Í.R.A. þann 14. ágúst í Skeljanesi var Stefán Arndal TF3SA og fjölskylda. Myndin er tekin í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Frá vinstri: Rósa Kristjánsdóttir (XYL TF3SA), Stefán Arndal TF3SA, Elísabet Arndal og Breki Gunnarsson Arndal. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3LMN.*

**6. AFMÆLISFUNDUR; SÓLRÍKUR SUNNUDAGUR Í SKELJANESI.**
65 ár voru liðin frá stofnun Í.R.A. þann 14. ágúst 2011. Í tilefni þess var haldið kaffiboð fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra á afmælisdaginn (sem bar upp á sunnudag) í aðstöðu félagsins í Reykjavík. Alls mættu rúmlega 60 manns í Skeljanesið af þessu tilefni og þáðu þjóðlegar veitingar, þ.e. rjúkandi kaffi, íslenskar vöfflur og pönnukökur með sultu, þeyttum rjóma, vanilluís og súkkulaði, auk þess sem konfekt var boðið á eftir.

Félagsaðstaðan var opin á milli kl. 14 og 18 og var góð dreifing í mætingu. Ánægjulegt var hversu margir félagsmenn mættu í Skeljanesið ásamt fjölskyldum sínum þennan sólríka sunnudag. Stjórn Í.R.A. þakkar félagsmönnum góðar undirtektir og Jóni Svavarssyni, TF3LMN, myndatökuna. Sjá fleiri ljósmyndir frá afmælinu í viðauka-c með skýrslunni.

**7. FUNDIR MEÐ PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN**
Póst- og fjarskiptastofnun kallaði eftir samráði við hagsmunaaðila um nýja tíðnistefnu til næstu fjögurra ára (2011-2014) á heimasíðu stofnunarinnar þann 1. júlí 2011. Frestur var gefinn til að skila umsögnum og athugasemdum til 19. ágúst. Skjal stofnunarinnar þessa efnis, ásamt sérstöku umræðuskjali um farnetsþjónustur og úthlutun tilheyrandi tíðnisviða var til kynningar á heimasíðu Í.R.A. frá 7. júlí. Efni tíðnistefnunnar sem sérstaklega varðar radíóamatöra, er birt í kafla 6.11 í eftirfarandi texta:

*"6.11 Radíóáhugamannaþjónusta. Þjónusta fyrir radíóáhugamenn (radíóamatöra) er viðurkennd af hálfu ITU með formlegri þjónustuskilgreiningu í fjarskiptareglum og sérstaklega úthlutuðu tíðnisviði fyrir þá. Það er mat PFS að auka þurfi fræðslu og eftirlit með þessari þjónustu og meta hvort ástæða sé til að endurskoða hámarkssendistyrk sem leyfður er í þéttbýli Þá verður metið hvort ástæða er til að gera kröfur um tiltekna lágmarksfjarlægð loftnets frá íbúðarhúsnæði m.t.t. alþjóðlegra viðmiða".*

Stjórn Í.R.A. fjallaði um þau fjögur meginatriði tíðnistefnunnar sem snerta radíóamatöra, þ.e. mat stofnunarinnar um þörf á aukinni fræðslu, aukið eftirlit, hvort ástæða sé til að endurskoða hámarkssendistyrk í þéttbýli og lágmarksfjarlægð loftnets frá íbúðarhúsnæði. Í framhaldi umfjöllunar um þessi atriði, var formlega fjallað um málið á stjórnarfundi nr. 3/2011, þann 19. júlí og samþykkt, að óska eftir samráðsfundi með fulltrúum stofnunarinnar.

Sérstakur samráðsfundur var síðan haldinn með fulltrúum Póst- og fjarskiptastofnunar þann 16. ágúst, þar sem m.a. var farið yfir framangreind meginatriði. Það er mat stjórnar félagsins að fundurinn hafi verið gagnlegur og þjónað þeim tilgangi að efla skilning hjá báðum aðilum. Meðal þeirra atriða sem aðilar voru ásáttir um, var að halda samráðsfund einu sinni á ári (eða oftar). Í annan stað mun stofnunin verða félaginu innan handar um sérhæft fræðsluefni. Sem dæmi um þá samvinnu, var erindi Bjarna Sigurðssonar um útgeislunarhættu frá loftnetum í tíðnisviðum radíóamatöra, sem haldið var í félagsaðstöðunni í Skeljanesi þann 8. desember. Fulltrúar Í.R.A. á fundinum voru Jónas Bjarnason, TF3JB, Kristján Benediktsson, TF3KB, Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX.

Aðrir fundir með starfsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunar á starfsárinu voru óformlegir og annaðist formaður þau samskipti sem skipaður tengiliður félagsins og stofnunarinnar. Fundir voru allir símafundir. Til umfjöllunar voru m.a. tíðni- og kallmerkjamál, prófmál og önnur atriði er varða starfsemina.

Eitt þessara mála mál stóð upp úr í þessum samskiptum, en það var frumvarp um nýtt amatörband á 600 metrunum sem alþjóðasamtökin (IARU) höfðu lagt mikla áherslu á að yrði lagt fyrir á Alþjóðlegu radíófjarskiptaráðstefnu Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU), WRC-12, (World Radiocommunication Conference 2012) sem haldin var í Genf í Sviss í janúar-febrúar 2012. Tengiliður Í.R.A. hafði verið í sambandi við fulltrúa stofnunarinnar frá því í byrjun árs 2011 vegna frumvarpsins og síðan tíðar, þegar ljóst varð að frumvarp nr. 1.23 yrði tekið á dagskrá á WRC-12. Fulltrúar Í.R.A. á norrænum og evrópskum fundum, TF3KB og TF3SG, höfðu einnig unnið að málinu í maí og júnímánuðum 2011 (sjá um fjöllun um fundi erlendis í næsta kafla). Stjórn félagsins fékk jafnóðum upplýsingar um stöðu og þróun mála erlendis sem og hér heima og var umfjöllun kynnt í vefmiðlum félagsins, fyrst þann 5. nóvember og síðan þann 14. febrúar, auk umfjöllunar í 1. og 2. tbl. CQ TF 2012 (sbr. umfjöllum TF2JB og TF3KB). Líkt og þar kemur m.a. fram, studdi sendinefnd Póst- og fjarskiptastofnunar á ráðstefnunni frumvarpið um nýja amatörbandið. Póst- og fjarskiptastofnun voru færar formlegar þakkir félagsins þann 5. mars fyrir stuðning við málið.

WRC-12 ráðstefnan stóð yfir í þrjár vikur og lauk þann 17. febrúar. Frumvarp nr. 1.23 um nýtt amatörband í tíðnisviðinu 472-479 kHz hlaut jákvæða niðurstöðu á ráðstefnunni. Nýja bandið verður heimilað á víkjandi grundvelli. Hámarksútgangsafl miðast við 1W (EIRP) en leyfishafar í löndum, þar sem landfræðileg lega er umfram 800 km frá tilgreindum þjóðlöndum munu geta sótt um heimild fyrir allt að 5W (EIRP).

Nánar er gerð gein fyrir samskiptum Í.R.A. og Póst- og fjarskiptastofnunar í 9. kafla skýrslunnar svo og í fundargerðum stjórnar í Viðauka-A.

**8. FUNDIR ERLENDIS**

Guðmundur Sveinsson, TF3SG, var fulltrúi Í.R.A. á óformlegum fundi þann *24. júní* með framkvæmdanefnd IARU Svæðis 1 og fulltrúum annarra landsfélaga svæðisins. Fundurinn fór fram í Friedrichshafen í Þýskalandi í tengslum við sýninguna Ham Radio 2011. Á fundinum var m.a. rætt um hugsanlegt nýtt 500 kHz band og um undirbúning ráðstefnu IARU Svæðis 1 í Suður-Afríku. Á fundinum ræddi Guðmundur m.a. um neyðarfjarskipti við Michael Becker, DJ9OZ, neyðarfjarskiptastjóra DARC. Þetta var þriðja árið í röð sem TF3SG sækir þennan fund á vegum félagsins, en hann sat hann fyrst sem varaformaður Í.R.A. árið 2009.



*Hópmynd af þátttakendum á NRAU fundinum í Hurdal í maí 2011. Frá vinstri: Eric Lund, SM6JSM, framkvæmdastjóri SSA; Hans Pyndt, OZ5DX, HF Manager EDR; Kjell Jarl, SM7GVF, VHF/UHF Manager SSA; Helge Karlsen, LA1BR, IARU tengiliður NRRL; Hans Utne, LA6IM, Digital Manager NRRL; Stein-Roar Brobakken, LA6FJA, í stjórn og HF keppnisnefnd NRRL; Rune Wande, SM5COP, HF Manager SSA; Ivan Stauning, OZ7IS, VHF/UHF Manager EDR; Jan Almedal, LB1G, ritari NRRL; Øyvind E. Solli, LA1KP, formaður NRRL; Kristján Benediktsson, TF3KB, IARU tengiliður Í.R.A.; Anders Larsson, SM6CNN, varaformaður SSA; Paul Wanderås, LA5FRA, í stjórn NRRL; og formaður Oslo grúppu NRRL; og Tom Victor Segalstad, LA4LN, HF Manager og HF ritstjóri NRRL. Ljósmynd: Paul Henrik Wanderås, LA5FRA.*

Kristján Benediktsson, TF3KB, var fulltrúi Í.R.A. á fundi Nordisk Radio Amateur Union (NRAU) í Hurdal í Noregi dagana 20.-22. maí. Á dagskrá voru til umfjöllunar hefðbundin málefni norrænu landsfélaganna og mál til undirbúnings ráðstefnu IARU Svæðis 2011. Þessir fundir Norrænu landsfélaganna eru haldnir á þriggja ára fresti (ætíð á sama ári og ráðstefna IARU Svæðis 1) og hittast fulltrúar félaganna þá til undirbúnings fyrir ráðstefnu IARU svæðis 1, auk þess sem fjallað er um samnorræn málefni. Ferðastyrkur til Í.R.A. vegna fundarins var verulegur, eða 80% hluti kostnaðar.

**9. IARU, IARU SVÆÐI 1 OG NRAU**

Stjórn félagsins átti ágæt samskipti á starfsárinu við *International Amateur Radio Union (IARU)* sem eru alþjóðasamtök 160 landsfélaga radíóamatöra. Það sama á við um *IARU Region 1* sem eru samtök landsfélaga radíóamatöra á félagssvæði 1, þ.e. í Evrópu, Afríku, Miðausturlöndum og norðurhluta Asíu. Þá voru einnig ágæt samskipti við *Nordic Radio Amateur Union (NRAU)* sem eru samtök landsfélaga radíóamatöra á Norðurlöndum.

Ráðstefnur IARU Svæðis 1 hafa verið haldnar á þriggja ára fresti frá árinu 1950 og var 22. ráðstefna svæðisins haldin í Sun City í S-Afríku dagana 13.-17. ágúst 2011. Hugmynd stjórnar Í.R.A. var að standa að því að senda Kristján Benediktsson, TF3KB, IARU tengilið félagsins á ráðstefnuna. Til að fylgja því máli eftir, var sótt um ferðastyrk til framkvæmdanefndar Svæðis 1. Framkvæmdanefndin samþykkti á fundi sínum 23.-24. apríl að veita Í.R.A. fjárhagsstyrk (CHF 1000) vegna hluta ferðakostnaðar fulltrúa á ráðstefnuna. Þegar nær dró fundi varð ljóst, að framangreind styrkfjárhæð mundi hrökkva skammt. Í framhaldi var horfið frá því að senda fulltrúa á ráðstefnuna og systurfélagi okkar í Noregi, *Norsk Radio Relæ Liga (NRRL)* veitt umboð til að fara með atkvæði okkar í S-Afríku.



*Framkvæmdanefnd IARU Svæðis-1 2011-2014. Hans Blondeel Timmerman, PB2T (formaður) er þriðji frá vinstri. Aðrir stjórnarmenn: Hani Raad, OD5TE (varaformaður), Dennis Green, ZS4BS (ritari) er fjórði frá vinstri, Andreas Thiemann, HB9JOE (gjaldkeri), Thilo Kootz, DL9KCE (meðstjórnandi), Colin Thomas, G3PSM (meðstjórnandi), Nikola Percin, 9A5W (meðstjórnandi), Anders Larsson, SM6CNN (meðstjórnandi) og Panayot Danev, LZ1US (meðstjórnandi).*

Erindi barst til félagsins þann 31. mars 2012 frá Hans B. Timmerman, PB2T, formanni framkvæmdanefndar IARU Svæðis 1 þess efnis, að Reykjavík hafi orðið fyrir valinu sem fundarstaður fyrir fund framkvæmdanefndar svæðisins, dagana 4.-5. maí 2013. Það er mikill fengur fyrir fyrir íslenska radíóamatöra að fá fund af þessu tagi til landsins, ekki síst þar sem hann er góð kynning gagnvart aðilum sem þessum, sem eru áhrifamiklir þegar kemur að því að tilnefna fundarstað fyrir ráðstefnur svæðisins sem haldnar eru á 3 ára fresti. Undirbúningsvinna að því að fá fundinn haldinn hér á landi var í höndum Kristjáns Benediktssonar, TF3KB, IARU tengiliðar Í.R.A. Stjórn Í.R.A. þakkar Kristjáni frábæran árangur í að leiða verkefnið farsællega til lykta.

## 10. TEGUND FÉLAGSAÐILDAR OG FJÖLDI FÉLAGSMANNA

Félagsaðild að Í.R.A. er í meginatriðum tvennskonar. Fólk 16-66 ára greiðir fullt árgjald og fólk 67 ára og eldra og að 16 ára aldri, greiðir hálft gjald. Heiðursfélagar njóta gjaldfrjálsrar aðildar. Þá getur stjórn hverju sinni, heimilað fyrsta ár félagsaðildar án greiðslu.[10]

*Tegund félagsaðildar og árgjald.*

| NR. | TEGUND FÉLAGSAÐILDAR | FÉLAGSGJALD |
|---|---|---|
| 1. | Heiðursfélagar | Gjaldfrjáls aðild |
| 2. | Félagsmenn, 16-66 ára | 1/1 árgjald |
| 2.a | Sama tegund aðildar og nr. 2 – en sem nýir félagar á tímabilinu ágúst-mars [a] | 1/2 árgjald |
| 3. | Félagsmenn 67 ára og eldri, makar félagsmanna og yngra fólk en 16 ára | 1/2 árgjald |
| 3.a | Sama tegund aðildar og nr. 3 – en sem nýir félagar á tímabilinu ágúst-mars [a] | 1/4 árgjald |
| 4. | Nýir félagsmenn; stjórn getur heimilað fyrsta ár félagsaðildar án greiðslu [b] | Gjaldfrjáls aðild |

[a] Samkvæmt 5. gr. félagslaga liggur afgreiðsla inntökubeiðna niðri á milli fyrsta apríl og fyrsta fundar nýkjörinnar stjórnar.
[b] Samkvæmt 8. gr. félagslaga fylgir félagsaðild á þessum kjörum hvorki kjörgengi né kosningaréttur.

---

[10] 8. grein. Félagsgjöld miðast við fjárhagsár félagsins. Makar félagsmanna, þeir sem eru 67 ára og eldri og yngra fólk en 16 ára greiði hálft árgjald. Stjórn er heimilt að bjóða nýjum félögum 1. árið án félagsgjalds, þá án kjörgengis og kosningaréttar. Undanþegnir greiðslu eru heiðursfélagar. Gjalddagi er 1. júní ár hvert og eindagi 1. september. Fjárhæð félagsgjalda skal ákveðin á aðalfundi viðkomandi árs. Þegar félagsgjöld tveggja ára eru fallin ógreidd í eindaga er stjórn skylt að taka viðkomandi félagsmann af skrá að undangenginni bréflegri aðvörun. Skuld hans skal afskrifuð í bókhaldi félagsins.

Árgjaldaár (sama og félagsár) Í.R.A. nær yfir tímabilið júní-maí. Nýir félagar sem ganga til liðs við félagið á 8 mánaða tímabilinu ágúst til mars, greiða hálft árgjald (sjá töflu að framan).




Félagsgjald í Í.R.A. hefur verið óbreytt fjárhæð síðastliðin þrjú ár, eða 4.000 krónur, félagsárin 2009/10, 2010/11 og 2011/12. Félagsgjald fyrir árið 2008/09 var 5.000 krónur, en á aðalfundi 2009 var ákveðið að færa gjaldið niður um 20% í ljósi efnahagshrunsins árið áður.

Skráðum félagsmönnum í Í.R.A. fjölgaði um 14% á þriggja ára tímabilinu frá 2009-2012. Í lok fjárhagsárs 2011/12 (þann 31. mars 2012) voru skráðir félagsmenn þannig alls 209 talsins. Í þessum samanburði eru meðtaldir heiðursfélagar og gjaldfríir félagsmenn á fyrsta ári aðildar. Hlutfall félagsmanna 67 ára (eða eldri) var 14,4% og hlutfall gjaldfrjálsra félagsmanna á fyrsta ári aðildar var 3%. Konur í félaginu eru 2% félagsmanna.




*Úr félagsstarfinu. Brynjólfur Jónsson TF5B viðurkenningastjóri Í.R.A. í Skeljanesi 22. maí 2011. Ljósmynd: TF2JB.*



*Úr félagsstarfinu. Þór Þórisson TF3GW og Halldór Christensen TF3GC á góðri stundu í Skeljanesi. Ljósm.: TF3LMN.*



*Úr félagsstarfinu. Bjarni Sverrisson TF3BG, Vilhjálmur Þ. Kjartansson TF3DX og Stefán Arndal TF3SA. Ljósm.: TF2JB.*

# 2. Félagsaðstaðan við Skeljanes

## SETUSTOFA, FJARSKIPTAHERBERGI, QSL OG SMÍÐAAÐSTAÐA

**1. FRAMKVÆMDIR Í SETUSTOFU**

Á fyrra starfsári (2010-2011) var til prufu ný uppröðun stóla í setustofu þegar haldnir eru fundir eða efnt er til fyrirlestra. Stólum var þá raðað frá vegg sem snýr að Skeljanesi fram fyrir súlu (þar sem kaffivélar eru staðsettar). Fyrirkomulagið gafst vel og var það verkefni þróað áfram á þessu starfsári (2011-2012), þannig að salurinn getur nú rúmað allt að 40 manns í sæti. Skjávarpi er þá staðsettur á borði við bókaskáp og kastar mynd á gluggavegg (sem snýr út að porti bak við húsið). Í annan stað, þegar þörf krefur, má flytja tússtöflu annars staðar frá í rýminu og staðsetja í gluggakistu. Þetta fyrirkomulag hefur gefist mjög vel.

**2. BÆTT AÐGENGI AÐ TÍMARITAEIGN.**

Í hverjum mánuði berast félaginu 9 tímarit frá jafn mörgum landsfélögum radíóamatöra víða um heim. Tímaritin liggja frammi í félagsaðstöðunni við Skeljanes þar sem félagsmenn hafa aðgang að þeim, auk þess sem mönnum gefst kostur á að taka ljósrit upp úr þeim frítt – m.a. í stærðinni A3, sem til dæmis getur tekið heila opnu í QST yfir á eitt ljósritunarblað.



*Bókaskápurinn eftir breytingu. Hvert tímarit hefur nú sína eigin hillu. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF2JB.*

Í janúarmánuði bárust félaginu að gjöf 40 vandaðar innstungumöppur úr harðplasti. Í tilefni þess, brettu stjórnarmenn upp ermar þann *31. janúar* og var komið á skipulagi og nýrri uppröðun tímaritaeignar félagsins í bókaskáp í samkomusal/setustofu á 1. hæð í Skeljanesi.

Eftir breytingu, hefur hvert tímarit eigin hillu sem er merkt með nafni þess. Árgangar tímaritanna *CQ DL*, *QST*, *RadCom* og norrænu tímaritanna *OZ*, *Amatør Radio* og *QTC* liggja frammi fyrir árin 2008-2012, en tímaritin *Radioamatööri*, *Radio REF* og *Radio Rivista* liggja frammi fyrir árin 2010-2012. Eldri áragangar hafa verið fluttir í geymslu.

*Yfirlit yfir tímarit sem félaginu berast og liggja frammi í félagsaðstöðunni í Skeljanesi*

| TÍMARIT | ÚTGEFANDI | TUNGUMÁL | ÚTGÁFUTÍÐNI |
|---|---|---|---|
| CQ TF | Í.R.A. Íslenskir radíóamatörar | Íslenska | Ársfjórðungslega |
| OZ | EDR Experimenterende Danske Radioamatører | Danska | Mánaðarlega |
| Amatør Radio | NRRL Norsk Radio Relæ Liga | Norska | Mánaðarlega |
| QTC | SSA Föreningen Sveriges Sändareamatörer | Sænska | Mánaðarlega |
| Radioamatööri | SRAL Suomen Radioamatööriliitoo OY | Finnska | Mánaðarlega |
| QST | ARRL American Radio Relay League | Enska | Mánaðarlega |
| RadCom | RSGB Radio Society of Great Britain | Enska | Mánaðarlega |
| CQ DL | DARC Deutscher Amateur-Radio-Club e.V. | Þýska | Mánaðarlega |
| Radio REF | REF Réseau des Émetteurs Français | Franska | Mánaðarlega |
| Radio Rivista | ARI Associazone Radioamatori Italiani | Ítalska | Mánaðarlega |




*Hver hylla er sérmerkt viðkomandi tímariti.*




*Sérhver innstungumappa rúmar einn árgang.*

## 3. AUKIÐ RÝMI Í SAL

Sama dag og aðgengi að tímaritaeign félagsins var endurbætt, þann *31. janúar*, var gerð bragarbót í öðrum enda samkomusalar félagsins á 1. hæð í Skeljanesi. Þá var ákveðið að færa ísskáp félagsins í eldhúsaðstöðu í salnum – og í hans stað eru komnir stólarnir þrír við ljósritunarvélina.



*Ísskápurinn var áður staðsettur þar sem stólunum þremur hefur nú verið komið fyrir.*

Við breytinguna „létti“ töluvert yfir salnum eins og sjá má á meðfylgjandi ljósmynd. Salurinn var síðan „prufu-keyrður“ um viku síðar, eða þann 9. febrúar þegar TF3CW og TF3Y voru með erindi um alþjóðlegar keppnir.





*Stjórnarmenn vinna við flutning á milli herbergja í Skeljanesi þann 21. nóvember. Mynd 1: Benedikt Sveinsson, TF3CY og Guðmundur Sveinsson, TF3SG við húsgagnaflutninga. Mynd 2: Við samsetningu húsgagna, Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA lítur upp frá verkinu. Mynd 3: Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ og Guðmundur Sveinsson, TF3SG, festa QSL skáp félagsins á vegg í nýja herberginu. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF2JB.*

## 4. AUKIN OG BÆTT HÚSNÆÐISAÐSTAÐA Í SKELJANESI.

Fimmtudaginn 24. nóvember var vígt nýtt húsnæði félagsins á 2. hæð í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Um er að ræða flutning á sameiginlegri aðstöðu QSL Bureau'sins og smíða-aðstöðunnar í hornherbergi á hæðinni (þar sem fjarskiptaherbergi félagsins var staðsett til ársins 2008). Það sem gerst hefur í millitíðinni er, að samningar náðust um makaskipti á herbergjum á milli Í.R.A. og ORG Ættfræði-þjónustunnar (sem einnig hefur aðstöðu í Skeljanesi).



*Myndin sýnir innlit í nýja herbergið frá hurðaropi við gang. Bent er á, að sjá má í hurðarhún í horninu lengst niðri til hægri á myndinni til að átta sig betur á afstöðunni. Ljósmynd: Jón Svavarsson, TF3LMN.*

Ávinningur félagsins af þessum skiptum er hentugra herbergi fyrir QSL Bureau félagsins og smíðaaðstöðu, auk þess sem rými fæst til ráðstöfunar fyrir aðstöðu sérhæfðs búnaðar fyrir fyrirhugaðan fjarskiptahóp innan félagsins um svokölluð "veik fjarskipti" (e. *weak signal communi-cations*). Nýja herbergið er um 4m$^2$ stærra að flatarmáli, auk þess sem gluggi er mun stærri en í eldra rými sem gerir herbergið bjart og vistlegt.

Rúmgott er um smíða-aðstöðuna í nýja herberg-inu og þrátt fyrir að lofthæð sé nokkru minni þar sem veggurinn er tekinn inn (vegna kvistsins), finnst ekkert fyrir því þegar sest er niður við 180 cm langt vinnuborðið. Að sama skapi er aðgengi að QSL skáp kortastofunnar mun betra en áður, auk þess sem aðstaða fyrir innkomin kort og kort til útsendingar og rúmast nú á sama stað.




Við flutningana var komið fyrir nýju skilti með nafni kortastofunnar ofan við QSL skápinn sem félaginu var fært að gjöf.

Á myndinni má einnig sjá að að QSL skilagreinum og tilheyrandi umslögum hefur verið komið fyrir á veggnum vinstra megin við skápinn, sem er til þæginda fyrir notendur.



Loks má sjá nýjan söfnunarkassa fyrir kort til útsendingar, hægra megin við skápinn. Eftir þessa breytingu geta félagsmenn rekið QSL tengd erindi sín á sama stað í húsnæðinu. Þess má geta, að við flutningana var endanlega lokið vinnu við endurmerkingu QSL skápsins eftir kallsvæðum, þ.e. TF1, TF2 o.s.frv. um leið og hólfum var bætt við fyrir þá leyfishafa sem hafa komið inn nýir undanfarna mánuði. Nýtt fyrirkomulag við merkingu hólfanna tryggir ennfremur, að í framtíðinni verður ekki um bið að ræða eftir hólfi þegar nýr leyfishafi bætist í hópinn.



Rúmgott er um smíða-aðstöðuna í nýja herberginu. Stöðin á smíðaborðinu er Heathkit HW-101 CW/SSB 100W sendi-/móttökustöð fyrir 10-80 metra böndin frá árinu 1970. Kostnaður félagssjóðs vegna flutninga í nýja herbergið, þ.m.t. kaup á nýjum bókaskáp, málningu og fleiru var alls 19.320 krónur.

*Ljósmyndir á þessari blaðsíðu: TF2JB.*

**5. BÆTT VINNUAÐSTAÐA.**
Félagssjóður festi kaup á nýju vinnuborði fyrir vinnuaðstöðu QSL managers í byrjun október. Keypt var borð af gerðinni „Mellitorp“ hjá IKEA, í stærð-inni 125x75 cm. Borðplata er húðuð með efninu „melamíni“ sem þýðir að yfirborð rispast ekki og er auðvelt að þrífa. Guðmundur Sveinsson, TF3SG, kortastjóri, hafði til þess tíma þurft að notast við bráðabirgðaborð í vinnuaðstöðu kortastofunnar.



*Aðstaða kortastofunnar í kjallara í Skeljanesi. Ljósmynd: TF2JB.*

Áætlaður fjöldi korta sem send voru frá TF Í.R.A. Bureau erlendis á tímabilinu á milli aðalfunda 2010/2011 var 8.355 kort, eða alls 27,9 kg samkvæmt upplýsingum frá Guðmundi Sveinssyni, TF3SG.

**6. FRAMKVÆMDIR Í FJARSKIPTAHERBERGI.**
Umtalsverðar breytingar voru gerðar á fjarskiptaherbergi TF3IRA starfsárið 2009-2010 sem hafa reynst mjög vel. Markmið félagsins í uppbyggingu félagsstöðvarinnar er óbreytt, þ.e. að TF3IRA verði búin aðstaða og tæknilegar forsendur til að stunda megi fjarskipti frá stöðinni í sem flestum tíðnisviðum radíóamatöra, á sem flestum tegundum útgeislunar, á mismunandi afli og [helst] hvenær sem er sólarhringsins. Áframhaldandi vinna var innt af hendi á þessu starfsári (2011/2012) með þetta markmið í huga, einkum með kaupum á búnaði sem nánar er lýst hér á eftir.

**6.1 TF3RPG QRV.**
APRS stafvarpinn í Skeljanesi varð QRV á endanlegu kallmerki, TF3RPG, og fór í loftið þann 10. júní á tíðninni 144.800 MHz. Vinna við uppsetningu stafvarpans í fjarskiptaherbergi félagsins hófst þann 2. apríl með loftnetsuppsetningu. Í framhaldi, var útbúin sérstök aðstaða vegna uppsetningar á sambyggðri stafvarpa- og internetgátt fyrir APRS kerfið í Skeljanesi þann 7. apríl og hefur búnaður TF3RPG sérstakt borð til afnota, sem sett var upp á milli fjarskiptaborða A og B í fjarskiptaherbergi (sbr. mynd).




*APRS búnaður TF3RPG er staðsettur á sérstöku borði í fjarskipta-herbergi TF3IRA á bak við færanlega milliveginn. Ljósmynd: TF2JB.*

Fyrir er annar APRS stafvarpi sem staðsettur er að Hraunbæ 123 í Reykjavík og var settur upp sumarið 2010. Hann fékk einnig úthlutað sérstöku kallmerki, TF3RPF, þann 10. júní og verður rekinn áfram í núverandi húsnæði.




*Á borðinu hægra megin við FT-1000MP stöðina, má sjá núverandi búnað fyrir APRS stafvarpann, m.a. fartölvu, aflgjafa og BIRD aflmæli. TF3RPG vinnur á tíðninni 144.800 MHz og er notuð 2W handstöð (á bak við fartölvuna). Hún er hugsuð til bráðabirgða en til framtíðar verður sett upp 25W stöð fyrir verkefnið.*

## 6.2 „LVB Tracker".

Félagið gerði pöntun á svokölluðum „LVB Tracker" fyrir TF3IRA frá AMSAT í Bandaríkjunum sumarið 2011. Tækið kom til landsins í byrjun ágúst og var afgreitt úr tolli þann 9. þess mánaðar. Um er að ræða viðmót til tengingar á milli fjölstillisins fyrir Yaesu G-5400B sambyggða rótorinn fyrir VHF/UHF loftnetin og Dell 566 PC tölvu félagsins. Búnaðurinn var tengdur og prófaður og annaðist Benedikt Sveinsson, TF3CY, stöðvarstjóri TF3IRA það verk. Kenwood TS-2000 stöð félagsins var þar með QRV til [hnökralausra] fjarskipta á VHF/UHF um gervihnetti. Búnaðurinn kostaði 37.736 krónur kominn til landsins með öllum gjöldum.

Sérstök kynning var í framhaldi í boði fyrir félagsmenn (sem hluti af vetrardagskrá) þann 22. október. Kynningin var endurtekin þann 12. nóvember fyrir þá sem ekki áttu heimangengt fyrri daginn.




*AMSAT „LVB Tracker" var hannaður af breskum radíóamatör, G6LVB.*

## 6.3 TF3IRA fær nýja VHF/UHF FM stöð.

Félagið festi kaup á nýrri Yaesu FT-7900E sambyggðri FM sendi-/móttökustöð fyrir 144 MHz og 430 MHz tíðnisviðin þann 30. september. Sendiafl er valkvætt, 5/10/20/50W á 2 metrum og 5/10/20/45W á 70 cm. Viðtæki þekur aukalega tíðnisviðin frá 108 til 520 MHz og frá 700 til 1000 MHz. FT-7900E stöðin kemur í stað eldri stöðvar (Yaesu FT-4700RH)




*Tíðniyfirferð FT-7900E er valkvæð á 5/10/12.5/15/20/25/50 eða 100 kHz. Sendirinn dregur mestan straum á 70 cm, eða 9,5A.*

sem félaginu var gefin fyrir rúmum tveimur áratugum. Nýja stöðin kostaði félagssjóð 40 þúsund krónur.

Líkt og um hefur verið rætt og m.a. hefur verið sett fram í starfsáætlunar stjórnar fyrir tímabilið 2011/2012, er hugmyndin að þegar gengið hefur verið frá nýju stöðinni í fjarskipta-herberginu, verði stefnt að því að ætíð verði hlustun á 145.500 MHz og 433.500 MHz á opnunarkvöldum í Skeljanesi. Þannig, að félagar geti kallað á TF3IRA og verið nokkuð vissir um að fá svar þegar viðvera er í húsnæðinu. Þessu fylgja ótvíræð þægindi, m.a. þegar menn gera tilraunir á 2 metrum og 70 sentímetrum. Því skal haldið til haga, að þótt Kenwood TS-2000 stöð félagsins geti verið QRV með ágætum í þessum tíðnisviðum, þá er ekki heppilegt að taka hana fyrir not af þessu tagi, vegna þess að hún þarf að geta verið til reiðu jafnt á HF sem og á VHF/UHF (í gegnum gervitungl) á opnunarkvöldum.



*Baldvin Þórarinsson TF3-033 og Benedikt Sveinsson TF3CY koma AlfaSpid rótor félagsins fyrir á ný eftir viðgerð þann 4. febrúar. Niðri, til hægri: Guðmundur Sveinsson TF3SG og Sigurður R. Jakobsson TF3CW. Ljósmynd: TF2JB.*

**6.4 AlfaSpid rótor félagsins.**

AlfaSpid rótorinn sem knýr SteppIR 3E þriggja staka Yagi loftnet félagsins hefur verið bilaður alllengi. Fyrst var vart var við bilunina þann 30. apríl í fyrra (2011) þegar Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS, mætti í fjarskiptaherbergi félagsins og hugðist setja TF3IMD í loftið á árlegum „International Marconi" degi. Hann hafði þegar samband við Benedikt Sveinsson, TF3CY, stöðvarstjóra og tilkynnti honum um að rótorinn virtist óhreyfanlegur. Nokkru síðar, eða þann 16. júní gafst tækifæri til að klífa turninn og skoða rótorinn úr

nærvígi. Niðurstöður fyrstu skoðunar leiddu í ljós, að líklega hafi sjór (og regnvatn) átt greiðan aðgang að mótornum þar sem hlíf yfir tengibretti við hann reyndist skemmd. Næstu vikurnar höfðu menn í huga að panta jafnvel annan rótor sömu gerðar, sem mætti strax skipta inn fyrir þann bilaða. Gera svo við þann bilaða í rólegheitum og nota hann til vara. Ekki hlaust stuðningur við þá hugmynd.



*Rótorinn sundurtekinn á borðinu í smíðaaðstöðu félagsins 10. ágúst.*

Þann 10. ágúst vannst tími til að sækja rótorinn í turninn. Í ljós kom, þegar sett var spenna á hann á borðinu í smíðaaðstöðu félagsins, að hann snérist ekki og það varð skammhlaup. Benedikt taldi ljóst að vatn hafi komist í verkið og taldi hann sig einnig verða varan við þvingun á ankerinu og fasta legu.

Þann 17. ágúst barst svar frá framleiðanda rótorsins, Alfa Radio, Ltd., í Kanada þess efnis, að áætlað heildarverð fyrir varahluti og sendingarkostnað væri 152 kanadískir dollarar. Það varð úr að gerð var pöntun á varahlutum hjá framleiðanda og barst í framhaldi staðfesting á að þeir hefðu verið póstlagðir til Íslands þann 19. ágúst í Edmonton í Alberta í Kanada. Það kom síðan á daginn, að Kanadamennirnir höfðu ekki sett varahlutina í flugpóst, heldur sjóbögglapóst og barst sendingin ekki til Íslands fyrr en 7. október. Sendingin náðist loks úr tolli þann 11. október og nam kostnaður félagsins alls 23.280 krónum.




*Pakkinn með varahlutunum í AlfaSpid rótorinn náðist úr tolli 11. október.*

Stöðvarstjóri hófst síðan handa við að setja rótorinn saman þann 14. október. Tveimur dögum síðar tók hann rótorinn og varahlutina með sér heim í bílskúr enda vinnuaðstaða þar betri en í smíðaaðstöðu félagsins. Viðgerð var síðan að mestu lokið þann 24. október.

Næstu þrjá mánuði var hvorutveggja, að menn voru uppteknir, en þó öllu fremur að veðuraðstæður voru óhagstæðar. Þann 2. febrúar (2012) var opnað á mögulega uppsetningu á rótornum og loks var drifið í málinu laugardaginn 4. febrúar. Hittist hópur manna kl. 12 á hádegi í Skeljanesi og var ráðist í verkefnið, sem tók um fimm korter. Það gekk að óskum og um kl. 13:30 var allt komið í gang og SteppIR 3E loftnet TF3IRA farið að snúast.

Nokkrum dögum síðar kom þó í ljós, að rórorinn gaf ekki púlsa niður í fjarskiptaherbergið, heldur stóð vísunin föst í 24°.

Haft var samband við Yngva Harðarson, TF3Y, til aðstoðar, þar sem hann á samskonar rótor og loftnet. Yngvi skoðaði stöðuna fyrst til bráðabirgða, en með mælitækjum þann 2. mars. Til skýringar skal tekið fram, að á AlfaSpid rótorum er ekkert hefðbundið „stopp“ sem slíkt, heldur er það valkvætt og vistað sérstaklega í stjórnbúnað rótorsins. Ef ekkert er að gert, gæti rótorinn þess vegna snúist hring eftir hring viðstöðulaust og slitið af sér alla kapla.

Yngvi fékk Sæmund E. Þorsteinsson, TF3UA, í lið með sér þann 2. mars og var niðurstaða þeirra að svo virtist sem samsláttur í vírum sem fara í stefnumælinguna í rótornum sé ástæðan, þ.e. að tengingar hafi mistekist þegar rótorinn var settur saman eftir viðgerðina. Þegar þetta er skrifað er komið ár frá því bilunin var fyrst uppgötvuð. Svo langur tími getur ekki talist viðunandi. Leitað verður allra leiða til að rótormál félagsstöðvarinnar verði komin í endanlegt horf sem allra fyrst.

**6.5 Gjafir til TF3IRA.**

Félaginu barst að gjöf, í tilefni 65 ára afmælis Í.R.A., þann 14. ágúst, hljóðnemaarmur fyrir Heil Goldline Pro PR 20 borðhljóðnemann við Kenwood TS-2000 sendi-/móttökustöðina á fjarskiptaborði-B. Stjórn Í.R.A. þakkar Benedikt Guðnasyni, TF3TNT, fyrir þessa gjöf til félagsstöðvarinnar.



*Armurinn kominn í notkun. Benedikt TF3TNT er við hljóðnemann. Ljósm.: TF3LMN.*

Félaginu barst að gjöf, 19“ Dell „Ultrasharp“ LCD tölvuskjár þann 10. október. Skjánum fylgir sérstakur standur frá framleiðanda sem gerir auðvelt að hækka/lækka hann eftir þörfum þess sem notar stöðina hverju sinni. Skjárinn hefur verið tekinn í notkun á fjarskiptaborði-B í fjarskiptaherbergi stöðvarinnar. Stjórn Í.R.A. þakkar Gísla G. Ófeigssyni, TF3G, fyrir þessa gjöf til félagstöðvarinnar.

Félaginu bárust að gjöf tvö leðurklædd undirlegg á skrifborð þann 19. janúar. Þau hafa verið tekin í notkun á fjarskiptaborðum A og B í fjarskiptaherbergi stöðvarinnar. Um er að ræða undirlegg af tegund „Knös“ frá IKEA, vöru-númer 30129964. Stjórn Í.R.A. þakkar Jónasi Bjarnasyni, TF2JB, fyrir þessa gjöf til félagstöðvarinnar.



*Ný skjár og nýtt undirlegg á fjarskiptaborði-B. Ljósmynd: TF2JB.*

Félaginu bárust að gjöf tvær XPC PC tölvur af „Prime Shuttle“ gerð,



*Færanlegt stangarloftnet TF3SG fyrir 80 metrana á bílastæðinu við Skeljanes. Ljósmynd: TF2JB.*

sú fyrri þann 13. október og sú síðari þann 22. október. Stjórn Í.R.A. þakkar Benedikt Sveinssyni, TF3CY, fyrir þessar gjafir til stöðvarinnar.

**7. FRAMKVÆMDIR UTANHÚSS.**
Á starfsárinu voru ekki miklar framkvæmdir utanhúss, aðrar en viðhaldsaðgerðir, svo sem lagfæring á AlfaSpid rótor félagsins. Í annan stað voru stög á New-Tronics Hustler BTV-5 stangarloftneti TF3IRA endurnýjuð ásamt því að fæðilína var tengd upp á nýtt til fullvissu um að mótvægi hefði örugga tengingu.

Á hinn bóginn, lagði Sigurður R. Jakobsson, TF3CW í mikla undirbúningsvinnu vegna þátttöku í alþjóðlegu ARRL DX morskeppninni sem haldin var 18.-19. febrúar, en hann tók þátt í henni frá félagsstöðinni TF3W. Margir félagsmenn komu Sigurði til aðstoðar, m.a. Guðmundur Sveinsson, TF3SG, sem lánaði 21 metra hátt ferðaloftnet



*Töluverð vinna var við frágang og tengingar á stangarloftnetinu fyrir 80 metra bandið, m.a. við frágang á fæðilínu og mótvægi (radíólum). Á myndinni má sjá Guðmund Sveinsson TF3SG, Baldvin Þórarinsson TF3-Ø33 og Sigurð R. Jakobsson TF3CW. Nokkuð frost og töluverð gjóla flýttu ekki fyrir verkinu. Ljósmynd: TF2JB.*

sitt á 80 metrum, Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, Henry Arnar Hálfdánarson, TF3HRY og Baldvin Þórarinsson, TF3-Ø33. Auk framangreinds loftnets fyrir 80 metra, setti Sigurður upp svokallað „L-loftnet á hvolfi“ fyrir 160 metrana í Skeljanesi.



*Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX horfir upp eftir 18 metra hárri glertrefjastönginni frá Spiderbeam. Vilhjámur hannaði aðlögun kóax fæðilínunar við „L“ loftnetið „á hvolfi“ á 160 metrum. Þessi vinna fór fram þann 17. febrúar. Ljósmynd: TF2JB.*

## 8. TF3CY HÆTTIR SEM STÖÐVARSTJÓRI.

Á stjórnarfundi nr. 8/2012 þann 17. febrúar óskaði Benedikt Sveinsson, TF3CY, eftir að hætta sem stöðvarstjóri TF3IRA þar sem hann hafi ekki haft tíma til að sinna stöðunni sem skyldi. Þess var farið á leit við Benedikt á fundinum að hann tæki að sér að sinna embættinu uns nýr stöðvarstjóri væri fundinn og tók hann það að sér.



*Benedikt Sveinsson TF3CY í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Ljósmynd: TF2JB.*

Benedikt var skipaður í embættið á stjórnarfundi nr. 11/2011 þann 10. mars (í fyrra) og tók formlega við embættinu á stjórnarfundi nr. 12/ 2011 þann 29. mars. Hann hafði verið í embætti í 11 mánuði þegar hann ákvað að hætta. Stjórn Í.R.A. þakkar Benedikt fyrir góð störf í þágu félagsins í erfiðu embætti.

**9. DXCC VIÐURKENNINGARSKJÖL.**

Langþráðu takmarki var náð þann 20. október, en þá voru þrjú DXCC viðurkenningaskjöl fyrir TF3IRA sótt í innrömmun og negld á vegg í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Þess má geta, að ARRL hefur staðfest að DXCC viðurkenningaskjöl hafi ekki áður verið gefin út á félagsstöð Í.R.A. Um er að ræða eftirfarandi skjöl: (1) Fyrir mors (*CW*); (2) tal (*Phone*); og allar tegundir útgeislunar (*Mixed*). Hugmyndin var upphaflega að leitast við að fá skjölin til landsins í tíma fyrir 65 ára afmæli félagsins þann 14. ágúst s.l., sem náðist ekki. Mestu skiptir að skjölin eru komin í hendur félagsins og hefur verið valin staðsetning í fjarskiptaherbergi. Ástæða er til að taka fram, að allur kostnaður við viðurkenningaskjölin eru félagssjóði að kostnaðarlausu, þ.e. vinna við undirbúning umsókna, umsóknargjöld til ARRL og sendingarkostnaður, auk kostnaðar við innrömmun. Viðkomandi eru færðar bestu þakkir.



*Mathías Hagvaag TF3-Ø35 og Guðlaugur K. Jónsson TF8GX í Skeljanesi. Ljósm.: TF2JB.*

Í gegnum árin hafa safnast upp QSL kort á TF3IRA. Einnig er mikið til af kortum á önnur kallmerki sem notuð hafa verið af félaginu við hin ýmsu tækifæri, líkt og t.d. TF3W sem notað er í alþjóðlegum keppnum. Ákveðið var að leita til Mathíasar Hagvaag, TF3-Ø35, með að taka að sér það verkefni að koma kortaeign félagsins í viðunandi horf, svo hægt væri að sækja um helstu viðurkenningarskjöl radíóamatöra. Í þessu sambandi hefur m.a. verið rætt um WAZ, DXCC, WAS, CQ DX Award, WPX og fleiri. Mathías tók verkefnið að sér haustið 2010 og hefur unnið að því síðan.

Í framhaldi voru 3 umsóknir fyrir DXCC viðurkenningaskjöl til ARRL tilbúnar í júlí 2011. Þá mæltu þeir Mathías og Guðlaugur Kristinn Jónsson, TF8GX (trúnaðarmaður ARRL hér á landi) sér mót í félagsaðstöðu Í.R.A. í Skeljanesi þann 21. júlí. Mathías lagði þá fyrir Guðlaug, síðustu kortin í umsóknarferlinu til lokastaðfestingar. *Á myndinni til hægri má sjá DXCC skjölin þrjú komin á vegg í fjarskiptaherbergi TF3IRA.*



# 3. Vetrardagskrá; erindi

## ERINDISFLUTNINGUR, FLÓAMARKAÐUR, SUNNUDAGSOPNANIR

**1. INNGANGUR**
Vetrardagskrá Í.R.A starfsárið 2011-2012 var skipulögð af Kjartani H. Bjarnasyni, TF3BJ, varaformanni félagsins. Hún var í tveimur hlutum, þ.e. í *október-desember* og í *janúar-apríl.* Fyrri hlutinn var kynntur á sérstökum fimmtudagsfundi þann 15. september 2011 og síðari hlutinn á heimasíðu félagins þann 1. janúar 2012. Að þessu sinni voru alls 16 erindi í boði, auk myndakvölda, námskeiða, flóamarkaðar og opnunardaga á sunnudagsmorgnum; alls 30 viðburðir. Í þessum kafla verður fjallað um erindishluta dagskrárinnar.

**1.1 Erindi 13. október.** Erindi Kristins Andersen, TF3KX. Kristinn fjallaði um „Faros“; sjálfvirka vöktun HF-skilyrða með radíóvitum. Hann útskýrði forsendur og nytsemi "Faros" forritsins. Sem dæmi um nytsemi upplýsinganna (en skoða má útbreiðslu eftir tíðnisviðum eftir dögum, aftur í tímann) gat hann þess, að við undirbúning fyrir keppnir mætti t.d. skoða skilyrðin eins og þau voru 28 dögum fyrir tiltekna keppni og nota sem vísbendingu, um væntanleg skilyrði um tiltekna keppnishelgi. Kerfið notar Windows stýrikerfið (ME, 2000, XP eða Windows 7) og þarf að lágmarki 16 bita hljóðkort ásamt tengingu við viðtæki. „Faros“ forritið kom fyrst fram árið 2006 og var hannað af kanadískum radíóamatör, Alex Shovkoplyas, VE3NEA og er ókeypis fyrir radíóamatöra. Ágæt mæting var á erindið þrátt fyrir hífandi rok og rigningu í höfuðborginni; eða á þriðja tug félagsmanna.


*Kristinn Andersen TF3KX í Skeljanesi þann 13. október. Ljósmynd: TF2JB.*

**1.2 Erindi 20. október.** Erindi Jóns Ágústs Erlingssonar, TF3ZA. Jón Ágúst sagði ferðasögu tíu daga DX-leiðangurs sem farinn var til eyjunnar Jan Mayen á fyrri hluta júlímánaðar sumarið 2011. Jón var eini íslenski leyfishafinn í hópi alls átta leyfishafa frá alls sex þjóðlöndum, Bandaríkjunum, Grikklandi, Íslandi, Póllandi, Sviss og Svíþjóð. Kallmerkið JX5O var starfrækt og þrátt fyrir tiltölulega óhagstæð skilyrði til fjarskipta náðu leiðangursmenn alls 17.844 samböndum.

Margt fróðlegt kom fram, m.a. að meðalhitinn var um 2°C (í byrjun júlí) og kaldara að nóttu til. Veður var yfirleitt rólegt og rakt, en gat verið rysjótt, sem hvort tveggja hafði í för með sér sandrok og kulda. Tjöldin fuku til dæmis ofan af leiðangursmönnum í þrígang.



*Jón Ágúst TF3ZA sagði að náðst hafi 35 QSO við TF stöðvar frá JX5O. Ljósm.: TF2JB.*

Jón Ágúst sýndi mikinn fjölda mynda og fengu fundarmenn góða hugmynd um náttúru eyjarinnar og vakti athygli hversu „æpandi“ gróðursnauð hún er. Leiðangurinn tók sér far með skútu frá Íslandi og tók siglingin alls um 50 klst. Aðspurður um hvort hvítabirnir væru ekki algengir á Jan Mayen, svaraði Jón því til að svo hafi ekki verið undanfarna áratugi. Á hinn bóginn væri ekki hægt að útiloka neitt og kvaðst hann hafa verið feginn að leiðangurinn hafi verið laus við slíka gesti á meðan dvalið var á eyjunni.

Líkt og áður segir, voru skilyrði fremur léleg, sbr. að aðeins náðust 4 QSO á 6 metrum, ekkert á 10 metrum, 1 QSO á 12 metrum (við TF3EE sem er faðir Jóns Ágústar), auk þess sem lægri böndin (80 og 160 metrar voru lokuð). 20 metra bandið gaf bestan árangur, svo og 30 metrar og 17 metrar, auk nokkurra opnana yfirleitt síðdegis, á 15 metra bandinu. Erindið var vel sótt og mættu alls 30 manns í Skeljanes þetta fimmtudagskvöld.

**1.3 Erindi 27. október.** Erindi Vilhjálms Þórs Kjartanssonar, TF3DX. Vilhjálmur Þór fjallaði um „Merki og mótun“ og byggði erindi hans á fyrirlestrum sem hann flutti vorið 2011 fyrir nemendur á námskeiði félagsins til amatörprófs. Vilhjálmur kynnti erindið sjálfur þannig: "...að hugmyndin væri að leggja grunn hjá þeim sem skemmra væru komnir um leið og efnið væri hugsað til að gagnast þeim sem væru farnir að pæla dýpra".

Þetta gekk eftir enda efnið vel fram sett og skemmtilega flutt. Minnst var á bandbeidd morsmerkja út frá AM með kassabylgju (..dididididi..) þar sem grunntíðnin er jöfn sendihraðanum í stöfum á mínútu, deilt með 12. Í lokin var lauslega drepið á stillingu SSB senda og nauðsyn þess að skoða merkið í góðri bandbreidd, en ekki eftir að það hefur farið um þröngra síu í „góðu“ viðtæki eins og Vilhjálmur komst sjálfur að orði. Miklar umræður urðu á eftir og var fundi ekki slitið fyrr en kl. 22:30. Alls sóttu á 30 félagsmenn erindið þetta fimmtudagskvöld.




*Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX flutti erindi um „Merki og mótun“ í Skeljanesi 27. október. Ljósmynd: TF3LMN.*

**1.4 Erindi 3. nóvember.** Erindi Guðmundar Löve, TF3GL. Guðmundur fjallaði um og útskýrði tölvuforritið EZNEC sem „hermir“ eftir virkan loftneta. Hann fór yfir virkni forritsins með því að taka dæmi um nokkrar grunngerðir loftneta, tvípóla, lóðréttra stangarneta, Windom neta o.fl. Hann sýndi áhrif fjarlægðar yfir mismunandi leiðandi jörð, áhrif staðsetningar og ræddi áhrif mismunandi fjölda radíala samanborið við staðsetningu stangarnets á húsþaki. Að sögn Guðmundar, eru fleiri forrit eru aðgengileg radíóamatörum sem herma eftir virkni loftneta, en EZNEC hefur náð hvað mestri útbreiðslu, sem er skiljanlegt eftir að hafa séð hversu aðgengilegt það er og þá möguleika sem það býður. Höfundur EZNEC er Roy Lewallen, W7EL. Á þriðja tug félagsmanna hlýddu á erindið.



*Guðmundur Löve TF3GL útskýrði EZNEC forritið í félagsaðstöðunni í Skeljanesi 3. nóvember. Ljósmynd: TF2JB.*

**1.5 Erindi 1. desember.** Erindi Jóns Þórodds Jónssonar, TF3JA og Víðis Reynissonar deildarstjóra hjá Almannavarnadeild RLR. Umræðuefni kvöldsins var neyðarfjarskipti radíóamatöra. Sérstakur gestur fundarins var *Víðir Reynisson,* deildarstjóri hjá Almannavarnadeild RLR og kynnti hann afstöðu embættisins til neyðarfjarskipta.



*Jón Þóroddur Jónsson TF3JA í Skeljanesi 1. desember. Ljósmynd: TF3LMN.*

Jón Þóroddur fjallaði almennt um þá auðlind sem radíóamatörar eru og vísaði m.a. til þeirra tíðnisviða sem þeir hafa til afnota, leikni í fjarskiptum (á mismunandi tegundum útgeislunar), getu til að leysa tæknilega sem samskiptalega hnökra, auk almennrar og víðtækrar þekkingar á fjarskiptum sem áhugamáli. Í ljósi þessa mætti hugsa sér aðkomu radíóamatöra á breiðum grundvelli.




*Víðir Reynisson, Almannavarnadeild RLR í Skeljanesi 1. desember. Ljósm.: TF3LMN.*

Víðir Reynisson fjallaði um afstöðu almannavarnadeildar RLR til neyðarfjarskipta og flutti fróðlegt yfirlit í því sambandi. Hann skýrði m.a. frá helstu hnökrum í kerfinu og sagði menn meðvitaða um að bæta megi neyðarfjarskipti á landinu enda þurfi þau ætíð að vera til endurskoðunar. Í þessu sambandi ræddi hann m.a. hin þrjú kerfi sem neyðarfjarskiptum stæðu nú til boða, þ.e. Tetra, VHF og GSM. Hann ræddi m.a. um reynsluna frá gosinu í Eyjafjallajökli. Hann sagðist telja radíóamatöra eiga aðkomu að málaflokknum hvatti félagið til að skoða þau mál frekar. Alls sóttu 25 félagar erindið þrátt fyrir snjókomu og vetrarfærð.

**1.6 Erindi 8. desember.** Erindi Bjarna Sigurðssonar, sérfræðings hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Bjarni fjallaði um útgeislunarhættu í tíðnisviðum radíóamatöra. Bjarni fór yfir kröfur sem gerðar eru til sendi- og loftnetabúnaðar samkvæmt núgildandi reglugerð um starfsemi radíóamatöra og í alþjóðafjarskiptareglugerðinni og kynnti m.a. tilmæli ITU nr. K.52, K.61 og K.70.

Bjarni útskýrði hættu sem getur stafað af notkun sendibúnaðar (ef ekki er gætt varkárni) með tilliti til fjarlægðar frá loftnetum. Hann fór einnig yfir forsendur hvað varðar tíðni og sendiafl og benti m.a. á, að taka þurfi að auki tillit til tímalengdar sendinga. Hann sýndi nokkur dæmi



*Bjarni Sigurðsson, sérfræðingur hjá Póst- og fjarskiptastofnun í Skeljanesi þann 8. desember. Ljósmynd: TF2JB.*

um þessi atriði út frá algengum loftnetum, þar sem hann notaði ICNIRPcalc V1.01 forritið frá IARU Svæði 1 sem getur veitt vísbendingu um útgeislun frá loftnetum og um öryggismörk. Hann kynnti einnig tilurð svipaðs forrits á heimasíðu ITU (sem tekur tillit til mun fleiri þátta). Fram kom m.a., að augun eru þau líffæri sem eru hvað viðkvæmust, sérstaklega þegar unnið er á QRO afli á hærri tíðnum. Á fjórða tug félagsmanna mættu í Skeljanesið þetta fimmtudagskvöld.

**1.7 Erindi 15. desember.** Erindi þeirra Guðjóns Helga Elíassonar, TF3WO og Benedikts Guðnasonar, TF3TNT. Þeir félagar fjölluðu um smíði "collinear" loftneta í metrabylgju- og sentímetrabylgjusviðinu (VHF og UHF). Þeir fjölluðu ennfremur um og kynntu mismunandi fyrirkomulag endurvarpsstöðva í þessum tíðnisviðum. Þeir félagar útskýrðu (og sýndu myndir) frá smíði 13 dB "collinear" loftnets á UHF sem búið var til úr "hard-line" kóaxkapli. Loftnetið kom mjög vel út í prófunum, m.a. yfir 100 km vegalengd á mjög litlu afli, 300 mW. Töluverðar umræður urðu m.a. um útgeislun frá loftnetum af þessari gerð. Þá kynntu þeir stutt-



*Guðjón Helgi TF3WO og Benedikt TF3TNT í Skeljanesi 15. desember. Ljósmynd: TF3LMN.*

lega hugmyndir sínar um endurvarpsstöðvar sem vinna á mismunandi miklu afli, e.t.v. allt að 500W og svokallaða "diversity" notkun sem er áhugaverð útfærsla. Guðjón og Benedikt sýndu fjölda ljósmynda með erindinu. Á þriðja tug félagsmanna mættu í Skeljanes þetta fimmtudagskvöld.

**1.8 Erindi 5. janúar.** Erindi Georgs Magnússonar, TF2LL. Georg fjallaði um loftnetsframkvæmdir hjá TF2LL í Norðtungu í Borgarfirði sumarið 2010. Erindi Georgs var fróðlegt og hann útskýrði forsendur fyrir vali á loftnetum, rótor, turnsmíðinni sjálfri og nauðsynlegum aukahlutum. Í öllum tilvikum var leitast við að vanda vel til verks enda um að ræða framkvæmd til frambúðar. Meðal annars var leitað til verkfræðistofu með hönnun undirstöðu turnsins, en mannvirkið var teiknað upp og sett í umhverfismat. Tilskilin leyfi voru fyrir hendi haustið 2010 og reisti Georg turninn fullbúinn þann 21. október 2010.



*Georg Magnússon TF2LL í félagsaðstöðunni í Skeljanesi þann 5. janúar. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3LMN.*

Um er að ræða rúmlega 28 metra háan þrístrendan loftnetsturn sem er að stærstum hluta heimasmíðaður. Hann er reistur á sérhannaðri undirstöðu og fóru 13 rúmmetrar af steypu í mótin. Á turninum eru tvö loftnet, annars vegar *OptiBeam 18-6* fyrir 40-10 metra böndin og *OptiBeam 1-80* sem er fyrir 80 metrana. Uppsetning veitir möguleika til að nota turninn fyrir fleiri loftnet, þar sem út frá honum má strengja víranet, t.d. fyrir 160 metrana. Rótorinn er af gerðinni *Prosistel PST-71D* og er staðsettur í botni turnsins og snýr loftnetum með sérsmíð-uðu drifskafti. Snjöll lausn er, að kaplarnir upp í loftnetin eru þræddir í gegnum drifskaftið.

Loftnet Georgs er OptiBeam OB-18-6, sem er 18 stika Yagi loftnet fyrir 6 bönd, þ.e. 40/20/17/15/12 og 10 metrana; bómulengd er 12 metrar. Lengsta stikan er 14,6 metrar og eiginþyngd loftnetsins er 115 kg. Loftnetið er 3 stika á 40m, 4 stika á 20-17-15 og 12 metrunum og 7 stika á 10 metrunum. Uppgefinn ávinningur á bandi, yfir tvípól: 4,8 / 7,3 / 7,5 / 7,8 / 7,0 / 7,7 dB. Efra loftnetið á turninum er Optibeam OB-1-80, sem er styttur tvípóll á 80 metrunum. Bómulengd er 17,6 metrar á lengd og hann vegur 25 kg. Í fæðipunkti eru rafliðar og spólur sem skipta á milli neðri og efri hluta bandsins. Þriðja loftnet Georgs frá OptiBeam er af gerðinni *OB-5-6,* sem er fyrir 6 metra bandið og gefur 8,8 dB ávinning yfir

tvípól. Það loftnet er uppsett á minni turni, nokkurn spöl frá þeim hærri. Umræður stóðu yfir til kl. 23. Á fjórða tug félagsmanna mættu í Skeljanesið þennan fimmtudag.




*Andrés Þórarinsson TF3AM flutti erindi um heimasmíði tvípóla í Skeljanesi þann 12. janúar. Ljósmynd: TF3LMN.*

**1.9 Erindi 12. janúar.** Erindi Andrésar Þórarinssonar, TF3AM. Andrés fjallaði um heimasmíði tvípóla fyrir HF í bílskúrnum, láréttra og lóðréttra. Erindi Andrésar var fróðlegt. Hann útskýrði m.a. þær forsendur sem hann gefur sér við smíðar á tvípólum úr álrörum fyrir 10, 15 og 20 metra böndin - og ennfremur, hvað varðar uppsetningu miðað við lágmarks hæð yfir jörð. Hann útskýrði verkefnið á hinum ýmsu stigum smíðanna og fjallaði ennfremur um prófanir á að skipta á milli tvípóla þegar þeir eru settir upp lárétt og lagðir í kross. Hann útskýrði fræðilegar forsendur fyrir smíðinni, svo og þá hugsun að nota sem mest handbært efni (og kaupa sem minnst) til að verkefnið verði sem ódýrast í reynd.

Andrés sýndi Power Point glærur frá tilraunum sínum, m.a. af uppsetningu lóðréttra tvípóla við heimili sitt í Mosfellsbæ sem eru fæddir með samsíða fæðilínu og af uppsetningu á krosstvípólum við sumarhús í TF1 kallsvæði í Grímsnesi. Þar hefur hann um eins og hálfs árs reynslu af þremur settum af láréttum „krosstvípólum“ fyrir 10, 15 og 20 metra böndin, sem hann hefur m.a. notað í alþjóðlegum keppnum við góðan árangur. Hann sagði loftnetin í reynd hafa komið vel út, þótt hann hafi gjarnan viljað sjá meiri mun (ávinning) við að skipta á milli þeirra á tilteknu bandi. Á fjórða tug félagsmanna komu í félagsaðstöðuna í Skeljanesi þetta fimmtudagskvöld.

**1.10 Erindi 26. janúar.** Erindi Guðmundar Löve, TF3GL. Guðmundur fjallaði um fyrirhugaða VHF leika 2012, möguleika á VHF/UHF samböndum innanlands og sögur og staðreyndir um útbreiðslu merkja í þessum tíðnisviðum.

Guðmundur fór yfir og kynnti tillögur að reglum og stigagjöf í VHF-leikum sem hugmyndin er að halda 6.-9. júlí sumarið 2012. Í umræðum komu fram ýmis sjónarmið og virtust flestir sammála því að hafa reglurnar og stigagjöfina sem einfaldasta. Sem stendur, er keppnin hugsuð sem „fully assisted“ og aðeins vegalengd telur til stiga, en hafa má mest sex sambönd við hverja stöð á hverju bandi. Seinni hluti erindisins fjallaði um bylgjuútbreiðslu og bylgjuhegðan á VHF og UHF, og um hjálparforrit til að skoða og reikna útbreiðslumyndir og radíólinka. Í lok erindisins fóru fram fjörlegar umræður og svaraði Guðmundur greiðlega fjölmörgum fyrirspurnum. Þrátt fyrir mikið vetrarríki í höfuðborginni og erfiða færð, mættu á þriðja tug félagsmanna í Skeljanesið þetta fimmtudagskvöld.




*Guðmundur Löve TF3GL í Skeljanesi 26. janúar. Guðmundur kynnti m.a. "Radio Mobile" forrit Rogers VE2DBE sem reiknar útbreiðslumyndir út frá kortagrunni. Radíóamatörar geta hlaðið forritinu niður ókeypis eða keyrt það beint af vefnum. vefslóð: cplus.org/rmw. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3LMN.*

**1.11 Erindi 9. febrúar.** Erindi þeirra Yngva Harðarsonar, TF3Y og Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CY, fjallaði um alþjóðlegar keppnir. Þetta var þriðja árið í röð sem þeir félagar halda tölu um viðfangsefnið, enda af mörgu að taka í þeim geira.




*Yngvi Harðarson TF3Y og Sigurður R. Jakobsson TF3CW í Skeljanesi 9. febrúar. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3LMN.*

Að þessu sinni var lögð áhersla á undirbúningsþáttinn. Þeir félagar komu víða við og fjölluðu um allt frá því hvernig best er að greina fjarskiptadagbækur frá fyrri keppnum til undirbúnings – til matarræðis og hvíldar. Það síðastnefnda er afar mikilvægt þar sem sumar keppnir heimila þátttöku (án hvíldar) í allt að tvo sólarhringa. Þá er ekki síður nauðsynlegt að tækin og allur búnaður séu vel yfirfarinn og ef hægt er, að hafa tæki við vara. Í fyrirspurnum og umræðum kom í ljós mikill áhugi félagsmanna á efninu og er við því að búast að þeim leyfishöfum fjölgi sem taka þátt í keppnum frá TF á næstu misserum. Á þriðja tug félagsmanna mættu til að hlusta á erindið sem stóð til kl. 22:30.

**1.12 Erindi 23. febrúar.** Erindi Kristjáns Benediktssonar, TF3KB. Kristján fjallaði um alþjóðastarf radíóamatöra, með umfjöllun um helstu niðurstöður ráðstefnu IARU Svæðis 1 sem haldin var í ágúst 2011, sem útgangspunkt.

Í umfjöllun sinni, lýsti Kristján uppbyggingu alþjóðastarfs radíóamatöra. Hann fór yfir feril og þróun umræðunnar innan hreyfingarinnar og tók dæmi um faglega og farsæla lausn mála þann tíma sem hann hefur annast embætti tengiliðar Í.R.A. í alþjóðastarfinu, auk þess að fjalla sérstaklega um niðurstöður ráðstefnu IARU Svæðis 1 sem haldin var í Suður-Afríku í ágústmánuði s.l. Kristján fjallaði að lokum um helstu niðurstöður alþjóðlegu radíófjarskiptaráðstefnu I.T.U., WRC-12 (World Radiocommunication Conference 2012) sem varða radíóamatöra, og lauk þann 17. febrúar s.l. í Genf. Þar bar hæst, nýtt amatörband á heimsvísu í tíðnisviðinu 472-479 kHz á 600 metrum. Á þriðja tug félagsmanna mættu í Skeljanes þetta fimmtudagskvöld.



*Kristján Benediktsson TF3KB í Skeljanesi 23. febrúar. Ljósmynd: TF2JB.*



*Kristján benti m.a. á að vandaður undirbúningur væri lykillinn að góðum árangri alþjóðahreyfingarinnar. Ljósmynd: TF2JB.*

**1.13 Erindi 8. mars**. Erindi Kristins Andersen, TF3KX. Kristinn fjallaði um QRP afl, heimasmíði og notkun QRP senda. Hann útskýrði QRP afl og QRPp afl sem er mest 5W annars vegar, og 1W hins vegar. Til fróðleiks lék hann upptöku af sendingu á morsi frá 4U1UN, þar sem fyrst var sent stutt merki á 100W, síðan á 10W, þá á 1W og loks á 0,1W. Sérlega áhugavert var að heyra hversu læsilegt merkið var í öllum dæmunum, meira að segja á 0,1W í restina. Kristinn fjallaði um samspil QRP afls og tíðna, þ.e. hve hærri böndin geta gefið góða raun, hvað varðar fjarskipti um þúsundir kílómetra. Hann fjallaði einnig um mikilvægi góðra loftneta og benti á jákvæða eigin reynslu í notkun færanlegra stöðva innanlands (og erlendis) með notkun QRP afls og tiltölulega einfaldra loftneta, t.d. 10 metra langra víra. Um þrír tugir félagsmanna mættu í Skeljanes þetta fimmtudagskvöld.




*Kristinn heldur á vinsælum QRP tækjum sem keypt eru ósamsett frá Elecraft; gerðir K1 og K2. Ljósm.: TF3LMN.*



*QRP tæki og búnaður sem félagsmenn komu með og var til sýningar í fundarhléi þann 8. mars. Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS sýndi m.a. nýja Juma TRX2 sendi-/viðtækið sem hann hafði nýlokið smíði á og er 10W á morsi og tali á 160-10m. Haraldur Þórðarson TF3HP sýndi m.a. heimasmíðaðan sendi á PSK 31. Erling Guðnason TF3EE sýndi m.a. Yaesu FT-817 5W sendi-/viðtæki sem vinnur á morsi og tali á 160-10m, auk 6m, 2m og 70cm. Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX sýndi m.a. hinn fræga "Eldspýtnastokk" sem er 100 mW morssendir, heima-smíðaðan "spýtumorslykil" og Elecraft K1 5W sendi-/viðtæki sem vinnur á morsi og tali á 4 böndum. Halldór Christensen TF3GC sýndi m.a. senda frá nýliðatímabili sínu á 80 og 15 metrum. Loks sýndi Kristinn Andersen TF3KX Elecraft K2 10W sendi-/móttökustöðina sem vinnur á morsi og tali á 160-10m.*



*Frá erindi Vilhjálms TF3DX 15. mars. Með honum á myndinni er Höskuldur Elíasson TF3RF. Ljósm.: TF3LMN.*

***1.14 Erindi 15. mars.*** Erindi Vilhjálms Þórs Kjartanssonar, TF3DX. Vilhjálmur fjallaði um og *k*ynnti uppfærða útgáfu ICNIPRcalc forrits IARU Svæðis 1, ICNIRPcalc V1.01, sem nú er í boði á ensku. Hann leitaðist við að svara spurningunni „Hvernig reiknar IARU forritið sviðsstyrk og öryggismörk amatörsendinga?" Fram kom m.a. hjá Vilhjálmi, að auðvelt er að setja ýmsar breytur inn í forritið, svo sem tíðni, tegund loftnets, mismunandi afl og láta forritið reikna „örugga" fjarlægð frá loftneti í sendingu, eða a.m.k. veita vísbendingu um örugga fjarlægð. Forritið veitir leyfishöfum þannig dýrmæta vísbendingu hvað varðar útgeislunarhættu. Erindið veitti góða innsýn í umfjöllunarefnið út frá fræðilegum forsendum og beitingu í reynd. Um þrír tugir félagsmanna mættu í Skeljanes þetta fimmtudagskvöld.



*Jón Þóroddur Jónsson TF3JA fjallaði um þróun APRS ferilvöktunar 29. mars. Ljósmynd: Gísli G. Ófeigsson TF3G.*

**1.15 Erindi 29. mars.** Erindi þeirra Jóns Þórodds Jónssonar, TF3JA; Joseph Timothy Foley, N1ZRN/TF og Samúels Þórs Guðjónssonar, TF2SUT.

Þeir félagar fjölluðu um APRS mál og skiptist umfjöllun þeirra eftirfarandi:

(1) TF3JA: „Þróun APRS ferilvöktunar á Íslandi og framtíðaruppbygging gagnvart notum í neyðarfjarskiptum“.

(2) N1ZRN/TF: „APRS Tracker and Telemetry„ (APRS ferilvöktun og hæfni til fjarmælinga); erindið var flutt á ensku.

(3) TF2SUT: „APRS og árangursrík not þess við sendingar frá TF3CCP úr loftbelg nemenda við Háskólann í Reykjavík nýlega“.

Á þriðja tug félagsmanna hlýddu á erindi þeirra félaga í Skeljanesi þetta fimmtudagskvöld.




*Joseph Timothy Foley N1ZRN/TF í Skeljanesi þann 29. mars. Ljósmynd: TF3G.*




*Samúel Þór Guðjónsson TF2SUT fjallaði um APRS sendingarnar frá TF3CCP úr loftbelg þann 17. mars s.l. Ljósmynd: Gísli G. Ófeigsson, TF3G.*

Myndin hér til hægri var tekin þegar nemendur við tækni- og verkfræðideild HR slepptu á loft 17. mars umræddum loftbelg frá flugskýli á Reykjavíkurflugvelli. Belgurinn var búinn APRS sendi og notaði kallmerkið TF3CCP. Verkefnið kom til vegna „EVE Fanfest 2012“ og var styrkt af CCP tölvuleikjaframleiðandanum. *Ljósmynd: TF3LMN.*






*Benedikt Sveinsson TF3CY fjallaði um RF magnara radíóamatöra í Skeljanesi 26. apríl. Ljósmynd: TF3LMN.*

**1.16. Erindi 26. apríl.** Erindi Benedikts Sveinssonar, TF3CY. Benedikt fjallaði um RF magnara radíóamatöra. Hann fjallaði almennt um RF magnara og m.a. um helsta mun á lampa- og transistormögnurum. Hann skýrði jafnframt frá eigin reynslu í magnarasmíðum og benti á nytsamar vefslóðir í þeim efnum. Erindið veitti góða innsýn í umfjöllunarefnið út frá fræðilegum forsendum og í reynd. Hátt í þrír tugir félagsmanna mættu í Skeljanes þetta fimmtudagskvöld.

Það gerist stundum að félagarnir koma færandi hendi með bakkelsi í félagsaðstöðuna. Þá taka menn sér frí frá hefðbundnu kaffimeðlæti, þ.e. kremkexi og súkkulaðibitakökum. Þegar myndirnar hér fyrir neðan voru teknar, hafði Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI, tekið með sér heimabakaðar veislumúffur í Skeljanesið sem dóttir hans bakaði fyrr um daginn.






Frá vinstri: Jón Svavarsson, TF3LMN; Bjarni Sverrisson, TF3GB; Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS og Baldvin Þórarinsson, TF3-Ø33. *Ljósmyndir: Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI.*




*Úr félagsstarfinu. Óðinn Þór Hallgrímsson TF3MSN og Guðjón Helgi Egilsson TF3WO á góðri stundu.*



*Úr félagsstarfinu. Kjartan H. Bjarnason TF3BJ og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS í Skeljanesi 8. desember 2011.*

# 4. Vetrardagskrá; námskeið og fleira

## NÁMSKEIÐ, MYNDAKVÖLD, FLÓAMARKAÐUR, SUNNUDAGSOPNANIR

### 1. INNGANGUR

Vetrardagskrá Í.R.A starfsárið 2011-2012 var skipulögð af Kjartani H. Bjarnasyni, TF3BJ, varaformanni félagsins. Hún var í tveimur hlutum, þ.e. í *október-desember* og í *janúar-apríl.* Fyrri hlutinn var kynntur á sérstökum fimmtudagsfundi þann 15. september 2011 og síðari hlutinn á heimasíðu félagsins þann 1. janúar 2012. Í eftirfarandi umfjöllun er veitt yfirlit yfir námskeið, myndakvöld, flóamarkað og sérstaka opnunartíma á sunnudagsmorgnum.



*Yngvi Harðarson TF3Y. Ljósm.: TF2JB.*

### 1.1 Námskeið.

Alls voru haldin fjögur námskeið á vetrardagskrá starfsársins 2011/2012. Annars vegar var efnt til tveggja hraðnámskeiða. Það fyrra var sérstakt upprifjunar-námskeið fyrir notendur „Win-Test" keppnisdagbókar-forritsins laugardaginn *15. október* og það síðara, kynningarnámskeið á „WriteLog" keppnisdagbókar-forritinu laugardaginn *19. nóvember.* Hins vegar var efnt til tveggja hraðnámskeiða/kynningardaga með sýnikennslu í DX-samböndum um gervitungl frá TF3IRA. Fyrr námskeiðið var haldið þann laugardaginn *22. október* og það síðara laugardaginn *12. nóvember.*

### 1.2 „Win-Test" upprifjunarnámskeið.

Yngvi Harðarson, TF3Y, stóð fyrir hraðnámskeiði á „Win-Test" keppnisdagbókarforritinu þann *15. október.* Námskeiðið var hugsað til upprifjunar, en Yngvi hélt fyrstu „Win-Test" námskeiðin í október 2010 og svo aftur í apríl 2011. Mikil ánægja var með námskeiðið sem lauk með sambandi frá TF3IRA við T32C DX-leiðangurinn á A-Kiribati.

Höfundur Win-Test forritsins er franskur radíóamatör, O.L. Cam, F5MZN. Forritið er selt á 50 evrur og rennur allur ágóði af sölu þess til uppbyggingar á starfsemi radíóamatöra í Frönsku Guyana. „Win-Test" forritið er selt á netinu og styður það við um 100 alþjóðlegar keppnir á HF/VHF.



*Yngvi Harðarson TF3Y og Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN á „Win-Test" námskeiði i Skeljanesi 15. október. Ljósmynd: Jón Þóroddur Jónsson TF3JA.*

**1.3 Gervihnattafjarskipti; sýnikennsla.**
Benedikt Sveinsson, TF3CY, annaðist kynningu og sýnikennslu frá TF3IRA í Skeljanesi laugardaginn *22. október* um hvernig menn bera sig við að hafa sambönd um gervihnetti. Þótt flestir leyfishafar séu alvanir að vinna á mismunandi tíðnum í sendingu og móttöku, er það gjarnan innan sama bands (þótt „mixed band“ sambönd þekkist). Sambönd um gervitungl eru hins vegar flest „mixed band“. Algengt er að notuð sé SSB og FM tegund mótunar í þessum samböndum, auk mors og RTTY tegunda útgeislunar. Algeng gervitungl taka t.d. á móti merkjum á 2 metra bandinu og senda merki til baka til jarðar á 70 sentímetra bandinu. Á kynningardaginn náðust sambönd um FO-29 gervitunglið og AO-51. Félagsstöðin TF3IRA er ágætlega búin tækjum og loftnetum að þessu leyti.



*Hlustað eftir merkjum frá gervitunglum. Benedikt Sveinsson TF3CY stöðvarstjóri við stjórnvölinn á TF3IRA 12. nóvember. Jón Þ. Jónsson TF3JA og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS fylgjast með. Ljósm.: Óskar Sverrisson TF3DC.*

**1.4 Gervihnattafjarskipti; sýnikennsla II.**
Síðari kynningin á gervihnattafjarskiptum á yfirstandandi vetrardagskrá fór fram *12. nóvember*. Að sögn Benedikts Sveinssonar, TF3CY, gekk ekki vel að komast í samband að þessu sinni, en hlustað var m.a. eftir AO-7, AO-27, AO-51 og FO-29. Af þeim var AO-7 í skugga og ekki náðist í FO-29 vegna truflana. Ánægja var engu að síður með kynninguna, samanber meðfylgjandi tölvupóst frá félagsmanni: „Mjög áhugaverð kynning hjá Benedikt. Hluti af metnaðarfullri uppbyggingu félagsstöðvarinnar sem virðist á góðri leið“.

Þess má geta, að hugmyndin er að félagið festi kaup á „tracking“ hugbúnaði af gerðinni Nova (*NFW version 2.2c*) sem mun koma í stað hugbúnaðarins sem fylgir með Ham Radio Deluxe (og notaður hefur verið hingað til). Forritið kostar um 8 þúsund krónur.

**1.5 WriteLog keppnisforritið.**
Yngvi Harðarson, TF3Y, stóð fyrir „WriteLog“ kynningar/hraðnámskeiði í félagsaðstöðunni í Skeljanesi laugardaginn *19. nóvember*. „WriteLog“ er þekkt keppnisdagbókarforrit fyrir radíóamatöra. Í samtali við Yngva eftir kynninguna, kom m.a. fram að hann hafi ekki að öllu



*Yngvi Harðarson TF3Y við stjórnvölinn á TF4X í CQ WW DX SSB keppninni 2011. Ljósm.: Þorvaldur Stefánsson TF4M.*

leyti verið ánægður með kynninguna þar sem ný uppfærsla sem hann hafði sótt á netið kvöldið áður virkaði ekki fullkomlega þegar að sjálfri kynningunni kom. Yngvi sagði, að engu að síður hafi kynningin verið nytsamleg fyrir viðstad+da. Hann sagði ennfremur að áhugi manna virtist einkum beinast að notkun „WriteLog" á RTTY og PSK tegundum útgeislunar, en það væri líka framúrskarandi gott forrit til að nota á tali og morsi.

*„WriteLog for Windows"* er meðal vinsælla keppnisdagbókarforrita hjá radíóamatörum. Það vinnur á flestum tegundum útgeislunar, m.a. CW, SSB, RTTY og PSK. Það var t.d. næst mest notaða keppnisdagbókarforritið í síðustu *„World Radiosport Team Championship"* keppninni. Innkaupsverð er hagstætt, „WriteLog version 10" kostar $35. Ódýrari útgáfa af forritinu er fáanleg og kostar hún sem kostar um helming af því verði.

## 2. MYNDAKVÖLD.

Á vetrardagskrá félagsins 2011/2012 voru tvö kvöld í boði þar sem sýndar voru DVD heimildarmyndir í Skeljanesi. Fyrra sýningarkvöldið var haldið þann *24.nóvember* og var sýnd DVD-heimildarmynd frá DX-leiðangri til Baker eyju í Kyrrahafi sem farinn var vorið 2002. Kallmerkið var K1B. Síðara sýningarkvöldið var haldið þann *22. mars* og var sýnd DVD-heimildarmynd frá DX-leiðangri til A-Kiribati sem farin var í september/október 2011.

### 2.1 K1B; Baker Island.




DX-leiðangurinn til Baker eyju í Kyrrahafi var farinn vorið 2002. Kallmerkið var K1B. Um var að ræða hóp 12 leyfishafa sem tókst að setja „heimsmet" á þeim tíma í fjölda sambanda, en heildarfjöldinn var alls 95.127. Myndin tók um 40 mínútur í sýningu og var fróðlegt að sjá aðstæður, en hópurinn vann úr tjöldum. Eyjan er aðeins tæplega þrír ferkílómetrar að stærð og er í

raun stórt kóralrif (með tilheyrandi dýralífi sem skríður eftir yfirborðinu) en lítur út úr fjarægð eins og stórt sandrif. Hópurinn var vel búin tækjum, aukahlutum og loftnetum, þ.m.t. stefnuvirkum loftnetum og RF mögnurum. Nánari staðsetning: 2700 km í suðvestur frá Hawaii. Þakklæti til Guðmundar Sveinssonar, TF3SG, sem annaðist sýningarstjórn og til Benedikts Sveinssonar, TF3CY, fyrir tæknilega uppsetningu, en stórir aukahátalarar sem hann tengdi við myndvarpann komu mjög vel út. Sýningin var í boði Þorvaldar Stefánssonar, TF4M, sem gaf félaginu mynddiskinn og eru honum færðar bestu þakkir.




## 2.2 T32C; Austur-Kiribati.

DX-leiðangurinn til A-Kiribati í Kyrrahafi var QRV dagana 27. september til 24. október 2011. Alls náðust 213.169 QSO sem er mesti fjöldi sambanda sem náðst hefur í einum leiðangri hingað til. 42 leyfishafar tóku þátt í ferðinni. Almenn ánægja var með myndasýninguna í félagsaðstöðunni þann *22. mars*, en margar TF stöðvar náðu að hafa samband við T32C. Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, náði þeim frábæra árangri *úr bílnum* að hafa sambönd við T32C á samtals 9 böndum, þ.e. 1.8, 3.5, 7, 10, 14, 18, 21 og 28 MHz. Vilhjálmur sagði, aðspurður, að þetta hafi verið mjög spennandi og bætti við, "...að hefði stöðin mín haft 6 metra bandið, hefði verið mjög gaman að prófa þar líka...". Þess má geta, að fjarlægðin á milli TF og T32 er tæplega 12 þúsund kílómetrar. Öll samböndin voru höfð á 100W og morsi. Árangur Vilhjálms er einkar athyglisverður hvað varðar lægri böndin, 3.5 MHz og 1.8 MHz þar sem sambönd úr farartækjum í þessum tíðnisviðum eru erfið, enda bylgjulengdin 80 metrar annars vegar og 160 metrar hins vegar og loftnet þar af leiðandi stutt og tapsmikil. Sýningin var í boði Brynjólfs Jónssonar, TF5B, sem gaf félaginu mynddiskinn og eru honum færðar bestu þakkir.

## 3. FLÓAMARKAÐUR AÐ HAUSTI

Flóamarkaður Í.R.A. starfsárið 2011/2012 var haldinn sunnudaginn *16. október.* Alls mættu tæplega 40 manns á viðburðinn sem hófst stundvíslega kl. 13 og stóð yfir til kl. 16. Ágætt framboð var á margskonar smíðaefni, íhlutum, kössum til smíða, mælitækjum og aukahlutum, m.a. frá MFJ og Yaesu, auk loftneta fyrir HF, VHF, UHF og SHF böndin frá Mosley, New-Tronics, M2, WiMo og J-Beam. Þá var ágætt framboð af LCD tölvuskjám og sérhæfðum tölvuhlutum. Óhætt er að fullyrða að þeir sem gerðu viðskipti á flóamarkaðnum hafi undantekningarlaust gert góð kaup.

Hápunkturinn þennan sunnudag var uppboð á dýrari hlutum og búnaði sem haldið var stundvíslega kl. 14 og annaðist Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, það af einskærri snilld. Alls voru 14 "númer" á uppboðinu og sala með ágætum, en hvað mest var boðið í New-Tronics Hustler 6-BTV stangarloftnet fyrir HF-sviðið og valinkunnar gullhúðaðar "pöllur" (spaðalykil) frá Speed-Paddles. Stórt Mosley TA-53-M 4 staka Yagi loftnet fyrir HF-böndin (sem nýtt) seldist þó ekki, þrátt fyrir sanngjarnt ásett verð og sumir uppboðshlutir seldust jafnvel eftir uppboðið, þegar þeir sem komu seint höfðu náð að kynna sér nánar hlutina, sbr. t.d. nýjan Comtex PS30SW-I 13.8VDC/30A spennugjafa sem færri fengu en vildu.




*Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson TF3VS býður upp upp spaðalykil frá Speed-Paddles U.S.A. Ljósmynd: TF3LMN.*




*Hluti af dýrari tækjum og búnaði sem var til uppboðs.*



*UHF stöðvar, hleðslutæki og búnaður.*



*TF3IG, TF3BM og TF3BJ skoða framboðið.*




*Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM, skoðar radíólampa.*



*TF3PPN, TF3HP og TF3FIN skoða mælitæki.*

**4. SUNNUDAGSOPNANIR.**
Alls voru auglýstar fimm sunnudagsopnanir á vetrardagskrá félagsins starfsárið 2011/2012. Þær urðu í reynd aðeins fjórar, þar sem fyrirhuguð sunnudagsopnun þann 27. nóvember um íslensku reglugerðina, var felld niður vegna þátttöku í CQ WW DX morskeppninni 2011 (sem haldin var um sömu helgi). Eftirtaldar fjórar sunnudagsopnanir fóru fram eftirtalda sunnudaga með eftirtalin umræðuþemu: Þann *20. nóvember,* TF3AO: „Að hefja RTTY keppnisferilinn“; þann *4. desember,* TF3SB: „Að gera upp gömul lampatæki“; þann *11. desember,* TF3UA: „Fæðilínur og skyldir hlutir“; og *12. febrúar,* TF3DX: „Samsvörun í jöfnum og rásum þegar víxlað er spennu og straumi“.



*Ársæll Óskarsson TF3AO ræddi RTTY mál í Skeljanesi þann 20. nóvember.*

**4.1 Sunnudagur 20. nóvember.**
Ársæll Óskarsson, TF3AO, leiddi umræður sunnudagsmorguninn *20. nóvember* með veglegri „Power Point“ kynningu sem nefndist „Að hefja RTTY keppnisferilinn“. Um var að ræða erindi eftir Ed Munch, W0YK, merkt „Contest University, CTU“ í þýðingu Ársæls Óskarssonar. Í samtali við skýrsluhöfund var Ársæll ánægður með móttökur. Það voru félagsmenn líka, samanber eftirfarandi tölvupóst: „*Framsagan hjá TF3AO s.l. sunnudag tókst frábærlega vel. Bæði var mæting býsna góð og ekki síðra að erindið var vel undirbúið og flutt af skörungsskap*“. Power Point glærur með erindinu eru vistaðar á heimasíðu Í.R.A.

**4.2 Sunnudagur 4. desember.**
Sunnudaginn *4. desember* leiddi Sigurbjörn Þór "Doddi" Bjarnason, TF3SB, umræður í Skeljanesi, um hvernig best er staðið að því að gera upp eldri tæki. Að sögn Dodda, var morguninn vel heppnaður og umræður áhugaverðar.



*Í Skeljanesi 4. desember. Henry Arnar Hálfdánarson TF3HRY og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB. Ljósm.: TF3DC.*



*Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA í Skeljanesi sunnudaginn 11. desember. Ljósm.: Jón Þóroddur Jónsson TF3JA.*

### 4.3 Sunnudagur 11. desember.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, leiddi umræður um fæðilínur sunnudaginn *11. desember*. Að sögn Sæmundar, voru umræður mjög góðar. Meðal annars var rætt um einstakar gerðir loftneta og aðlögun þeirra við sendi á sem tapminnstan hátt. Hann sagði ljóst, að verulegur áhugi væri um þessar mundir í félaginu á loftnetasmíðum. Miðað við eftirfarandi tölvupóst, voru félagsmenn ánægðir: *„Gagnlegar og líflegar umræður sem Sæmundur leiddi af þekkingu. Bestu þakkir".*

### 4.4. Sunnudagur 12. febrúar.

Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, leiddi umræður í Skeljanesi *12. febrúar*. Vilhjálmur kynnti erindið eftirfarandi: „Ætlunin er að fjalla um það sem heitir "duality" á ensku, sem ég



*Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX í félagsaðstöðunni í Skeljanesi sunnudaginn 12. febrúar. Ljósmynd: TF2JB.*

hef lengi þýtt sem "tvídd" við kennslu. Þá er skoðuð samsvörun í jöfnum og rásum þegar víxlað er spennu og straumi. Þó hægt sé að komast af án þessa hugtaks, víkkar það sjónar-hornið og eykur skilning. Greining á einni rafrás gildir líka um aðra rás, sem er þá "tví"

(„dual“) hinnar og öfugt. Það munar um minna en að helminga þann aragrúa af rásum sem við viljum skilja. Að sama skapi kann maður í raun 2 jöfnur fyrir hverja sem maður lærir, og getur stundum valið jöfnu sem gefur einfaldari útreikninga en sú sem annars þyrfti að nota“.
Erindið hófst stundvíslega kl. 10:00. Umræður voru fjörugar og stóðu fram yfir kl. 13:00. Alls mættu 18 félagsmenn í Skeljanesið að þessu sinni.

**5. UM SUNNUDAGSOPNANIR.**
Sunnudagsopnanir hafa verið skýrðar á þann veg, að um sé að ræða fyrirkomulag umræðna á messutíma sem eru hugsaðar sem afslappaðar, þ.e. þar sem menn sitja með kaffibolla í stóra sófasettinu og ræða amatör radíó. Tiltekinn leyfishafi sem hefur staðgóða þekkingu á viðkomandi umræðuefni, leiðir síðan umræðuna og svarar spurningum.


*TF3AM, TF3VS, TF2JB og TF3BJ á flómarkaði haustið 2011. Ljósm.: TF3LMN*


*TF3EE og TF8SM á flóamarkaði.*


*Úr félagsstarfinu. Ólafur Þ. Guðjónsson TF3MX og Höskuldur Elíasson TF3RF í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3G.*

# 5. Námskeið og próf til amatörleyfis

## NÁMSKEIÐ TIL AMATÖRLEYFIS, PRÓF, MORSÆFINGAR



*Kjartan H. Bjarnason TF3BJ skólastjóri námskeiða Í.R.A. Ljósm.: TF2JB.*

**1. NÁMSKEIÐ TIL AMATÖRLEYFIS**
Námskeið til amatörleyfis sem haldið var haldið á vegum Í.R.A á tímabilinu frá 7. mars til 25. maí lauk með prófi á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar þann *28. maí.* Alls þreyttu 18 nemendur prófið, 17 í tækni og 14 í reglugerðum. 13 náðu fullnægjandi árangri til réttinda í tæknihlutanum; þar af 8 til G-leyfis og 5 til N-leyfis. Allir 14 náðu fullnægjandi árangri til réttinda í reglugerðahlutanum. Fulltrúi stofnunarinnar í prófinu var Bjarni Sigurðsson sérfræðingur hjá PFS. Af þeim sem fóru í tæknihlutann og stóðust eru 80% þegar félagar í Í.R.A.

Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ, er skólastjóri námskeiða félagsins. Þeir sem kenndu á námskeiðinu (auk Kjartans) voru: Andrés Þórarinsson, TF3AM; Henry Arnar Hálfdánarson, TF3HRY; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA; Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX; og Þór Þórisson, TF3GW. Kennt var tvö kvöld í viku í félagsaðstöðu Í.R.A. við Skeljanes á tímabilinu frá 7. mars til 25. maí.



*Hluti nemenda sem sátu próf til amatörleyfis í Skeljanesi laugardaginn 28. maí. Ljósmynd: TF2JB.*

Prófkröfur Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis miðast við 5. gr. reglugerðar nr. 348/2004 og tilmæli CEPT nr. 61-02 eftir því sem við á og eru tvískiptar, þ.e. annars vegar fyrir N-próf og hins vegar fyrir G-próf. Prófkröfur eru eftirfarandi fyrir N-próf:

1. Grunnatriði í rafmagns- og radíófræði.
2. Innlendar og alþjóðlegar reglur og aðferðir í viðskiptum.
3. Helstu atriði í lögum um fjarskipti og reglugerð um radíóáhugamenn.

Prófkröfur stofnunarinnar til amatörleyfis miðast við 5. gr. reglugerðar nr. 348/2004 og tilmæli CEPT nr. 61-02 eftir því sem við á og eru eftirfarandi fyrir G-próf:

1. Tækni: Raf-, rafsegul- og radíófræði; íhlutir; rásir; viðtæki; sendar; loftnet og sendilínur; útbreiðsla rafsegulbylgna; mælingar; truflanir og truflanavernd; öryggismál í sambandi við rafmagn.
2. Innlendar og alþjóðareglur um viðskipti og aðferðir: Stöfun með orðum; Q-skammstafanir; skammstafanir sem eru notaðar í viðskiptum; alþjóðleg neyðarmerki, neyðarköll og fjarskipti í náttúruhamförum; kallmerki; og skipulag alþjóðlegu radíóáhugamannasamtakanna (IARU) á tíðnisviðum radíóáhugamanna.
3. Innlendar og alþjóðlegar reglur um þráðlaus fjarskipti áhugamanna: Radíóreglugerð ITU; reglur CEPT; og innlend löggjöf, reglugerðir og leyfisskilyrði.

## 2. UNDIRBÚNINGUR PRÓFS TIL AMATÖRLEYFIS 28. APRÍL.

Stjórn Í.R.A. samþykkti á fundi þann 17. febrúar, að fenginni jákvæðri umsögn prófnefndar félagsins, að kanna með áhuga á þátttöku í prófi til amatörleyfis án undanfarandi námskeiðs vorið 2012 og var laugardagurinn 28. apríl nefndur sem prófdagur. Könnun í vefmiðlum félagsins fór síðan fram og lauk þann 16. mars. Alls skráðu sig 15 manns.

Að feginni jákvæðri umsögn prófnefndar m.a. þess efnis, að prófið yrði í boði bæði á íslensku og ensku, var sent erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar með beiðni um próf þann dag. Jákvætt erindi stofnunarinnar barst síðan þann 28. mars. Sama dag var tilkynnt um þá niðurstöðu á vefmiðlum félagsins. Formleg tilkynning var síðan sett á heimasíðu félagsins og póstlista þann 11. apríl.

### 2.1 Kynningarkvöld 30. mars.

Þann 26. mars var sett tilkynning á heimasíðu félagsins þar sem boðið var upp á sérstakt kynningarkvöld félagsins í Skeljanesi um fyrirkomulag prófs og námsefni. Kynningin fór síðan fram í félagsaðstöðu Í.R.A. föstudaginn 30. mars og annaðist Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, formaður prófnefndar félagsins kynninguna. Hann lagði fram og kynnti nýja samantekt nefndarinnar fyrir þá sem áhuga hafa á að sitja próf til amatörleyfis, sem nefnist: „Námsefni og próf fyrir radíóamatöra".



*Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX formaður prófnefndar á kynningarkvöldi í Skeljanesi 30. mars. Ljósm.: TF2JB.*

Vilhjálmur fór síðan yfir og kynnti prófkröfur samkvæmt gildandi reglugerð um starfsemi radíóamatöra. Þá kynnti hann eftirfarandi námsgögn sem lágu frammi til kynningar á fundinum:

1. „Passport to Amateur Radio“ (J. Lawrence, GW3JGA).
2. Amatörpróf í raffræði og raftækni, 1. útgáfa (Prófnefnd Í.R.A.).
3. Samantekt á námsefni fyrir radíóamatörpróf í reglum og viðskiptum (Prófnefnd).
4. Námsefni úr reglugerð um raforkuvirki fyrir radíóamatöra (Prófnefnd Í.R.A.).
5. Truflanir frá sendum (Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX).
   Auk tilgreindra þátta úr ritinu Siðfræði og samskiptasiðir radíóamatöra (J. Devoldere, ON4UN og M. Demeuleneere, ON4WW) í þýðingu Vilhjálms Ívars Sigurjónssonar, TF3VS.

Vilhjálmur kynnti að lokum um endurgerða vefsíðu prófnefndar á heimasíðu Í.R.A., þar sem vefslóðin er: http://ira.is/pages/viewpage.action?pageId=688405).

**2.2 Fræðslukvöld 18. apríl.**
Þann 13. apríl var sett tilkynning á heimasíðu félagsins þar sem boðið var upp á sérstakt fræðslukvöld fyrir verðandi próftaka. Fræðslukvöldið fór síðan fram í félagsaðstöðu Í.R.A. miðvikudaginn 18. apríl þar sem þeir Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS og Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX héldu erindi.



*Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson TF3VS fjallaði um undirstöðuatriði í samskiptasiðum radíóamatöra. Ljósm.: TF2JB.*

Vilhjálmur Ívar flutti erindi er nefndist „Réttindi, ábyrgð og siðir radíóamatöra“. Það var flutt með tilvísan til rits þeirra J. Devoldere, ON4UN og M. Demeuleneere, ON4WW, Siðfræði og samskiptasiðir radíóamatöra, sem Vilhjálmur þýddi á íslensku og kom út á vegum félagsins haustið 2009.

Vilhjálmur Þór flutti erindi er nefndist „Mótun og stilling hennar, ágrip af fræðum og sýnikennsla“. Það var flutt, með tilvísan til samantektar Vilhjálms um „Merki og mótun“ sem kynnt var vorið 2011 (og vistuð er á vefsvæði prófnefndar á heimasíðu) svo og framlagðrar greinar eftir hann undir heitinu „Afl og truflanir“ sem birtist í septemberhefti CQ TF 2005. Að loknum erindisflutningi, fór Vilhjálmur yfir verklega þátt í stillingu mótunar á

SSB. Á meðfylgjandi myndum má m.a. sjá Yaesu FT-840 og Icom IC-718 100W sendi-/móttökustöðvar ásamt aukabúnaði sem notaður var við sýnikennsluna.




*Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX fjallaði fræðilega og verklega um umfjöllunarefnið "Merki og mótun".*



*Sýnikennsla TF3DX var áhugaverð og lífleg og tóku viðstaddir virkan þátt í prófunum (sbr. mynd). Ljósm.: TF2JB*

## 2.3 Próf til amatörleyfis 28. apríl.

Próf á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis var haldið í félagsaðstöðu Í.R.A. við Skeljanes 28. apríl. Prófið var tvískipt, annarsvegar í undirstöðuatriðum í raffræði og radíótækni og hinsvegar í reglugerð og viðskiptum. Alls þreyttu átta manns fyrri hluta prófsins og fimm manns þann síðari. Tveir náðu fullnægjandi árangri til G-leyfis í tæknihlutanum og allir fimm náðu fullnægjandi árangri til réttinda í reglugerðahlutanum, þar af þrír til G-leyfis og tveir til N-leyfis. Nánari upplýsingar má sjá í Viðauka-B á bls. 123.



*Hluti þátttakenda er sátu próf til amatörleyfis í félagsaðstöðunni í Skeljanesi 28. apríl. Ljósmynd: TF2JB.*

Prófnefnd Í.R.A. annaðist undirbúning og framkvæmd að viðstöddum fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar. Prófið var skriflegt og fór bæði fram á íslensku og ensku. Prófið var að þessu sinni haldið án undanfarandi námskeiðs.

Fulltrúar prófnefndar Í.R.A. á prófstað: Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX formaður, Kristján Benediktsson TF3KB, Kristinn Andersen TF3KX og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, auk Þórs Þórissonar TF3GW. Fulltrúi Póst- og fjarskiptastofnunnar: Bjarni Sigurðsson sérfræðingur. Fulltrúar stjórnar Í.R.A. á prófstað: Jónas Bjarnason TF2JB og Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA.



*Prófnefnd Í.R.A. að störfum eftir prófið 28. apríl ásamt fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar. Frá vinstri: Kristján Benediktsson TF3KB, Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson TF3VS, Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX formaður prófnefndar, Bjarni Sigurðsson sérfræðingur hjá PFS og Kristinn Andersen TF3KX. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF2JB.*



*Stefán Arndal TF3SA í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi. Ljósmynd: Jón Þóroddur Jónsson TF3JA.*

**3. MORSEÆFINGAR.**

Stefán Arndal, TF3SA, annaðist útsendingar á morsæfingum veturinn 2011/2012. Sent var út þrjá daga í viku, þ.e. mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga á tíðninni 3540 kHz og hófust útsendingar kl. 21.00. Hver útsending var í um 30 mínútur.

Fyrri hlutinn hófst þann *15. ágúst* og var sent út í nær tvo mánuði. Síðari hlutinn hófst þann *13. desember* (með hléi yfir hátíðisdagana) og stóð yfir til páska. Guðmundur Sveinsson, TF3SG, sá um skipulagningu í félagi við Stefán og sá um að setja tilkynningar á heimasíðu félagsins þar sem menn voru hvattir til að taka virkan þátt og æfa sig í að senda á morsi í samskiptum við reynda leyfishafa eftir útsendingu æfinganna.



*Guðmundur Sveinsson TF3SG á morspöllunum í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi. Ljósmynd: Jón Svavarsson, TF3LMN.*

**4. STÖÐUTAKA Í MORSI.**

Guðmundur Sveinsson, TF3SG, setti tilkynningu á heimasíðu félagsins þann *24. janúar* þess efnis, að ráðgert sé að félagið bjóði upp á stöðutöku í móttöku og sendingu morsmerkja vorið 2012. Á sama tíma var opnað fyrir skráningu. Guðmundur tók verkefnið að sér á stjórnarfundi í félaginu þann 5. október 2011. Hann hefur unnið að undirbúningi verkefnisins frá þeim tíma í samráði við Stefán Arndal, TF3SA. Ráðgert er að skráning verði a.m.k. opin út maímánuð.

# 6. TF útileikar, vitahelgin, keppnir

## TF ÚTILEIKAR, VITAHELGIN, KEPPNISÞÁTTTAKA FRÁ TF3W

### 1. TF ÚTILEIKARNIR 2011

TF útileikarnir voru haldnir í 32. sinn um verslunarmannahelgina 2011; dagana 30. júlí til 1. ágúst. Bjarni Sverrisson, TF3GB, umsjónarmaður útileikanna, kynnti niðurstöður í félagsaðstöðunni í Skeljanesi 6. október. Fram kom m.a. að alls tóku 19 stöðvar þátt að þessu sinni samanborið við 22 árið á undan og hlutu 13 þeirra viðurkenningar og verðlaun, þar af voru 3 stöðvar mannaðar Íslendingum sem tóku þátt frá Noregi og Svíþjóð. Þorvaldur Stefánsson, TF4M, reyndist sigurvegari útileikanna árið 2011 með alls 2.234.880 stig, sem er glæsilegur árangur. Þorvaldur hlaut ágrafinn verðlaunaplatta að launum. Guðmundur Löve, TF3GL, varð í öðru sæti og Georg Magnússon, TF2LL, í því þriðja.



*Þorvaldur Stefánsson TF4M og Bjarni Sverrisson TF3GB umsjónarmaður TF útileikanna, mæltu sér mót sunnudaginn 9. október 2011 á heimili þess síðarnefnda (en Þorvaldur átti ekki heimangengt þegar formleg afhending var í Skeljanesi 6. október). Á myndinni afhendir Bjarni Þorvaldi 1. verðlaunin í TF útileikunum 2011.*



*Viðurkenningum veitt móttaka í félagsaðstöðunni í Skeljanesi þann 6. október. Frá vinstri: Benedikt Sveinsson TF3CY, Guðmundur Löve TF3GL, Guðmundur Sveinsson TF3SG, Bjarni Sverrisson TF3GB, Jónas Bjarnason TF2JB og Jón Þ. Jónsson TF3JA. Verðlaunahafar sem vantar á myndina áttu ýmist ekki heimangengt eða voru staddir erlendis. Ljósmynd: Gísli G. Ófeigsson TF3G.*



*Benedikt Sveinsson TF3CY var mjög ánægður með niðurstöðuna og sagðist stefna að 1. sætinu í TF útileikunum sumarið 2012. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3LMN.*

Þeir sem voru umsjónarmanni til aðstoðar við yfirferð fjarskiptadagbóka og útreikninga voru þeir Guðmundur Sveinsson, TF3SG; Kristinn Andersen, TF3KX; og Óskar Sverrisson, TF3DC. Brynjólfur Jónsson, TF5B, viðurkenningastjóri félagsins, annaðist hönnun og framleiðslu viðurkenningaskjala. Niðurstöðum TF útileikanna eru gerð nánari skil í 4. tbl. CQ TF 2011.

## 2. VITA- OG VITASKIPAHELGIN 2011

Hin árlega Vita- og vitaskipahelgi var haldin hátíðleg dagana 20. og 21. ágúst. Í ljósi almenns áhuga félagsmanna samþykkti stjórn félagsins að styðja það að viðburðurinn yrði haldinn við Garðskagavita, annað árið í röð. Samkomutjald félagsins, stólar og borð, Kenwood TS-2000 stöð félagsins og nauðsynlegur fjarskiptabúnaður var fluttur suður á Garðskaga í þessu skyni. Kallmerkið TF8IRA var notað og var félagsstöðinni fundinn góður staður í kjallara vitavarðarhússins. Að auki voru starfræktar tvær aðrar stöðvar í sama húsi og úr vitanum sjálfum, auk þess sem margir félagsmenn voru með eigin búnað á staðnum; QRV úr bílum, hjólhýsum og tjöldum.




Almenn ánægja var á meðal félagsmanna, sem sóttu viðburðinn. Kom þar margt til, enda aðstaðan mjög góð, m.a. leiksvæði fyrir börn, frí tjaldsvæði og fullkomin aðstaða fyrir hjól- og tjaldhýsi, auk þrifalegra útisnyrtinga. Þá er á svæðinu byggðasafn og handverkssala (á efri hæð í vitavarðarhúsinu) þar sem í boði er úrval af vörum frá handverksfólki á Suðurnesjum. Þá er starfræktur veitinga-staður og bar á staðnum (á efri hæð byggðasafnsins). Þá var einmuna veðurblíða (báða dagana), þ.e. sól, logn og blíðviðri og um 14°C lofthiti. Loks var mikil ánægja með kjúklingasúpu helgarinnar sem var tilreidd af þeim hjónum Guðlaugi Kristni Jónssyni og XYL Birnu Ísaksdóttur. Að sögn Guðlaugs var einmuna veðurblíða

(báða dagana), þ.e. sól, logn, blíðviðri og um 14°C hiti. Hann sagði, að þau hjón hafi lagað um 20 lítra af kjúklingasúpu sem var framreidd stundvíslega frá 12 á hádegi á laugardeginum og var áfram ausið í skálar uns hún kláraðist laust fyrir kl. 17. Guðlaugur Kristinn sagði, að lykillinn að gæðum súpunnar væri 1. flokks hráefni af Suðurnesjum. Súpan var ókeypis fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. Félagið bauð jafnframt upp á einnota diska og hnífapör fyrir þá sem það vildu. Alls fóru út 45 súpuskálar að þessu sinni sem er heldur meira en árið á undan.



*Í blíðviðri á vitahelginnni á Garðskaga þann 20. ágúst. Frá vinstri: Erling Guðnason TF3EE, Halldór Christensen TF3GC, Bjarni Sverrisson TF3GB, Guðmundur Ingi Hjálmtýsson TF3IG, Stefán Arndal TF3SA, Sigurður Smári Hreinsson TF8SM; og Höskuldur Elíasson TF3RF. Ljósmynd: Guðmundur Ingi Hjálmtýsson TF3IG.*

Stjórn félagsins óskar að þakka sérstaklega framlag Sigurðar Smára Hreinssonar, TF8SM, sem stóð fyrir og bar ábyrgð á undir-búningi og vinnu í sambandi við Vita- og vitaskipahelgina 2011. Sömuleiðis þakkir til þeirra hjóna, Guðlaugs Kristins Jónssonar, TF8GX og XYL Birnu Ísaksdóttur fyrir framleiðslu á vitasúpu „ársins“. Ennfremur þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF3ARI og Jóns Þórodds Jónssonar, TF3JA, sem fluttu búnað félagsins úr Skeljanesi fram og til baka á Garðskaga, svo og til annarra, m.a. Guðmundar Inga Hjálmtýssonar, TF3IG og fleiri, sem studdu að því að gera helgina vel heppnaða.



*Sigurður Smári Hreinsson TF8SM við félagsstöðina TF8IRA á Vita- og vitaskipahelginni 20. ágúst. Ljósmynd: TF3ARI.*

## 3. ÞÁTTTAKA Í ALÞJÓÐLEGUM KEPPNUM FRÁ FÉLAGSSTÖÐINNI TF3W.

Á starfsárinu var félagsstöðin, TF3W, virkjuð í alls sex alþjóðlegum keppnum radíóamatöra. Þær eru (í tímaröð):

- *Scandinavian Activity Contest (SAC)* morskeppnin í september.
- *Scandinavian Activity Contest (SAC)* SSB-keppnin í október.
- *CQ World-Wide DX* SSB-keppnin í október.
- *CQ World-Wide DX* morskeppnin í nóvember.
- *ARRL 10 Meter International DX* CW/SSB keppnin í desember.
- *ARRL International DX* morskeppnin í febrúar.

TF3SA virkjaði félagsstöðina í SAC morskeppninni. Í SAC SSB-keppninni komu alls átta leyfishafar að verkefninu; TF2WIN, TF3AO, TF3CY, TF3FIN, TF3HP, TF3SG, TF3JA og TF3SA. Í CQ WW SSB keppninni virkjuðu fjórir leyfishafar stöðina, þ.e. TF3FIN, TF3HP, TF3JA og TF3WO. TF3DC virkjaði félagsstöðina síðan í tveimur keppnum, CQ WW DX morskeppninni og í ARRL 10 Meter International DX CW/SSB keppninni. TF3CW virkjaði loks félagsstöðina í ARRL International DX morskeppninni. Hér á eftir fylgir stutt yfirlit yfir keppnirnar.



*Stefán Arndal TF3SA við stjórnvölinn á TF3W í Skeljanesi 17. september. Ljósmynd: Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA.*

## 3.1 SAC morskeppnin 2011.

Félagsstöðin TF3W var virkjuð í *Scandinavian Activity morskeppninni* helgina 17.-18. september. Það var Stefán Arndal, TF3SA, sem var á lyklinum að þessu sinni. Stöðin var undirbúin til þátttöku með skömmum fyrirvara af þeim Benedikt Sveinssyni, TF3CY og Guðmundi Sveinssyni, TF3SG. Að sögn Benedikts, var SteppIR 3E Yagi loftnetinu snúið og það sett fast ca. í 265° (vegna bilaðs rótors) en stjórnbúnaður SteppIR 3E loftnetsins gefur möguleika á að skipta á milli átta í 180° plani sem hjálpar mikið. Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA, veitti verkefninu einnig stuðning. Stefán hóf keppnina á 21 MHz en flutti sig síðan

fljótlega niður á 14 MHz sem varð aðal bandið í keppninni. Skilyrðin voru góð framan af degi (á laugardag) en versnuðu fljótt með kvöldinu og var K-stuðullinn t.d. kominn upp í 5 þegar um kl. 20. Stefán náði alls 1198 QSO‘um sem verður að teljast mjög viðunandi árangur, í ljósi lélegra skilyrða, að SteppIR 3E loftnet félagsins var fastsett og að Harris 110 RF magnari félagsins var aðeins keyrður á 700W. Glæsilegur árangur hjá Stefáni og vel staðið að undirbúningi hjá þeim Benedikt, Guðmundi og Jóni Þóroddi.



*Ársæll Óskarsson TF3AO.*



*Guðmundur TF3SG og Haraldur TF3HP.*

**3.2 SAC SSB-keppnin 2011.**

Félagsstöðin TF3W var QRV í *Scandinavian Activity SSB-keppninni* sem fór fram helgina 8.-9. október. Alls náðust 1.529 QSO sem er góður árangur miðað við aðstæður, en skilyrði voru ekki hagstæð ásamt því að SteppIR 3E Yagi loftnet stöðvarinnar var með bilaðan rótor. Skilyrði voru nokkuð góð framan af laugardeginum, en versnuðu með kvöldinu og var K-stuðullinn kominn í 4 um kl. 21. Harris 110 RF magnari félagsins var notaður í keppninni á um 600W útgangsafli. Það var Benedikt Sveinsson, TF3CY, sem stóð fyrir keppninni ásamt Guðmundi Sveinssyni, TF3SG. Aðrir sem tóku þátt (um skemmri eða lengri tíma) voru: Ársæll Óskarsson, TF3AO; Gunnar Svanur Hjálmarsson, TF3FIN; Haraldur Þórðarson, TF3HP; Sigurður Óskar Óskarsson, TF2WIN; Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA; og Stefán Arndal, TF3SA.

*Ljósmyndir: Stefán Arndal, TF3SA.*



*Jón Þóroddur Jónsson TF3JA.*



*Ársæll TF3AO og Sigurður Óskar TF2WIN.*



*Gunnar Svanur Hjálmarsson TF3FIN.*



*Benedikt Sveinsson TF3CY.*

**3.3 CQ World-Wide DX SSB-keppnin.**
Félagsstöðin TF3W var virkjuð í *CQ WW DX SSB keppninni* helgina 29.-30. október. Stöðin var aðeins virkjuð hluta af laugardeginum af þeim Jóni Þóroddi Jónssyni, TF3JA; Gunnari Svani Hjálmarssyni, TF3FIN; Haraldi Þórðarsyni, TF3HP og Guðjóni Helga Egilssyni, TF3WO. Árangur var 47.278 heildarstig.

Böndin voru nokkuð vel opin á laugardeginum og var stöðin QRV á 28 MHz og 21 MHz frá hádegi uns skipt var yfir á 14 MHz síðdegis. Upp úr kl. 21 kom lægð í skilyrðin þar, en aftur ný opnun á 21 MHz varð undir miðnætti. Síðan var stöðin QRV á 7 MHz fram undir kl. 03, en skilyrði voru afar léleg.



*Óskar Sverrisson TF3DC starfrækti félagsstöðina TF3W bæði í CQ World-Wide DX morskeppninni 26.-27. nóvember og í ARRL International 10 metra CW/SSB keppninni 10.-11. desember. Ljósmynd: TF3SA.*

**3.4 CQ World-Wide DX morskeppnin.**
Félagsstöðin TF3W var virkjuð í *CQ WW DX morskeppninni* helgina 26.-27. nóvember. Það var Óskar Sverrisson, TF3DC, sem var á lyklinum að þessu sinni. Niðurstaðan var alls 1.128 QSO. Óskar gat einvörðungu keppt hluta úr degi fyrri daginn. Skilyrði voru ágæt, einkum á hærri böndunum.

**3.5 ARRL International 10 Meter CW/SSB keppnin.**
Óskar Sverrisson, TF3DC, starfrækti félagsstöðina TF3W í *ARRL 10 metra keppninni* helgina 10.-11. desember. Keppnin fór fram samtímis á morsi og tali. Hann byrjaði í keppninni á hádegi (á laugardag) og var einvörðungu á morsi.

**3.6 ARRL International DX morskeppnin.**
Sigurður R. Jakobsson, TF3CW, keppti frá félagsstöðinni, TF3W, í alþjóðlegu *ARRL DX morskeppninni*, helgina 18.-19. febrúar. Sigurður keppti í einmenningsflokki á öllum böndum, fullu afli. Niðurstaðan í keppninni var 2.675 QSO, 243 margfaldarar eða nær 2

milljónir heildarstiga. Þessi niðurstaða er ótrúlega góð þegar tekið er tillit til bilana í búnaði og truflana í segulsviðinu síðari dag keppninnar.



*Sigurður R. Jakobsson TF3CW í ARRL morskeppninni 2011.*

Sigurði tókst m.a. að sigra OH8X í fyrsta skipti í alþjóðlegri keppni. Báðar stöðvar kepptu í sama flokki og var viðvera álíka, TF3W=35 klst. og OH8X=38 klst. Í meðfylgjandi töflu má sjá, að OH8X hafði engin sambönd á 160 metrum og að munurinn er mikill, okkur í vil á 80 metrum. Það á sama á við um 10 og 15 metrana. Kim Östman, OH6KZP, var á lyklinum hjá OH8X í Arkala, en hann er einn af yngri „stjörnuoperatörum“ finnska keppnishópsins.

Í annan stað verður að segjast að ánægjulegt er að Sigga tókst að sigra OHØX, auk Toivo Hallikivi ES5RR, sem „keyrði“ keppnina frá ES5TV, sem er í hópi þeirra keppnisstöðva radíóamatöra sem eru hvað best búnar í Evrópu. Sjá athyglisverðan samanburð úr keppnisdagbókum 6 efstu stöðva í sama keppnisflokki (þ.m.t. TF3W) í meðfylgjandi töflu. Gefinn er upp fjöldi QSO-a á bandi og fjöldi margfaldara innan sviga.

| Kallmerki | 160m | 80m | 40m | 20m | 15m | 10m | Heildarstig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| TF3W | 2 (2) | 58 (28) | 358 (49) | 828 (58) | 1134 (59) | 294 (47) | 1,949,346 |
| ES5RR | 15 (11) | 139 (27) | 542 (53) | 853 (58) | 789 (56) | 228 (39) | 1,877,580 |
| OH8X | 0 (0) | 28 (13) | 454 (52) | 1153 (59) | 931 (59) | 185 (40) | 1,841,757 |
| GM7R | 24 (10) | 165 (30) | 583 (52) | 772 (57) | 809 (57) | 196 (32) | 1,755,012 |
| OH0X | 0 (0) | 97 (30) | 501 (52) | 780 (55) | 724 (56) | 36 (15) | 1,348,464 |
| LN8W | 0 (0) | 57 (24) | 467 (49) | 750 (58) | 615 (54) | 17 (10) | 1,115,010 |

TF3W var QRV á öllum böndum í keppninni, þ.e. á 160 metrum til 10 metra. SteppIR 3E þriggja staka Yagi loftnet félagsins var notað á 10, 15 og 20 metrum. New-Tronics Hustler 5-BTV stangarloftnet félagsins var notað á 40 metrum. Guðmundur Sveinsson, TF3SG, lánaði ferðaloftnet sitt á 80 metrum sem er 21 metra hátt stangarloftnet og Sigurður R. Jakobsson, TF3CW, lánaði 18 metra háa rápstöng fyrir „L“ loftnet á 160 metrum (sjá mynd á næstu blaðsíðu).

Miklar truflanir í segulsviðinu síðari daginn (á sunnudag) lokuðu nánast á fjarskipti á öllum böndum (K-gildi 9). Af þeirri ástæðu var QSO hlutfall á milli daga 80% á laugardeginum og 20% á sunnudeginum, þrátt fyrir 35 klst. viðveru í keppninni. (Til skýringar: K-gildi 5 og yfir flokkast sem segulstormur). Í annan stað reyndist *Harris 110* RF magnari félagsins bilaður. Bilunin hafði þau áhrif, að minnka þurfti afl stöðvarinnar í 30-50W á 40, 80 og 160 metrum. Á 10, 15 og 20 metrum reynist unnt að keyra hann í nokkurn tíma á 700W en síðan datt hann út ca. á 5 mín. fresti niður í u.þ.b. 60W (oftast í miðri sendingu).



*Myndin er af 18 metra hárri glerfíberstöng frá Spiderbeam sem notuð var fyrir TF3W sem „L“ loftnet á hvolfi á 160 metrum í ARRL DX morskeppninni 18.-19. febrúar. Á bls. 29 í skýrslunni má sjá nærmynd af fæðingu loftnetsins og hvernig það var fest við bárujárnsvegginn. Ljósmynd: Jónas Bjarnson, TF2JB.*

# 7. TF VHF leikar

### Á TÍÐNUM FRÁ 50 MHZ – ALLAR TEG. ÚTGEISLUNAR – FJARLÆGÐ GILDIR



*Guðmundur Löve TF3GL umsjónarmaður TF VHF leikanna 6.-9. júlí 2012.*

**TF VHF LEIKARNIR 2012.** Fyrstu TF VHF leikarnir árið 2012 fara fram á tímabilinu frá föstudeginum 6. júlí til mánudagsins 9. júlí. Heimilt er að hefja sambönd frá og með kl. 06 að morgni föstudagsins og skal þeim ljúka fyrir kl. 06 að morgni mánudagsins. Engin takmörkun er á þátttökutíma að öðru leyti, en aðalþátttökutímabil eru frá kl. 09 til 12 á hádegi alla morgnana og frá kl. 21 til 24 öll kvöldin. Allar tegundir útgeislunar eru heimilaðar og engin takmörk eru á afli (önnur en samkvæmt leyfisbréfi) eða á notkun loftneta. Alla aðstoð má nýta til að koma á sambandi, t.d. með síma, með „SKED'um" og er þannig allt heimilt nema virkir endurvarpar. Skilaboðin eru kallmerki og QSO númer (þó ekki upplýsingar um styrk merkis) og staðsetning stöðvar.

Einu skorðurnar sem eru settar, er fjöldi sambanda við sömu stöð á sama bandi, þ.e. sex sambönd eru hámark við sömu stöð á sama bandi og sex klst. verða að líða uns aftur er haft samband við sömu stöð. Stigagjöfin felst í því að reikna fjarlægð milli stöðva. Heimilt er að hafa sambönd við Íslendinga í útlöndum. Endanlegar keppnisreglur verða kynntar í vefmiðlum félagsins þegar nær dregur TF VHF leikunum.

Forsaga málsins er, að Guðmundur Löve, TF3GL, kynnti hugmynd sína um TF VHF útileika fyrst á póstlista félagsins þann *19. ágúst 2011.* Hugmynd hans var í framhaldi rædd á stjórnarfundi þann 2. september. Samþykkt var á fundinum að fara þess á leit við hann að taka að sér að vinna að undirbúningi VHF leika sem verði haldnir sumarið 2012. Guðmundur tók vel í það og þann 30. september setti hann upplýsingar um verkefnið á heimasíðu félagsins og póstlista.

Guðmundur ritaði grein í 1. tbl. CQ TF 2012 sem kom út þann *11. janúar,* þar sem hann segir meðal annars: TF VHF leikarnir eru hugarfóstur áhugamanna um langdræg VHF fjarskipti, en draga dám af sambærilegum leikum sem mikilla vinsælda njóta í Bretlandi, Bandaríkjunum og víðar. VHF leikarnir eru leikar - en ekki keppni, þótt stigafjöldi geti vissulega verið mælikvarði á ástundun, búnað, útsjónarsemi og heppni! Í greininni eru settar fram áhugaverðar tillögur að leikreglum og keppnistilhögun. Guðmundur segir ennfremur, að tilgangur leikanna sé að örva áhuga og hæfni íslenskra radíóamatöra hvað varðar notkun VHF og UHF tíðnisviðanna og eflingu slíkra fjarskipta innanlands. Jafnframt er hugmyndin að leikarnir geti verið mönnum til nokkurrar ánægju við sameiningu útivistar, ferðalaga og amatör radíós.

Guðmundur fjallaði nánar um TF VHF leikana í fimmtudagserindi á vetrardagskrá félagsins þann *26. janúar.* Þar fór hann m.a. yfir tillögur að reglum og stigagjöf í VHF leikunum. Í umræðum komu fram ýmis sjónarmið og virtust flestir sammála því að hafa reglurnar og stigagjöfina sem einfaldasta. Þar kom einnig fram, að keppnin er hugsuð sem "fully assisted" þannig að aðeins vegalengd telji til stiga.

Loks var Guðmundur Löve, TF3GL, sérstakur gestur á fundi stjórnar félagsins þann *17. apríl*. Á þeim fundi flutti hann erindi um stöðu verkefnisins og var í framhaldi staðfest að félagið mun standa að verkefninu. Á fundinum samþykkti Guðmundur að taka að sér umsjón með verkefninu. Hann mun sjálfur velja sér aðstoðarmenn.

Glærukynningu hefur verið komið fyrir á vefsíðu VHF leikanna á heimasíðu félagsins, sjá vefslóð: http://ira.is/display/web/TF+VHF-leikarnir þar sem einnig er að finna „Google Earth" skrár sem sýndar voru í ofangreindu erindi. Glærukynninguna er einnig að finna á vefsíðu fræðslukvölda á heimasíðunni félagsins, sjá eftirfarandi vefslóð: http://ira.is/pages/viewpage.action?pageId=4555138

Í meðfylgjandi töflu er birtur viðauki með reglugerð nr. 348/2004 um starfsemi radíóamatöra, sem sýnir tíðnisvið radíóamatöra, sendiafl og bandbreidd. Skyggðu línurnar sýna upplýsingar um þau tíðnisvið sem varða TF VHF leikana 2012.

| Tíðnisvið | Forgangsflokkur | N-leyfi | G-leyfi | Bandbreidd |
|---|---|---|---|---|
| 135,7-137,8 kHz | 2 | | 100 | 1 kHz |
| 1.810-1.850 kHz | 1 | 100 | 1000 | 6 kHz |
| 1.900-2.000 kHz | 2 | 10 | 10 | 6 kHz |
| 3.500-3.800 kHz | 1 | 100 | 1000 | 6 kHz |
| 7.000-7.100 kHz | 1 | 100 | 1000 | 6 kHz |
| 7.100-7.200 kHz | 2 | 100 | 100 | 6 kHz |
| 10.100-10.150 kHz | 2 | 100 | 1000 | 1 kHz |
| 14.000-14.350 kHz | 1 | 100 | 1000 | 6 kHz |
| 18.068-18.168 kHz | 1 | 100 | 1000 | 6 kHz |
| 21.000-21.450 kHz | 1 | 100 | 1000 | 6 kHz |
| 24.890-24.990 kHz | 1 | 100 | 1000 | 6 kHz |
| 28.000-29.700 kHz | 1 | 100 | 1000 | 18 kHz |
| 50-52 MHz | 2 | 50 | 100 | 18 kHz |
| 144 -146 MHz | 1 | 50 | 500 | 18 kHz |
| 430-440 MHz | 1 | 50 | 500 | 30 kHz |
| 1.240-1.300 MHz | 2 | 50 | 100 | 20 MHz |
| 2.300-2.450 MHz | 2 | 50 | 100 | 20 MHz |
| 5.650-5.850 MHz | 2 | 50 | 100 | 20 MHz |
| 10-10,5 GHz | 2 | 50 | 100 | 50 MHz |
| 24-24,05 GHz | 1 | 50 | 100 | 50 MHz |
| 24,05-24,25 GHz | 2 | 50 | 100 | 50 MHz |
| 47-47,2 GHz | 1 | 50 | 100 | 50 MHz |
| 76-77,5 GHz | 2 | 50 | 100 | 100 MHz |
| 77,5-78 GHz | 1 | 50 | 100 | 100 MHz |
| 78-81 GHz | 2 | 50 | 100 | 100 MHz |
| 122,25-123 GHz | 2 | 50 | 100 | 40 MHz |
| 134-136 GHz | 1 | 50 | 100 | 100 MHz |
| 136-141 GHz | 2 | 50 | 100 | 100 MHz |
| 241-248 GHz | 2 | 50 | 100 | 100 MHz |
| 248-250 GHz | 1 | 50 | 100 | 100 MHz |

# 8. Útgáfumál

## CQ TF, HEIMASÍÐA, PÓSTLISTI, FRÉTTAPUNKTAR STJÓRNAR

**1. FÉLAGSBLAÐIÐ CQ TF**

Á starfsárinu komu út alls fjögur tölublöð af CQ TF samanber upplýsingar í meðfylgjandi töflu. Blöðin komu út í júlí, nóvember, janúar og aprílmánuðum. Á starfsárinu létu 16 félagsmenn efni af hendi rakna til blaðsins, sem er svipaður fjöldi og á fyrra ári. Kristinn Andersen, TF3KX, ritstjóri CQ TF annaðist alla vinnu í sambandi við blaðið aðra en umbrot, en það verkefni var í höndum Þórunnar Eddu Bjarnadóttur. CQ TF er bæði gefið út á stafrænu formi á heimasíðu félagsins og prentað á pappír. Á starfsárinu var blaðið prentað hjá prentsmiðjunni Leturprenti ehf. í Reykjavík., Fyrirtækið notar eingöngu umhverfisvænan pappír og prentliti. Pappír sem Leturprent notar er merktur „FSC & PEFC, EMAS, OHSAS 18001, ISO 9001, ISO 14001" sem þýðir, að hann uppfyllir ströngustu skilyrði umhverfisvottunar og er jafnframt viðurkenndur af Norræna Svaninum.



*Kristinn Andersen TF3KX ritstjóri CQ TF.*

CQ TF er gefið út samkvæmt ákvæði í lögum félagsins.[11] Í lögunum er ekki sérstaklega sagt fyrir um útgáfutíðni, en hver ný stjórn tekur ákvörðun um það í starfsáætlun við upphaf stjórnarárs. Undanfarin allmörg ár hefur verið miðað við að blaðið komi út ársfjórðungslega og hefur það komið vel út (sbr. meðfylgjandi töflu). Í lögum félagsins, er kveðið á um að CQ TF hafi m.a. það hlutverk að birta fundargerð aðalfundar.[12] Ennfremur er kveðið á um, að birta skuli lög félagsins og sérstakar samþykktir eða ályktanir aðalfunda og félagsfunda.[13] Félagsmenn geta sótt rafræna útgáfu af CQ TF á heimasíðu félagsins, www.ira.is. Þar má skoða öll útgefin blöð frá árinu 2000 (alls yfir 50 tölublöð). Félagsmenn hafa einir aðgang að nýjustu blöðunum, þ.e. blöðum sem hafa komið út s.l. 4 ár. Til að fá aðgangskóða eða aðstoð má senda tölvupóst til Benedikts Sveinssonar, TF3CY, vefstjóra, *benedikt[hjá]ccpgames.com*. Félagsmenn þurfa sérstaklega að óska eftir að fá prentaða útgáfu senda í pósti. Það má gera með því að senda tölvupóst á ritstjóra blaðsins á póstfangið *cqtf[hjá]ira.is* eða á póstfangið *ira[hjá]ira.is.*

*Yfirlit yfir útgáfu CQ TF á starfsárinu 2011-2012.*

| TÖLUBLÖÐ 2011/12 | FJÖLDI BLS. | ÚTKOMUMÁNUÐUR |
|---|---|---|
| 3. tbl. 2011 | 20 | júlí |
| 4. tbl. 2011 | 44 | nóvember |
| 1. tbl. 2012 | 32 | janúar |
| 2. tbl. 2012 | 32 | apríl |

---

[11] 25. gr. Félagið skal halda úti blaði með heitinu CQ TF. Minniháttar útgáfu blaðsins má auðkenna sem fréttabréf. Stjórn skipar ritstjóra. Hann sér til þess að haldið sé saman tveimur söfnum blaðanna, annað aðgengilegt félagsmönnum en hitt í vörslu ritstjóra á hverjum tíma.

[12] 22. gr. Fundargerð aðalfundar skal birta í fyrsta CQ-TF eftir aðalfund. Berist ekki athugasemdir við hana frá neinum er sat fundinn innan 6 mánaða frá birtingu telst fundargerðin rétt, annars skulu athugasemdir kynntar með fundarboði næsta aðalfundar og úrskurðar sá aðalfundur með einfaldri atkvæðagreiðslu um það hvort fundargerð skuli breytt.

[13] 27. gr. Félagslög skal birta í blaði félagsins CQ TF og á vefsvæði félagsins http://www.ira.is og öðlast gildi þegar í stað. Sérstakar samþykktir og ályktanir aðalfunda eða félagsfunda skal birta með sama hætti.

*Yfirlit yfir útgáfu CQ TF starfsárin 2009/10 til 2011/12.*

| STARFSÁR | FJÖLDI TÖLUBLAÐA | FJÖLDI BLAÐSÍÐNA |
|---|---|---|
| 2011/12 | 4 | 128 |
| 2010/11 | 4 | 112 |
| 2009/10 | 4 | 192 |










## 2. WWW.IRA.IS

Heimasíða félagsins hefur jafnt og þétt verið til uppfærslu og í þróun á starfstímabilinu. Á stjórnarfundi í Í.R.A. sem haldinn var þann 5. júní voru samþykkt drög að starfsáætlun félagsins fyrir tímabilið júní 2011/maí 2012. Þar segir m.a. um heimasíðu félagsins, að www.ira.is verði áfram til þróunar líkt og var á síðasta starfsári undir stjórn rekstrarstjóra vefmiðla. Hér á eftir er nánar gerð grein fyrir helstu breytingum á starfsárinu.

### 2.1 Fréttadálkur.

Á stjórnartímabilinu hefur það verið stefna félagsins að leggja áherslu á að heimasíðan sé virk, þ.e. að nýjar upplýsingar sem varða félagsmenn komi þar sem oftast til birtingar og þeim mun nýrri, þeim mun betra. Sem dæmi, má nefna að efni frá Póst- og fjarskiptastofnun sem varðar leyfishafa hefur undantekningarlaust verið til birtingar *sama* dag og það hefur borist félaginu. Fréttadálkurinn hefur því verið mjög virkur á starfsárinu. Þegar skoðaðar eru innsetningar frétta eftir heilum mánuðum starfsársins 2011/12 kemur í ljós, að þær eru alls 178 (en yfir 200 allt starfsárið). Það jafngildir 16 innsetningum á mánuði, 4 innsetningum á viku eða almennt séð, innsetningu frétta að meðaltali annan hvern dag, sbr. stöplaritið hér að neðan. Þeir félagsmenn sem á annað borð hafa tíma til að fylgjast með því sem er efst á baugi hjá félaginu hverju sinni, fá því yfirleitt nýjar fréttir þegar þeir líta inn á heimasíðuna. Staðsetning fréttadálksins á heimasíðunni var lagfærð þann 25. október þannig, að fyrirsögnin „Fréttir" var færð ofar, þ.e. upp nær ljósmyndinni af félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Á mörgum heimatölvum hafði þessi breyting í för með sér að nýjasta fréttin blasir nú við þegar heimasíðan opnast.

*Fjöldi fréttainnsetninga á mánuði á heimasíðu Í.R.A. á tímabilinu júní 2011 til apríl 2012.*



## 2.2 Veðurupplýsingar.

Þann 7. desember setti Benedikt Sveinsson, TF3CY, vefstjóri nýjar upplýsingar inn á heimasíðuna. Um var að ræða töflu með upplýsingum um veður á sex stöðum á landinu, þ.e. hitastig, vindátt, vindstyrk og vindhviður (sbr. meðfylgjandi töflu). Taflan er staðsett lengst til hægri á síðunni (fyrir neðan „Nýjustu 15 TF SPOT") og uppfærist sjálfkrafa á 10 mínútna fresti.

| Veðurstöð | Hiti | Átt | m/s | Hviður |
|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | -3,1 | A | 8 | 13 |
| Akureyri | -9,1 | VSV | 1 | 4 |
| Hvanneyri | -3,3 | SA | 11 | 18 |
| Egilsstaðaflugvöllur | -7,2 | Logn | 0 | 3 |
| Keflavíkurflugvöllur | -3,6 | ANA | 12 | 16 |
| Bíldudalur | -3,7 | NA | 6 | 11 |

## 2.3 Innsetning gagna frá aðalfundi 2011.

Innsetning gagna frá aðalfundi félagsins sem haldinn var 21. maí 2011 fór fram dagana 26.-28. maí. Um var að ræða eftirfarandi gögn:

- Skýrsla um starfsemi félagsins starfsárið 2010-2011.
- Reikningar félagsins starfsárið 2010-2011.
- Félagslög Í.R.A. samþykkt á aðalfundi 2011.
- Fundargerð aðalfundar 2011.

Þessi gögn liggja frammi á heimasíðu félagsins. Þau má nálgast með því að smella á „félagið" í kassanum efst til vinstri á heimasíðunni (fyrir neðan „Veftré og leit"). Þá kemur upp ný síða og efst til hægri á henni má sjá: „Aðalfundur 2010" annars vegar og „Aðalfundur 2011" hins vegar. Ef smellt er á annað hvort heitið koma framangreindar upplýsingar á skjáinn. Nýjustu ársskýrslu félagsins, má nálgast beint af heimsíðunni. Þá er farið lengst til hægri (beint undir veðurupplýsingar). Þar má sjá skrifað bláum stöfum í gulum „kassa", „Ársskýrsla 2010-2011". Þegar smellt er á stafina opnast skýrslan.

## 2.4 Tæknileg uppfærsla.

Þann 22. desember fór fram uppfærsla heimasíðunnar. Hún notar nú Confluence útgáfu 3.0.2. Að sögn Benedikts Sveinssonar, TF3CY, ritstjóra vefmiðla félagsins gefur þessi nýja útgáfa aukna möguleika í framsetningu og hraða.



*Vilhjálmur Þ. Kjartansson TF3DX, formaður prófnefndar Í.R.A.*

## 2.5 Nýtt vefsvæði prófnefndar.

Í mars og apríl var gengið frá afmörkuðu vefsvæði prófnefndar Í.R.A. á heimasíðu félagsins. Hægt er að nálgast svæðið með því að velja fyrst „upplýsingar" í kassanum efst til vinstri á heimasíðunni. Þá opnast ný síða undir fyrirsögninni „Ýmsar upplýsingar fyrir radíóamatöra". Í 7. línu þar fyrir neðan kemur upp orðið „prófnefnd". Einfaldlega má smella á það og þá opnast svæði prófnefndar. Framsett efni skiptist annars vegar í „Námsefni" og hins vegar, í „Efni til hliðsjónar".

Vefsíðan var unnin í samstarfi þeirra Vilhjálms Þórs Kjartanssonar, TF3DX, formanns prófnefndar og Benedikts Sveinssonar, TF3CY, ritstjóra vefmiðla.



*Benedikt Sveinsson TF3CY, ritstjóri vefmiðla Í.R.A.*

**2.6 Ítarefni – glærur og fleira frá fræðslukvöldum.**
Á starfsárinu hafa safnast jafnt og þétt Power Point glærur inn á heimasíðuna frá erindum sem flutt hafa verið í Skeljanesi á vetrardagskrá félagsins. Þegar þessi texti er skrifaður eru þar alls vistuð 15 erindi um aðskiljanlegustu málefni sem varða áhuga-málið. Leiðbeiningar um hvernig má nálgast þetta efni eru þær sömu og settar eru fram í kafla 2.5 (að framan).

Benedikt Sveinsson, TF3CY, hefur haft veg og vanda af þessum þeim breytingum sem taldar eru upp hér að framan. Þar fyrir utan hefur hann gætt þess að ekki verði hnökrar á keyrslu síðunnar og hefur hún aðeins verði „niðri" í mjög fá skipti á árinu vegna tækni- eða hugbúnaðaruppfærslna. Eru honum færðar bestu þakkir fyrir framúrskarandi góð störf á þessu sviði. Áfram verður unnið að þróun heimasíðunnar og er ástæða er til að hvetja félagsmenn sem áhuga hafa á tölvumálum að láta sitt ekki eftir liggja og koma til liðs við verkefnið.

**3. YAHOO PÓSTLISTI.**
Þann 5. október 2012 verða liðin 10 ár frá stofnun Yahoo póstlista félagsins. Það var Brynjólfur Jónsson, TF5B, sem stofnaði listann þann dag fyrir nær 10 árum. Í byrjun maí 2012 voru alls 126 félagsmenn skráðir notendur og höfðu þeir sent rúmlega 8 þúsund skilaboð frá því listinn var tekin í notkun . Það gerir að meðaltali um 2,5 skilaboð á dag á þessum tæplega 10 árum síðan hann var stofnaður.




*Fréttapunktar til stjórnar Í.R.A. starfstímabilið 2009/10 voru alls 49 talsins. Ljósmynd: TF2JB.*

**4. FRÉTTAPUNKTAR STJÓRNAR.**
Undanfarin þrenn stjórnartímabil, hafa verið gefnir út svokallaðir „fréttapunktar" innan stjórnar félagsins. Um er að ræða tölvuunninn texta sem er settur upp í stærðinni A4. Útgáfan er númeruð og núllsett við upphaf hvers stjórnarárs. Flestir fréttapunktar eru 1-3 blaðsíður að stærð. Tilgangur með útgáfunni er, að miðla upplýsingum til stjórnarmanna þannig að þeir geti verið nokkuð vissir um, að þeir búi hverju sinni yfir nýjustu upplýsingar um flest þau mál sem eru í gangi hjá félaginu.

Þessi útgáfa hefur vaxið frá því hún byrjaði fyrir þremur árum. Alls voru 49 tölublöð gefin út 2009/10, 78 tölublöð 2010/11 og 126 tölublöð 2011/12.

Þann tíma sem liðinn er, hafa textaskrif verið í höndum formanns, en rætt hefur verið um að deila skrifum á milli stjórnarmanna, t.d. 1 mánuð í senn og síðan taki annar stjórnarmaður við. Í annan stað hafa menn séð fyrir sér hugsanlega hliðarútgáfu frá CQ TF í þessum efnum eða jafnvel að endurvekja gamla fréttabréfs-fyrirkomulagið. Loks hefur verið rædd sú hugmynd að ekki sé óeðlilegt að senda upplýsingar af þessu tagi jafnframt á aðra embættismenn félagsins. Þessi umræða hefur þó ekki verið leidd til lykta, enda óvíst um vilja viðtakandi stjórna að sinna verkefni af þessu tagi.

# 9. Sérstakar tíðniheimildir frá PFS

**TÍÐNIHEIMILDIR Á 500 kHz, 5 MHz, 70 MHz, 1850 kHz, 472-479 kHz**

Á starfsárinu 2011-2012 átti stjórn Í.R.A. viðræður við Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) um tíðniheimildir íslenskra leyfishafa sem veittar eru á skammtímagrundvelli. Annars vegnar var fjallað um reynsluna af leyfis-veitingum á 500 kHz, 5 MHz, 70 MHz og 1850-1900 kHz. Hins vegar var sótt um framlengingu á skammtímaheimild fyrir notkun tíðnisviðsins 1850-2000 kHz í tilgreindum alþjóðlegum keppnum. Umsögn stofnunarinnar um reynslu af leyfisveitingum í framangreindum tíðnisviðum var jákvæð. Afgreiðsla stofnunarinnar á beiðni félagsins um framlengingu sérstakrar heimildar á 1850-1900 kHz var sömuleiðis jákvæð, samanber meðfylgjandi samantekt.

**1. Heimild til notkunar á 500 kHz (600 metrum).**
Núverandi heimild gildir fyrir tíðnisviðið 493-510 kHz. Hún er veitt á víkjandi grundvelli í tilraunaskyni, til og með 31. desember 2012. Heimildin var veitt þann 13. desember 2010. Engar kvartanir höfðu borist til PFS vegna tilrauna leyfishafa í tíðnisviðinu á fyrra leyfistímabili, þ.e. 19.2.-13.12.2010.

Skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar eru eftirfarandi: *(a)* Tíðnisviðið er einvörðungu heimilað fyrir A1A (CW) tegund útgeislunar; *(b)* hámarks útgangsafl er 100W; *(c)* hvorutveggja N og G-leyfishafar hafa aðgang að tíðnisviðinu; *(d)* heimildin er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi, en þá verður að hætta sendingum strax; og *(e)* kallmerki skal notast við upphaf og endi fjarskiptasambands og með viðeigandi reglulegu millibili á meðan fjarskiptasamband varir. Þeir leyfishafar sem hug hafa á að vinna á umræddu tíðnisviði þurfa að sækja sérstaklega um það til stofnunarinnar.

**2. Heimild til notkunar á 5 MHz (60 metrum).**
Núverandi heimild gildir fyrir tíðnisviðið 5.260-5.410 MHz. Hún er veitt á víkjandi grundvelli í tilraunaskyni, til og með 31. desember 2012. Heimildin var veitt þann 13. desember 2010. Engar kvartanir höfðu borist til PFS vegna tilrauna leyfishafa í tíðnisviðinu á fyrra leyfistímabili, þ.e. 1.1.2008-13.12.2010.

Skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar eru eftirfarandi: *(a)* Heimilaðar mótunaraðferðir eru J3E (USB) og A1A (CW) og hámarksbandbreidd er 3 kHz; *(b)* hámarks leyfilegt útgeislað afl er 100W; *(c)* heimildin er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi, en þá verður að hætta sendingum strax; *(d)* kallmerki skal notast við upphaf og endi fjarskiptasambands og með viðeigandi reglulegu millibili á meðan fjarskiptasamband varir. Þeir leyfishafar sem hug hafa á að vinna á umræddu tíðnisviði þurfa að sækja sérstaklega um það til stofnunarinnar.

**3. Heimild til notkunar á 70 MHz (4 metrum).**
Núverandi heimild gildir fyrir tíðnisviðið 70.000-70.200 MHz. Hún er veitt á víkjandi grundvelli í tilkaunaskyni, til og með 31. desember 2012. Heimildin var veitt þann 13. desember 2010. Engar kvartanir hafa borist til PFS vegna tilrauna leyfishafa í tíðnisviðinu. Skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar eru eftirfarandi: *(a)* Hámarks bandbreidd er 16 kHz

(engin skilyrði hvað varðar tegund útgeislunar); *(b)* hámarks útgangsafl er 100W; *(c)* hvorutveggja N og G-leyfishafar hafa aðgang að tíðnisviðinu; og (d) kallmerki skal notast við upphaf og endi fjarskiptasambands og með viðeigandi reglulegu millibili á meðan fjarskiptasamband varir. Þeir leyfishafar sem hug hafa á að vinna á umræddu tíðnisviði þurfa að sækja sérstaklega um það til stofnunarinnar.

**4. Heimild til notkunar á 1850-1900 kHz tíðnisviðinu (160 metrum).**
Núverandi heimild gildir fyrir tíðnisviðið 1850-1900 kHz. Hún er veitt á víkjandi grundvelli í tilraunaskyni í alþjóðlegum keppnum radíóamatöra, til og með 31. desember 2012. Heimildin var veitt þann 15. desember 2011. Engar kvartanir höfðu borist til PFS vegna tilrauna leyfishafa í tíðnisviðinu á fyrra leyfistímabili, þ.e. 6.1.-15.12.2011.

Skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar eru eftirfarandi: *(a)* Heimildin er einvörðungu veitt þann tíma sem tilgreindar alþjóðlegar keppnir radíóamatöra standa yfir (sjá meðfylgjandi töflu); *(b)* G-leyfishafar hafa heimild til að nota fullt afl (þ.e. 1kW). N-leyfishafar njóta sömu réttinda, nema að aflheimild þeirra miðast við mest 10W. Þeir leyfishafar sem hug hafa á að vinna á umræddu tíðnisviði þurfa að sækja sérstaklega um það til stofnunarinnar. Bent er á, að sækja má um heimild fyrir allar keppnirnar í einu erindi.

| TILGREINDAR KEPPNIR (2012) | ÚTG. | HEFST | LÝKUR | TÍMI |
|---|---|---|---|---|
| CQ World-Wide 160-Meter Contest | CW | 28. jan kl. 22:00 | 30. jan. kl. 22:00 | 48 klst. |
| ARRL DX Contest | CW | 19. jan kl. 00:00 | 20. feb. kl. 23:59 | 48 klst. |
| CQ World-Wide 160-Meter Contest | SSB | 25. feb kl. 22:00 | 27. feb. kl. 21:59 | 48 klst. |
| ARRL DX Contest | SSB | 05. mar kl. 00:00 | 06. mar. kl. 23:59 | 48 klst. |
| CQ World-Wide WPX Contest | SSB | 26. mar kl. 00:00 | 27. mar. kl. 23:59 | 48 klst. |
| CQ World-Wide WPX Contest | CW | 28. maí kl. 00:00 | 29. maí kl. 23:59 | 48 klst. |
| IARU HF World Championship | CW/SSB | 09. júl kl. 12:00 | 10. júl. kl. 11:59 | 24 klst. |
| CQ World-Wide DX Contest | SSB | 29. okt kl. 00:00 | 30. okt. kl. 23:59 | 48 klst. |
| CQ World-Wide DX Contest | CW | 26. nóv kl. 00:00 | 27. nóv. kl. 23:59 | 48 klst. |
| ARRL 160 meter Contest | CW | 03. des kl. 22:00 | 05. des. kl. 15:59 | 40 klst. |

Þess má geta, að Póst- og fjarskiptastofnun hefur áður heimilað íslenskum leyfishöfum að vinna í tíðnisviðinu 1850-1900 kHz í tilgreindum alþjóðlegum keppnum radíóamatöra. Það var árin 2007, 2008 og 2010 (ekki var sótt um heimild fyrir 2009). Þau ár var aflheimild mest 10W. Frá 6.1.2011 hefur hins vegar verið veitt full aflheimild til G-leyfishafa, þ.e. 1kW. Stjórn Í.R.A. fagnar þessum áfanga fyrir hönd íslenskra leyfishafa og þakkar sérstaklega aðstoð eftirtalinna félagsmanna við undirbúning verkefnisins: Kristins Andersen, TF3KX, Kristjáns Benediktssonar, TF3KB og Yngva Harðarsonar, TF3Y.

**5. NÝTT AMATÖRBAND Á WRC-2012.**
Alþjóðleg radíófjarskiptaráðstefna Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU), World Radio-communication Conference, WRC-12 var haldin var í Genf í byrjun árs 2012. Tengiliður Í.R.A. hafði verið í sambandi við fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar frá því í byrjun árs 2011 vegna hugsanlegs frumvarpsins um nýtt amatörband á 600 metrum – og síðan tíðar, þegar ljóst varð að frumvarp nr. 1.23 yrði á dagskrá á WRC-12. Frumvarpið, um nýtt amatörband á 472-479 kHz, hlaut síðan jákvæða niðurstöðu á ráðstefnunni og verður það heimilað á víkjandi grundvelli. Hámarksútgangsafl miðast við 1W (EIRP) en leyfishafar í löndum, þar sem landfræðileg lega er umfram 800 km frá tilgreindum þjóðlöndum munu geta sótt um heimild fyrir allt að 5W (EIRP). Búist er við úthlutun bandsins hér á landi miðað við 5W (EIRP) verði á árinu 2013. Sjá nánari umfjöllun í 1. kafla skýrslunnar.

# 10. Endurvarpar, stafvarpar, radíóvitar

**TF1RPB – TF1RPE – TF3RPA – TF3RPC – TF5RPD – TF3RPF – TF3RPG – TF8RPH**

**1. YFIRLIT**

Alls eru 6 endurvarpar starfræktir hér á landi í tíðnisviði radíóamatöra í metrabylgjusviðinu (VHF). Það eru: *TF1RPB* í Bláfjöllum (austur frá Reykjavík), *TF1RPE* á fjallinu Búrfelli á Suðurlandi, *TF3RPA* á fjallinu Skálafelli (norðaustur frá Reykjavík), *TF3RPC* á Hagatorgi í Reykjavík, *TF5RPD* í Vaðlaheiði í Suður-Þingeyjasýslu (í nágrenni Akureyrar) og TF8RPH á Garðskaga. Tveir stafvarpar eru einnig starfræktir í metrabylgjusviðinu. Það eru TF3RPF og TF3RPG sem báðir eru með QTH í Reykjavík, þ.e. í Hraunbæ og í Skeljanesi. Einn radíóviti er starfræktur hérlendis. Það er TF1SIX sem er QRV á 50 MHz frá Langholtsfjalli á Suðurlandi, samanber upplýsingar í meðfylgjandi töflu.

| Kallmerki | Tíðni, inn | Tíðni, út | Afl sendis | „Locator“ | Loftnet |
|---|---|---|---|---|---|
| TF1RPB | 145.150 MHz | 145.750 MHz | 25W | HP93ex | Hustler G6-144B lóðrétt stöng |
| TF1RPE | 145.100 MHz | 145.700 MHz | 30W | IP04cb | Stangarloftnet |
| TF3RPA | 145.000 MHz | 145.600 MHz | 18W | HP94gf | Stangarloftnet |
| TF3RPC | 145.175 MHz | 145.775 MHz | 25W | HP94bd | Hustler G6-144B lóðrétt stöng |
| TF5RPD | 145.025 MHz | 145.625 MHz | 25W | IP05xr | J-póll stangarloftnet |
| TF3RPF | 144.800 MHz | 144.800 MHz | 25W | HP94bc | Stangarloftnet |
| TF3RPG | 144.800 MHz | 144.800 MHz | 25W | HP94ad | Sambyggt stangarloftnet |
| TF8RPH | 144.125 MHz | 145.725 MHz | 25W | HP84qb | Stangarloftnet |
| TF1SIX | - | 50.057 MHz | 15W | HP94sc | Lóðréttur tvípóll |

Á starfsárinu 2011-2012 var nokkuð um framkvæmdir í tengslum við endurvarpana. Hér á eftir fylgir stutt yfirlit yfir það helsta sem gert var í þeim efnum. Í.R.A. stendur sérstaklega í þakkarskuld við Sigurð Harðarson, TF3WS, sem hefur verið óþreytandi við að halda endurvörpunum félagsins í Bláfjöllum og í Reykjavík í lagi. Þá unnu þeir Ari Þór Jóhannesson, TF3ARI og Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM, við uppsetningu nýja endurvarpans TF8RPH á Garðskaga á starfsárinu.

**1.1 TF1RPB (Páll) – QTH Bláfjöll.**

Endurvarpinn Páll (TF1RPB) varð QRV í Bláfjöllum þann *29. júní 2010* eftir að hafa verið bilaður um langa hríð. Við það tækifæri var skipt út VHF Engineering endurvarpanum fyrir annan nýrri, Zodiac RT-4000. „Cavity-síum“ var skipt út um leið fyrir nýjar. Einnig var skipt um loftnet og nýtt sett til bráabirgða. Loks var skipt um vinnutíðni endurvarpans og hann færður á 145.150 MHz (inn) / 145.750 MHz (út) vegna truflana í nærumhverfinu. Eftir þessar



*Zodiac RT-4000 endurvarpi var settur upp árið 2010 fyrir TF1RPT. Ljósmynd: TF3WS.*

breytingar, gekk hann vel, þótt merkið frá honum væri ekki sérlega sterkt (enda unnið á bráðabirgðaloftneti). Sigurður Harðarson, TF3WS, annaðist verkið. Seint í júlímánuði gerði mikið verður í þessum landshluta (með roki og rigningu) og þá virðist bráðabirgðaloftnetið hafa gefi sig.



*New-Tronics G6-144B Loftnet TF1RPB á burðarstaurnum sem brotnaði í október 2011. Loftnetið gefur 6 dB ávinning yfir tvípól. Ljósmynd: Sigurður Harðarson TF3WS.*

Þann *17. ágúst 2010* lagði Sigurður Harðarson, TF3WS, á ný á fjallið, setti upp nýtt loftnet og stillti. Stöðin varð QRV um kl. 20 um kvöldið og kom strax mjög vel út. Nýja loftnetið er systurloftnet þess sem hafði verið tengt við TF3RPC (þann 10. júlí 2010) af gerðinni Hustler G6-144B frá New-Tronics. Mikil ánægja ríki eftir þessar breytingar, en gleymst hafði að endurforrita útsendingartakmörkun tækisins sem var aðeins tæpar 2 mínútur.

Sigurður Harðarson, TF3WS, lagði því aftur á fjallið þann *4. október 2010,* tók Zodiac endurvarpann niður og flutti til Reykjavíkur til stillingar. Hugmyndin var annars vegar að tengja sérstaka rás við tækið með morsauðkenni og hins vegar, að endurforrita útsendingartakmörkunina úr tveimur mínútum í ca. 4-5 mínútna tímalengd.

Á ný var lagt á fjallið þann *9. nóvember 2010* og TF1RPB varð QRV á ný frá Bláfjöllum um kl. 13 þann dag. Stöðin hafði þá verið endurforrituð fyrir rýmri útsendingartíma. Eftir þá aðgerð er hægt að senda út samfleytt í um 4 mínútur. Síðan gerist ekkert fréttnæmt hvað varðar TF1RPB og gekk hann hnökralaust í rétt tæpt 1 ár, eða þar til í lok október 2011.

Þann *5. nóvember 2011* var eftirfarandi frétt sett á heimasíðu félagins: „Endurvarpsstöð félagsins í Bláfjöllum, TF1RPB, hefur verið úti í nokkurn tíma. Ástæða þess er, að stagfesta fyrir burðarstaur loftnetsins við stöðina mun hafa gefið sig og hann fallið til jarðar. Staurinn mun þó hafa fallið á "réttu" hliðina, þ.e. þannig að loftnetið er óskemmt. Að sögn Þórs Þórissonar, TF3GW, kom þetta í ljós þegar Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, fór á staðinn í byrjun vikunnar“. Þess má geta til viðbótar, að þannig háttar til að ekkert undirlendi er á staðnum og var staurinn festur á stálplötu sem var boruð ofan í klöppina og sáu stögin þannig alfarið um að halda honum lóðréttum.

Þann *4. mars* 2012 var eftirfarandi frétt birt á heimasíðu félagsins. Þá leit út fyrir sæmilegt veður á fjallinu. „Í undirbúningi er, strax og veður gefst, að setja upp á ný endurvarpsstöð félagsins í Bláfjöllum. TF1RPB („Páll“) hefur nú verið úti í rúmlega 4 mánuði eftir að stagfesta á háum tréstaur sem hélt uppi loftneti fyrir stöðina slitnaði í ofviðri seint í október s.l. Það olli því að staurinn féll til jarðar og brotnaði. Í framhaldi var hann fjarlægður af umsjónaraðila á staðnum. Félagið hefur í millitíðinni fengið inni fyrir endurvarpann á öðrum stað og fyrir loftnetið á öðrum staur (ekki langt frá þeim fyrri). Erfitt veðurfar undanfarið hefur seinkað verkefninu“. Ekki tókst hins vegar að koma í kring ferð á fjallið þann 4. mars eins og fyrirhugað var þar sem verður breyttist. Óvanalega erfitt veðurlag hélst áfram í um tvo mánuði á fjallinu í framhaldi. Þegar þetta er skrifað, er fyrirhugað að leggja á fjallið þann *22. maí* og gera TF1RPB QRV á ný. Stjórn Í.R.A. þakkar aðkomu Guðmundar Sigurðssonar TF3GS, Þórs Þórissonar, TF3GW og Sigurðar Harðarsonar, TF3WS, að málinu.

**1.2 TF1RPE (Búri) – QTH Búrfell**

Ekki tókst að koma í kring ferð á fjallið Búrfell til að skoða ástand TF1RPE og loftnets-búnaðar hans á starfsárinu. Síðast var farin ferð á fjallið af þeim Jóni Þóroddi Jónssyni, TF3JA og Guðmundi Sigurðssyni, TF3GS, þann *2. október 2010.*

Markmið ferðarinnar þá var að skipta út loftneti endurvarpans þar eð styrkur frá stöðinni hafði um hríð þótt frekar lágur. Þeir félagar höfðu nýtt loftnet meðferðis. Að þeirra sögn, kom hins vegar í ljós að þess þurfti ekki með þar sem efri hluti netsins virtist aðeins hafa losnað og var því gengið frá netinu og það fest á ný. (Á myndinni til hliðar má sjá mynd af Guðmundi, TF3GS festa netið). Loftnetið virtist þannig vera óskaddað og var það staðfest með mæling-um. Veturinn 2010/ 2011 virðist sem loftnetið hafi losnað á ný þar eð styrkur merkisins lækkaði á ný hjá þeim sem áður höfðu áður móttekið merkin frá stöðinni verulega hærri á mæli.


*Guðmundur Sigurðsson TF3GS festir loftnet TF1RPE þann 2. október 2010. Ljósmynd: Jón Þóroddur Jónsson TF3JA.*

**1.3 TF3RPA (Pétur) – QTH Skálafell.**

Vitað er um ferð sem farin var á Skálafell þann *1. september 2010*. Þeir Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA og Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, munu þá hafa gert ferð á fjallið og endurnýjað aflgjafa og skipt út 2 staka Yagi loftneti (sem sett hafði verið upp þann 5. desember 2009). Nýja loftnetið (núverandi loftnet) er lóðrétt stöng með 3 dB ávinning, sem á að standast veðurálagið á fjallinu betur.

Þann *6. nóvember* fóru sömu menn aðra ferð til að skipta á ný út aflgjafanum fyrir endurvarpann. Tekið skal fram að þótt öllum leyfishöfum sé heimilt að nota TF3RPA er stöðin í eign og umsjá sérstaks eigendafélags sem Jón Þ. Jónsson, TF3JA, er í forsvari fyrir.



*Guðmundur Sigurðsson TF3GS gengur frá 2 staka Yagi loftneti fyrir TF3RPA þann 5. desember 2009. Ljósmynd: Jón Þóroddur Jónsson TF3JA.*

**1.4 TF3RPC (Einar) – QTH Reykjavík.**

Endurvarpinn TF3RPC varð QRV á nýju loftneti frá þáverandi QTH'i sínu við Austurbrún í Reykjavík þann *10. júlí 2010*. Loftnetið er af gerðinni Hustler G6-144B frá New-Tronics. Um er að ræða 3 metra háa stöng með 4 kvartbylgju radíólum. Ávinnungur er 6 dB yfir tvípól. Loftnetið er sömu tegundar og gerðar og það sem tengt var við TF1RPB nokkru síðar, eða þann 17. ágúst 2010. Um það bil tveimur vikur síðar kom upp bilun í endurvarpanum. Sigurður Harðarson, TF3WS, tók málið að sér. Vandinn var helst, að merki stöðva sem komu daufar inn á endurvarpann vildu brenglast og verða ólæsileg. Þetta fékkst í lag með því að skipta um „cavity-síur". Þegar Sigurður kom að stöðinni um mánuði síðar til eftirlits, var öryggishúsið (og straumþráðurinn beggja vegna) á 12VDC rafmagnssnúrunni, sem er á milli endurvarpans og aflgjafans, snarpheitur. Þá hafði endurvarpinn einungis verið í móttöku um lengri tíma. Þar sem ástand af þessu tagi er allt annað en viðunandi, var öryggishúsið klippt úr straumrásinni og stöðin beintengd í aflgjafann (sem er vel varinn). Áhyggjur voru um, að þetta hefði haft áhrif á stöðina sjálfa og degi síðar, þann *26. júlí,* var Kenwood endurvarpanum skipt út fyrir annan, á meðan hann var tekinn til skoðunar. Sú skoðun leiddi í ljós, að Kenwood'inn virtist vinna eðlilega og var hann settur við á ný síðar sama dag. Að sögn Sigurðar, mældist 0,7Ω viðnám yfir öryggið í straumsnúrunni. Endurvarpinn var í framhaldi hafður til prufu á staðnum. Sá tími teygðist síðan í um tvo mánuði. Á þeim tíma voru farnar margar ferðir í Austurbrúnina vegna truflana í viðtöku, en allt kom fyrir ekki, QTH'ið reyndist



*„Cavity" síurnar við TF3RPC. Í bakgrunni má sjá í aflgjafann fyrir endurvarpann. Ljósmynd: Sigurður Harðarson TF3WS.*

erfitt viðureignar enda tæknibúnaður af ýmsu tagi í nærumhverfi endurvarpans í lyftuhúsinu við Austurbrún. Vonir höfðu verið bundnar við það, að þegar NMT 900 kerfið yrði lagt niður þann 1. september 2010, myndi eitthvað létta á truflunum. Svo varð ekki, nema að óverulegu leyti. Og þegar tækifæri gafst, að fá aðstöðu fyrir TF3RPC við Hagatorg 1 í Reykjavík, var það gripið og TF3RPC fluttur samdægurs.

Þeir sem til þekkja, vita að töluvert "ferðalag" hafði verið á TF3RPC. Þann 7. janúar (2010) var stöðin flutt úr Espigerði að Austurbrún vegna framkvæmda við húsið í Espigerði. Stöðin



*Loftnetið við TF3RPC er Hustler G6-144B frá New-Tronics. Loftnetið er sérstaklega smíðað fyrir endurvarpsstöðvar og hefur 6 dB ávinning yfir tvípól. Ljósmynd: Sigurður Harðarson TF3WS.*

var síðan staðsett við Austurbrún til *8. September 2010,* er hún var flutt í Vesturbæinn; þriðja QTH'ið á tæpum 9 mánuðum. Nýja loftnetið, sem hafði verið sett upp þann 10. júlí á Austurbrún, var flutt með og sett upp á Hagatorgi. Nýja QTH'ið við Hagatorg hafði verið inni í myndinni þegar flutt var á Austurbrún, en aðstæður ekki hagstæðar þá að fá „búsetuheimild" fyrir stöðina í húsinu. Hins vegar, þegar skyndilega komu upp aðstæður sem opnuðu möguleika á staðsetningu þann 8. september, var tækifærið gripið samstundis. Endurvarpinn var færður sama dag og prófanir gerðar fram eftir kvöldi og virtist nýi staðurinn lofa góðu. Í eftirmiðdaginn daginn eftir, byrjuðu hins vegar að heyrast truflanir, þegar endurvarpinn var lyklaður, mönnum til mikillar hrellingar; einskonar urg. Sérstaklega tók urgið yfir þegar dauf merki bárust til endurvarpans. Sigurður skipti um aflgjafa og virtist það milda truflanirnar.

Við nánari athugun síðar í mánuðinum kom betur í ljós, að frekar leiðinlegt og sterkt truflanasvið var á svæðinu, sem stundum átti það til að koma inn í sendingar frá endurvarpanum. Áhrifin voru þau, að þegar komu inn mjög dauf merki, e.t.v. S1, þá var eins og fylgdu með merkinu truflanir, líkar og frá óafriðluðum aflgjafa. Málið var skoðað í nokkurn tíma. Í framhaldi hafði Sigurður samband við rafvirkja hússins, sem efldi jarðtengingar á búnaði í námunda við endurvarpan í því rými sem við höfum til afnota. Útkoman var góð um tíma uns truflanir fóru á ný að gera vart við sig. Þá var Kenwood endurvarpsstöð félagsins skipt út fyrir lánsendurvarpa sem hefur gengið hnökralaust frá þeim tíma, þ.e. í janúar 2011. Sá endurvarpi er hins vegar búinn 10W sendi og er stefnt að því að skipta honum út fyrir 25W sendi sumarið 2012.

**1.5 TF5RPD (Tóti) – QTH Vaðlaheiði.**
Endurvarpinn TF5RPD á Vaðlaheiði hefur gengið ágætlega. Til stóð að tengja við hann stærra stangarloftnet en nú er notað (sem hefur verið notað á staðnum áður). Þegar gerð var ferð á fjallið þann *23. ágúst 2010* þurfti að hverfa frá vegna veðurs (slyddu og snjókomu). Ekki var tækifæri til að endurtaka leikinn á árinu 2011, en stefnt er að því að farið verði í verkefnið sumarið 2012 Félagssjóður hefur þegar lagt út fyrir nýjum kóaxkapli vegna þessa, sem er í geymslu hjá Brynjólfi Jónssyni, TF5B, þannig að allt er til reiðu þegar aðstæður verða fyrir hendi og lagt verður á fjallið. Við það tækifæri verður auðkenni stöðvarinnar á morsi sett inn á ný.



*Myndin er af Stefnáni Þórhallssyni TF3S og var tekin árið 2000 þegar sett var upp nýtt 8 dB loftnet við TF5RPD. Þeir sem komu að verkinu auk Stefáns, voru Sigurður Harðarson TF3WS, Þór Þórisson TF3GW og Brynjólfur Jónsson TF5B. TF5RPD var upphaflega settur upp árið 1997. Ljósm.: TF5B.*

**1.6 TF8RPH – (Garri) – QTH Garðskagi.**
Ari Þórólfur Jóhannesson, TF3ARI og Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM, gerðu ferð suður á Garðskaga þann 21. apríl 2012 og settu upp loftnet og tengdu Kenwood endurvarpsstöð félagsins. Kallmerkið er TF8RPH. Endurvarpinn tekur á móti á 145.125 MHz og sendir út á 145.725 MHz. Þessi endurvarpi er frábrugðinn öðrum endurvörpum félagsins að því leyti, að viðtækið hefur verið búið tónlæsingu, fyrst með „Digital Coded Squelch" (DCS 023) og síðan með CTCSS tónlæsingu (88,5 riða tón).

Þrátt fyrir tónlæsingar, er hægt að hlusta á sendingar frá TF8RPH í venjulegu viðtæki eða stöð, þ.e. ekki þarf að afkóða sendingar í móttöku. Endurvarpinn fyrir TF8RPH er af gerðinni Kenwood TKR-750 og sendir út 25W FM á "wideband" mótun. Loftnetið er OPEC UVS-300 húsloftnet sem er u.þ.b. 12 metra yfir jörðu. Stöðin sendir út auðkenni á morsi á 30 mínútna fresti.



*Ari Þórólfur Jóhannesson TF3ARI við uppsetningu á loftneti fyrir endurvarpann TF8RPH á Garðskaga þann 21. apríl 2012. Ljósmynd: Sigurður Smári Hreinsson TF8SM.*

Staðsetning endurvarpa á Garðskaga hefur verið til umræðu innan félagsins í nokkuð langan tíma. Líta ber á uppsetningu TF8RPH sem sérstakt tilraunaverkefni á vegum félagsins og er miðað við að endurvarpinn verði a.m.k. QRV út maímánuð. Þá verður tekin ákvörðun um hvort verður af framtíðarstaðsetningu á þessum stað.




*Ari gengur frá tengingu Kenwood TKR-750 við "Cavity" síurnar sex frá Decibel Products. Ljósmynd: TF8SM.*

Stjórn félagsins þakkar þeim Ara Þórólfi Jóhannessyni, TF3ARI og Sigurði Smára Hreinssyni, TF8SM, fyrir að hafa veg og vanda af uppsetningu stöðvarinnar. Bestu þakkir einnig til Páls B. Jónssonar, TF8PB, fyrir að lána húsloftnet fyrir stöðina.

## 2. STAFVARPAR

Á starfsárinu varð APRS starfvarpinn í félagsaðstöðunni í Skeljanesi QRV á endanlegu kallmerki, TF3RPG og fór hann í loftið 20. júní. Vísað er í umfjöllun í 2. kafla skýrslunnar.



*Afstöðumynd. Loftnet TF8RPH er staðsett á turninum við vitavarðarhúsið. Ljósmynd: TF8SM.*

# 11. Gjafir til Í.R.A.

**PC TÖLVUR – PRENTARI – FJARSKIPTASTÖÐ – ÍHLUTIR – BÆKUR**

**1. GJAFIR**
Á hverju starfsári berast félaginu gjafir af ýmsu tagi. Hér á eftir er leitast við að gefa stutt yfirlit yfir gjafir og gefendur. Á þessu starfsári, hefur á ný borið á gjöfum þar sem félagsmenn vilja ekki láta nafns síns getið. Stjórn félagsins þakkar velvilja félagsmanna.

**1.1 Stafrænn fjölmælir.**
Félaginu barst að gjöf þann *1. júní* stafrænn fjölmælir af gerðinni 3231 frá Hioki. Mælirinn er með stórum stöfum til aflestrar. Gefandi óskar að láta nafns síns ekki getið. Tækið er vistað í smíðaaðstöðu í 2. hæð.

**1.2 Bókargjöf.**
Félaginu barst að gjöf þann *4. ágúst* bókin *ON4UN's Low-Band DXing.* Um er að ræða 5. útgáfu bókarinnar. Gefandi er höfundur bókarinnar: John Devoldere, ON4UN. John var staddur hér á landi og áritaði bókina með eftirfarandi texta: „*To all Í.R.A. members. Enjoy the book and good luck on the low bands. Iceland, 4. August 2011, John Devoldere, ON4UN*".

**1.3 Hljóðnemaarmur.**
Félaginu barst að gjöf þann *14. ágúst* í tilefni 65 ára afmælisins, hljóðnemaarmur fyrir Heil Gold line Pro borðhljóðnema við Kenwood TS-2000 sendi-/móttökustöð TF3IRA. Armurinn er sérhannaður hljóðnemaarmur. Gefandi: Benedikt Guðnason, TF3TNT.

**1.4 Bókagjöf.**
Félaginu barst að gjöf þann *14. ágúst* í tilefni 65 ára afmælis félagsins, bókagjöf. Um er að ræða eftirtaldar sex nýjar bækur frá bókabúð ARRL. Gefandi: Jónas Bjarnason, TF2JB:

- *ARRL's HF* Digital *Handbook,* 4. útgáfa 2010, höfundur: Steve Ford, WB8IMY.
- *The ARRL Satellite Handbook,* 1. útgáfa 2008, höfundur Steve Ford, WB8IMY.
- *Stealth Antennas,* endurprentun 2011, höfundur: Steve Nichols, GØKYA.
- *RTTY/PSK31 for Radio Amateurs,* endurprentun 2010, höfundur: Roger Cooke, G3LDI (bókinni fylgir CD diskur).
- *Nifty E-Z Guide to PSK31 Operation,* 1. útg. 2008, höf.: B. Lafreniere, N6FN.
- *Perera's Telegraph Collectors Guide,* endurprentun 2010: Höf.: T. Perera, W1TP.

**1.5 Dell 19" tölvuskjár.**
Félaginu barst að gjöf þann *10. október* Dell 19" LCD borðskjár. Skjánum fylgir sérstakur standur sem gerir auðvelt að hækka/lækka hann. Hann var þegar tekinn í notkun á fjarskipta-borði „B" við Kenwood TS-2000 stöð félagsins. Gefandi: Gísli G. Ófeigsson, TF3G.

**1.6 PC tölva.**
Félaginu barst að gjöf þann *13. október* XPC Prime Shuttle PC-tölva. Gefandi: Benedikt Sveinsson, TF3CY. Félaginu barst til viðbótar þann *22. október* önnur PC-vél af sömu tegund og gerð frá sama gefanda.

**1.7 Radíódót.**
Félaginu barst að gjöf þann *27. október* jeppakerrufylli af margskonar íhlutum og radíódóti. Gefandi: Sigurður Harðarson, TF3WS. Sigurður kom aftur færandi hendi degi síðar, þann

*28. október* með aðra jeppakerrufylli. Þetta eru meðal annars VHF sendar og viðtæki, „cavity“ síur (VHF/UHF), ýmis „komponentabretti“ og „hard line“ kapall.

**1.7 Dymo Límmiðaprentari.**
Félaginu barst að gjöf þann *11. desember* Dymo LabelWriter EL-60 límmiðaprentari. Gefandi: Gísli G. Ófeigsson, TF3G. Prentarinn verður til nota fyrir QSL Manager félagsins við útprentun límmiða á pakkningar til sendingar á QSL kortum til kortastofa erlendis.

**1.8 Ten Tec stöð og aukahlutir.**
Félaginu barst að gjöf þann *5. janúar* Ten Tec Omni D 100W sendi-/móttökustöð ásamt aukahlutum úr dánarbúi TF3LG. Gefandi er Guðmundur Gunnarsson, TF3GG, fyrir hönd ættingja. Gjöfin samanstendur af: Ten-Tec Omni D Model 546 100W CW/SSB stöð; Ten-Tec Model 202 MOE 220V/13.8VDC aflgjafa og Ten-Tec Model 215 Ceramic borðhljóðnema á fæti. Leifur heitinn keypti tækið og aukahlutina vorið 1979 þannig að WARC böndin eru ekki í stöðinni, en hún býður upp á hlustun á 30 metra bandinu. Tæki og búnaði fylgja eigendahandbækur.

**1.9 Undirlegg á fjarskiptaborð.**
Félaginu barst að gjöf þann *19. janúar* tvö leðurklædd undirlegg á skrifborð. Þeim hefur verið komið fyrir á fjarskiptaborðum í félagsaðstöðunni. Um er að ræða vöru frá IKEA, tegund „Knös“ (vörunúmer: 30129964). Gefandi: Jónas Bjarnason, TF2JB.

**1.10 Innstungumöppur.**
Félaginu barst að gjöf þann *31. janúar* 43 innstungumöppur úr harðplasti, sem ákveðið var að nota fyrir tímaritaeign félagsins í sal á 1. hæð í Skeljanesi. Gefandi: Jónas Bjarnason, TF3JB.

**1.11 Ýmsir íhlutir.**
Félaginu barst að gjöf þann *11. mars* töluvert magn af kæliplötum, millipinnum fyrir prentplötur, ásamt róm og tilheyrandi. Gefandi: Vala Dröfn Hauksdóttir, TF3VD.

**1.12 Radíódót.**
Félaginu barst að gjöf þann *4. apríl* jeppakerrufylli af margskonar radíódóti, m.a. mælitækjum, 6 stk. Yaesu FT-180A stöðvar (í fullkomnu lagi), auk stöðva frá Cleartone, Motorola og fleiri framleiðendum og margskonar íhluta. Gefandi: Sigurður Harðarson, TF3WS.



*Úr félagsstarfinu. Óðinn Þ. Hallgrímsson TF2MSN, Ólafur B. Ólafsson TF3ML og Guðjón H. Egilsson TF3WO.*

# Viðauki-A

## Fundargerðir stjórnar
## starfsárið 2011-2012

| | |
|---|---|
| Fundur nr. 1/2011 | 26. maí |
| Fundur nr. 2/2011 | 5. júní |
| Fundur nr. 3/2011 | 19. júlí |
| Fundur nr. 4/2011 | 2. september |
| Fundur nr. 5/2011 | 6. október |
| Fundur nr. 6/2011 | 3. nóvember |
| Fundur nr. 7/2011 | 8. desember |
| Fundur nr. 8/2012 | 17. febrúar |
| Fundur nr. 9/2012 | 9. mars |
| Fundur nr. 10/2012 | 17. apríl |
| Fundur nr. 11/2012 | 8. maí |



*Bjarni Sverrisson TF3GB, Guðmundur Löve TF3GL, Guðjón Helgi Egilsson TF3WO, Benedikt Guðnason TF3TNT, Robert (Bob) Chandler VE3SRE, Ari Þórólfur Jóhannesson TF3ARI, Bjarni Magnússon TF3BM og Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF2JB.*

Robert G. Chandler, VE3SRE, kom í heimsókn í félagsaðstöðu Í.R.A. 23. júní. Robert eða „Bob" eins og hann er kallaður, er m.a. áhugamaður um alþjóðlegar keppnir og hefur þó nokkra reynslu af keppnisþátttöku með hópi kanadískra leyfishafa í CQ World-Wide keppnunum. Hann og kona hans eru miklir náttúruunnendur og hafa áhuga á að koma hingað til lands fljótlega aftur.



*Í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Claude Golcman FM5CY, Ari Þór Jóhannesson TF3ARI, Jónas Bjarnason TF2JB, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB, Benedikt Sveinsson TF3CY og Jón Þóroddur Jónsson TF3JA. Sitjandi: Francine Golcman, XYL FM5CY. Ljósmynd: Jón Svavarsson, TF3LMN.*

Claude og Francine Golcman frá eyjunni Martinique heimsóttu félagsaðstöðuna 16. júní. Hann hefur verið leyfis-hafi frá 1983 og er m.a. áhugamaður um neyðarfjarskipti. Þau hjón sýndu myndir frá heimalandi sínu og svöruðu mörgum spurningum. Hrafnhildur Heimisdóttir (dóttir Heimis Konráðssonar, TF1EIN) túlkaði úr frönsku.

# Stjórnarfundur Í.R.A.

**Númer fundar: 1**
Dags.: 26.5. 2011 kl. 18:00
Staður: Félagsheimilið í Skeljanesi
Mættir: TF2JB, TF3EE, TF3UA, TF3G, TF3BJ, TF3CY, TF3SG. Sérstakir gestir voru TF3KB IARU-tengiliður og TF3LMN ljósmyndari.

1. **Setning fundar og samþykkt dagskrár:**
   Fundur var settur kl. 18:15 að lokinni myndatöku nýrrar stjórnar og tillaga að dagskrá var samþykkt.

2. **Samþykkt fundargerðar seinasta fundar:**
   Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

3. **Aðsend erindi voru engin að þessu sinni.**

4. **Stjórnin skiptir með sér verkum:**
   Að tillögu formanns var eftirfarandi verkaskipting samþykkt: TF3BJ varaformaður, TF3G gjaldkeri, TF3UA ritari, TF3CY meðstjórnandi, TF3EE og TF3SG varamenn. Fundaáætlun er á þann veg , að stefnt því að funda mánaðarlega að jafnaði sem þýðir að um 12 fundir verða haldnir á starfsárinu.

5. **Skipun embættismanna:**
   Eftirfarandi skipun embættismanna var samþykkt.[14]

| EMBÆTTI | NAFN | KALLMERKI | LEYFISBRÉF |
|---|---|---|---|
| Skoðunarmaður reikninga | Óskar Sverrisson | TF3DC | 99 |
| Skoðunarmaður reikninga | Haukur Konráðsson | TF3HK | 215 |
| Skoðunarmaður reikninga, til vara | Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson | TF3VS | 235 |
| IARU tengiliður | Kristján Benediktsson | TF3KB | 41 |
| Neyðarfjarskiptastjóri | Jón Þóroddur Jónsson | TF3JA | 46 |
| PFS tengiliður | Jónas Bjarnason | TF2JB | 80 |
| Prófnefnd, formaður | Vilhjálmur Þór Kjartansson | TF3DX | 44 |
| Prófnefnd | Kristinn Andersen | TF3KX | 91 |
| Prófnefnd | Kristján Benediktsson | TF3KB | 41 |
| Prófnefnd | Sigurður Smári Hreinsson | TF8SM | 196 |
| Prófnefnd | Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson | TF3VS | 235 |
| QSL stjóri, útsend kort | Guðmundur Sveinsson | TF3SG | 315 |
| QSL stjóri, innkomin kort | Bjarni Sverrisson | TF3BG | 180 |
| Rekstrarstjóri vefmiðla | Benedikt Sveinsson | TF3CY | 200 |
| Ritstjóri CQ TF | Kristinn Andersen | TF3KX | 91 |
| Umsjónarmaður námskeiða | Kjartan H. Bjarnason | TF3BJ | 100 |
| Stöðvarstjóri TF3IRA | Benedikt Sveinsson | TF3CY | 200 |
| TF útileikar, formaður | Bjarni Sverrisson | TF3GB | 180 |
| TF útileikar | Brynjólfur Jónsson | TF5B | 125 |
| Umsjónarmaður endurvarpa | Guðmundur Sigurðsson | TF3GS | 251 |
| Umsjónarmaður endurvarpa II | Sigurður Harðarson | TF3WS | 218 |
| Viðurkenningastjóri | Brynjólfur Jónsson | TF5B | 125 |

[14] Til skýringar: Skoðunarmenn reikninga og skoðunarmaður til vara voru kjörnir af aðalfundi 2011.

Ákveðið var að embættisheitið „Ritstjóri vefmiðla“ væri óheppilegt enda ber stjórn ÍRA ritstjórnarlega ábyrgð á vefmiðlum félagsins. Þess vegna var embættið nefnt „Rekstrarstjóri vefmiðla“. Embætti spjaldskrárritara var lagt niður enda hefur aðalfundur breytt lögum þannig að spjaldskrárritun (þ.e. félagatalið) er í höndum gjaldkera. Sú skipan er mun heppilegri fyrir gjaldkera enda þarfnast hann nýjustu útgáfu félagatalsins í sínum störfum.

6. **Aðalfundur 21. maí 2011.**
   Formaður þakkaði fundarsetu þeirra sem áttu heimangengt. Fundurinn gekk snurðulaust fyrir sig og var fundarmönnum til sóma. Uppsetning borða var þó misheppnuð sem rekja má til veikinda starfsfólks hótelsins. TF3LMN er félagsmaður í Flugbjörgunarsveitinni. Nefndi hann að hugsanlegt sé að fá að halda fundi í sal Flugbjörgunarsveitarinnar sem tekur allt að 80 manns. Í staðinn gæti ÍRA haldið fræðsluerindi um radíótæknileg efni fyrir Flugbjörgunarsveitina. Þetta er spennandi kostur fyrir ÍRA.

7. **Námskeið til amatörleyfis 7.3- 25.5. og próf til amatörleyfis 28.5:**
   Námskeiðinu lauk í gærkvöldi og tókst vel. Haldið var prófunarpróf og voru menn nokkuð sáttir með árangurinn. Von er á um 12 manns í prófið, sem haldið verður á laugardaginn 28. maí 2011. Umræður urðu um almenna skipan námskeiðanna og fram kom hjá TF3KB að á Norðurlöndunum er svipað horf á þessu og hér. Í Svíþjóð sér amatörafélagið alfarið um prófin en fjarskiptayfirvöld Svíþjóðar bera þó endanlega ábyrgð. TF3BJ var þakkað gott starf og sagði hann að næst þyrftum við að byrja fyrr að vetrinum. Einnig er tímabært að endurskoða námsefnið sem notað er á námskeiðinu. Gott væri að halda fund stjórnar og prófnefndar þar sem stefna verður mörkuð fyrir næsta vetur. **Stefnt skal að fundi í ágúst**. Prófið verður haldið í fyrsta skipti um langa hríð með viðveru fulltrúa PFS, Bjarna Sigurðssyni. Allir stjórnarmenn eru velkomnir og æskilegt að þeir líti inn.

8. **NRAU fundur í Noregi 20-22. maí.**
   TF3KB óskaði nýrri stjórn til hamingju með kjörið og þakkaði fráfarandi stjórn samstarfið. TF3KB fór á fundinn í Noregi en hann var til undirbúnings ráðstefnu IARU svæðis 1 sem haldin verður í S-Afríku í ágúst n.k. Fundurinn byrjaði með kynningu fundarmanna og félaganna sem þeir eru fulltrúar fyrir. Þarna eru fjögur stór félög og tvö lítil sem eru Færeyjar og Ísland. Þau litlu hafa mun minna bolmagn og eru ekki fær um sumt sem þau stærri eru. TF3KB kynnti ÍRA á grundvelli skýrslu TF2JB en hún vakti allmikla athygli fundarmanna og hefur skýrslan aukið hróður ÍRA meðal fundarmanna. TF3KB taldi að ÍRA hafi aldrei starfað með meiri blóma sem má rekja til þess að nú eru mun fleiri hæfir amatörar til að sjá um félagsstarfsemina en fyrr. Hin félögin standa flest vel fjárhagslega, eiga t.a.m. það húsnæði sem þau starfa í. NRRL er með tvo starfsmenn, en öll eru félögin með fólk í vinnu og með öfluga blaðaútgáfu. Ein tillaga fundarins fól í sér aukna samvinnu milli ritstjóra norrænu blaðanna, t.d. að nýta efni milli blaða og fékk hún góðar undirtektir. Ritstjórarnir myndu senda rafrænt form blaða sinna til samritstjóranna. Greidd er þóknun fyrir greinar í norrænu blöðunum. Hvorki finnskur né færeyskur fulltrúi var á þessum fundi.

   Ráðstefnan í S-Afríku er óvenju kostnaðarsöm og greindi TF3KB NRAU-fundinum frá því að ÍRA hefði ekki efni á að senda fulltrúa sinn. SAC var ræddur, en keppnisstjórar Norðurlandanna voru ekki á fundinum. Hins vegar var reynt að formgera utanumhald SAC, farið var yfir pappír frá keppnisstjórunum en þeim ekki sagt fyrir verkum. Von er á fundargerð frá fundinum.

Rædd voru  samskipti félaganna við fjarskiptayfirvöld landanna. Þau eru alls staðar góð, í Svíþjóð sér amatörafélagið um allt sem lýtur að amatör radíói, útgáfu kallmerkja, próf o.fl. Þó bera fjarskiptayfirvöld endanlega ábyrgð. Norðmenn eru nokkur fyrirmynd annarra Norðurlanda, þeir hafa t.d. verið framsæknir við nýjungar í leyfisveitingum.

PB2T er formaður framkvæmdanefndar IARU svæðis 1. Hann fór í hringferð um Norðurlöndin til að kynna þeim hugmyndir að breytingum á IARU, t.d. til að sameina svæði IARU. Einnig óskaði hann endurkjörs sem formaður framkvæmdanefndarinnar. Hugmyndirnar voru allmikið á frumstigi og bar málflutningurinn þess vitni.

ÍRA getur veitt öðru félagi umboð sitt (proxy) á IARU fundinum í S-Afríku. Oft hefur þeirri reglu verið fylgt að veita forgöngulandi NRAU okkar umboð hverju sinni. Nú er Noregur sá aðili. Stjórn hugsar um þetta og var ákveðið að setja þetta á dagskrá næsta fundar.

TF3KB hefur lengi talað fyrir þeim möguleika að halda stóru IARU-ráðstefnuna á Íslandi. Við gætum í fyrsta lagi haldið fundinn eftir 6 ár, ef við viljum halda fundinn þá verðum við að tilkynna áhuga okkar núna. TF3KB spurði á NRAU-fundinum hvort við hefðum stuðning Norðurlandanna og myndu þeir veita móralskan stuðning til þessa. Norðmenn héldu ráðstefnuna 1999 og var hún skipulögð af þriggja manna nefnd sem starfaði í þrjú ár. Oft leggja  stóru félögin til starfsfólk til ráðstefnanna.

Í ljós hefur komið að kostnaður við að senda fulltrúa okkar á IARU ráðstefnuna er mun hærri en talið var áður. Það verður því ekki umflúið að hætta við að senda okkar fulltrúa á þessa ráðstefnu. TF3KB vill þó skoða hvort hægt sé að finna fé annars staðar og hefur hann einróma stuðning stjórnar við það.

9. **Önnur mál voru  engin að þessu sinni.**

Fundi slitið rétt eftir kl. 20.
Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, ritari Í.R.A.



*Úr félagsstarfinu. Ársæll Óskarsson TF3AO, Yngvi Harðarson TF3Y, Guðmundur Sveinsson TF3SG og Benedikt Sveinsson TF3CY. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3LMN.*



*Í garðinum hjá TF3DX og TF3GD. Formleg afhending rits Í.R.A. „Siðfræði og samskiptasiðir radíóamatöra“. Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, Guðrún Hannesdóttir TF3GD, John Devoldere ON4UN, Jónas Bjarnason TF2JB og Kristján Benediktsson TF3KB. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3LMN.*

John Devoldere, ON4UN, gerði góðan stans á landinu þann 4. ágúst (2011) á leið vestur um haf. Þetta var einkaheimsókn til Vilhjálms Þórs Kjartanssonar, TF3DX og konu hans, Guðrúnar Hannesdóttur, TF3GD. Jónas Bjarnason, TF3JB og Kristján Benediktsson, TF3KB, áttu þess kost að hitta John á heimili þeirra hjóna. Við það tækifæri var honum formlega afhent eintak af ritinu *Siðfræði og samskiptasiðir radíóamatöra* sem er þýðing Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS, á riti þeirra John Devoldere, ON4UN og Mark Demeuleneere, ON4WW, *Ethics and Operating Procedures for the Radio Amateur.* Fram kom, að íslenska þýðingin, sem Í.R.A. gaf út þann 13. ágúst 2009 var 2. tungumálið sem ritið var þýtt á yfir heiminn.




*Jónas Bjarnason TF2JB, formaður Í.R.A., tekur við árituðu eintaki nýjustu útgáfu bókar Johns, "ON4UN's Low-Band DXing" fyrir hönd félagsins. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3LMN.*

# Stjórnarfundur Í.R.A.

**Númer fundar: 2**
Dags.: 05.6. 2011 kl. 10:30
Staður: Félagsheimilið í Skeljanesi
Mættir: TF2JB, TF3EE, TF3UA, TF3G, TF3BJ, TF3CY, TF3SG.

5. **Setning fundar og samþykkt dagskrár:**
   Fundur var settur kl. 10:40 og tillaga að dagskrá var samþykkt.

6. **Samþykkt fundargerðar seinasta fundar:**
   Fundargerð seinasta fundar var samþykkt með áorðnum breytingum og jafnframt því að Hrafnkell Eiríksson er ekki lengur skólastjóri námskeiða. Kjartan H. Bjarnason verður "Umsjónarmaður námskeiða til amatörprófs".

3. **Erindi aðsend eða önnur til kynningar og/eða afgreiðslu:**
   Erindi frá PFS dags. 1.6.2011; umsögn um umsókn G-leyfishafa um QRO afl á 50 MHz tíðnisviðinu. Stjórn fól formanni og ritara að semja umsögn félagsins við umsókn þessari.

4. **Starfsáætlun nýrrar stjórnar fyrir 2011/2012:**
   Formaður dreifði starfsáætlun seinustu stjórnar. Þar eru mörg mál sem upp verða tekin í áætlun núverandi stjórnar. Jafnframt kom fram vilji hjá mönnum til að vinna að eftirfarandi málefnum:
   - Námskeið til amatörprófs skal hefjast tímanlega.
   - Loftnetamálum verði komið í betra horf.
   - Eignaskráning fyrir ÍRA, þar sem teknar verða myndir af öllum eignum félagsins og birtar á vefnum.
   - Finna allar fundargerðarbækur félagsins.
   - Áhersla á félagsstöðina og aukna virkni hennar.
   - Neyðarfjarskipti. Spurning hvort félagið ætti að eiga litla rafstöð og um fleiri þætti sem lúta að neyðarfjarskiptum.
   - Fyrirlestrahaldi verði haldið áfram með svipuðum metnaði og undanfarið.
   - CQTF útgáfunni verði haldið áfram og stefnt að útgáfu fjögurra blaða. Uppbygging heimasíðunnar haldi áfram en hún hefur verið í góðri sókn undanfarið.
   - Spurning hvort stjórn geti stutt við hópa um einstök efni eða hvort stjórn geti stuðlað að stofnun nýrra hópa. Félagið aðstoði þannig félagsmenn sína við vinnu að hugðarefnum þeirra, t.d. við uppsetningu SDR-hóps.
   - Efni er nú til í tvo turna og mætti gjarnan vinna að uppsetningu þeirra.
   - Vakviti (radíóviti) á 4 m. Félagið vinni að uppsetningu hans og hugsanlega einnig að vakvita á 6 m.
   - Huga skal að samstarfi við Flugbjörgunarsveitina sbr. seinustu fundargerð.
   - Stefna skal að því að manna ÍRA í helstu keppnum starfsársins.
   - Stefna skal að því að taka upp orðið „vak" í íslensku í staðinn fyrir „radíó". Þannig mun nafni félagsins breytt í „Íslenskir vakhugar", skammstafað ÍVH.

5. **Hugmyndir um stuðning og eftirfylgni með próftökum til amatörleyfis 28. maí s.l. :**
   Gott væri að hafa "Elmer-áætlun" fyrir þá þréttán sem stóðust prófið. TF3DX og TF3VS hafa hug á að kynna hinum nýju leyfishöfum ýmislegt sem varðar amatör radíó, sýnikennslu og ýmsar siðareglur. Við gætum óskað eftir því að TF3VS haldi fyrirlestur

um góðar venjur og siði í loftinu. Halda mætti sýnikennslu um t.d. það hvernig tvípólsloftnet er búið til. Æskilegt er að hrinda þessu fljótlega í framkvæmd gagnvart þeim sem stóðust próf 28. maí sl.

6. **Loftnetsmöstur sem félaginu standa til boða á Rjúpnahæð og fleira:**
   Þorvaldur í Otradal gaf Benedikt og Guðmundi Sveinssonum leyfi til að taka efni á Rjúpnahæð. Þarna er líka loftnetsvír og einangrarar og einnig radíalavír. Benedikt ætlar að kalla út menn til að sækja það efni sem félaginu hugnast að taka. Þarna mæti fjórir til sex menn sem þurfa að taka mastrið í sundur. Benedikt fær hér með heimild til að kaupa flutning á efninu og standa að þessu máli. Tengt þessu efni þurfum við að efna til hreinsunardags á svæði félagsins. Einnig þarf að huga að ýmsum eignum sem félagið á og nýtir ekki. Þær er betra að selja og koma þannig á notkun en láta ónotaðar í geymslum félagsins. Hugsanlegt væri að koma af stað smíðahópi sem myndi smíða einfaldan línulegan magnara fyrir félagsstöðina.

7. **Önnur mál:**
   Umræður urðu um aðgengi að félagsaðstöðunni og fram kom að öryggiskerfið er ekki alltaf sett í gang. Þetta stafar m.a. af því að lyklaborðið á öryggiskerfinu er í ólagi. Oddur ætlar að ganga í það mál að fá nýtt lyklaborð á öryggiskerfið. Í gangi eru sjö lyklar að húsinu og hugsanlegt væri að setja talnalás á tækjaherbergið. Hugsanlegt er að mynda áhugahópa um notkun félagsstöðvarinnar. Við þurfum að ljúka við samþykktir um notkun félagsstöðvarinnar. Einnig gætum við kannað skoðanir félagsmanna um þetta efni, t.d. á netinu. Æskilegt væri að stöðin yrði betur opnuð m.t.t. keppna og spurning hvort við gætum virkjað menn til að mynda keppnishópa.

Fundi slitið rétt fyrir kl. 13.
Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA,
ritari Í.R.A.



*Úr félagsstarfinu. Jón Bergsson TF3JX og Kristinn Andersen TF3KX í Skeljanesi í mars 2012. Ljósmynd: TF3LMN.*

# Stjórnarfundur Í.R.A.

**Númer fundar: 3**
Dags.: 19.7.2011 kl. 18:00
Staður: Félagsheimilið í Skeljanesi
Mættir: TF2JB, TF3CY, TF3SG, TF3EE,TF3G, og sérstakur gestur TF3KB. TF3BJ komst ekki til fundar sakir annarra starfa.

**1. Fundur settur kl. 18:10.**

**2. Fundargerð síðasta fundar (frá 5.6.2011) var samþykkt samhljóða.**

**3. PFS erindi, aðsend eða önnur (til kynningar, staðfestingar og/eða umfjöllunar); í tímaröð.**

- **6.6.2011.** Umsókn Piotr Brzozowski um úthlutun kallmerkisins TF3PLN. Ferill máls: Mælt með úthlutun 6.6.2011; staðfest.
- **8.6.2011.** Umsókn Arnþórs Þórðarsonar um úthlutun kallmerkisins TF3ED. Ferill máls: Mælt með úthlutun 8.6.2011; staðfest.
- **8.6.2011.** Umsögn vegna umsóknar G-leyfishafa um QRO afl á 50 MHz. Ferill máls: Erindi móttekið 1.6.; tekið til afgreiðslu á stjórnarfundi nr. 3/5. júní; samþykkt að vísa til afgreiðslu formanns og ritara; staðfest.
- **10.6.2011.** Útgáfa kallmerkjanna TF3RPF og TF3RPG fyrir APRS stafvarpa. Ferill máls: Upphafleg umsókn send 22.4.2011. Beiðni PFS um greinargerð til fulltingis umsóknar send 10.5.2011; kynnt.
- **27.6.2011.** Erindi til umsagnar. Umsókn G-leyfishafa um uppsetningu sendis á 2 metrum á Garðskaga, til áframsendingar móttekinna merkja á 3637 kHz;
  Félagið mælir með heimild. Notað verður kallmerkið TF8SDR, stjórn félagsins mælist til að kallmerkið verði sent út með venjubundnu millibili á CW.
- **1.7.2011.** Erindi til umsagnar. Umsókn G1GSN um tímabundna heimild til tilrauna í 70 MHz tíðnisviðinu. Ferill máls: Mælt með úthlutun 1.7.2011; staðfest.
- **3.7.2011.** Útgáfa kallmerkisins TF8TL til Tommi Laukka (SM7TAZ) á grundvelli CEPT tilmæla nr. T/R 61-02. Umsögn afgreidd á stjórnarfundi 14/2010-2011 þann 14.5.2011; kynnt.

**4. Önnur aðsend erindi (til kynningar, staðfestingar og/eða umfjöllunar); í tímaröð.**

- **6.6.2011.** Erindi frá formanni IARU Svæðis 1 varðandi „Casperflights.com“; málið kynnt og ákveðið að aðhafast ekki neitt.
- **23.6.2011.** Eldri ritaragögnum (möppu) skilað til stjórnar af TF3GL; kynnt.
- **24.6.2011.** Upplýsingar TF3SG frá óformlegum fundi í IARU Svæði 1 þann 24.6.2011 í Friedrichshafen. Ferill málsins: Tölvupóstar dags. 3.7.2011 og 8.7.2011; kynnt.
- **2.7.2011.** Erindi TF3GW með ósk um tengingu „EchoLink“ við TF1RPB; Erindinu hafnað að sinni.
- **3.7.2011.** Erindi TF3SB um ráðstöfun heimildar til Í.R.A. fyrir radíóvita á 137,75 kHz með kallmerkinu TF3LWB; Stjórn samþykkir að kanna áhuga félagsmanna á málinu.
- **6.7.2011.** Erindi um „5MHz threat from USA to WRC-12”, Spurning hvort við getum fengið PFS til að beita atkvæði sínu gegn þessu máli. TF2JB og TF3KB falið málið til úrlausnar.
- **9.7.2011.** Erindi IARU Svæðis 1 er varðar „FprEN 50561“ skýrsluna; TF3UA falið að vinna málið í samvinnu við fleiri félagsmenn sem hann velur til samstarfs.

**5. Tillaga að niðurskipan stjórnarmanna á vaktir í félagsaðstöðu ágúst-desember 2011.** Tillaga formanns samþykkt samhljóða. Miðað er við að fundir séu frá kl. 20 til kl. 22.

**6. Fyrsta uppkast að vetrardagskrá Í.R.A. tímabilið október-desember (kynning).**
Þankar komnir af stað.

**7. Uppkast að starfsáætlun stjórnar starfsárið 2011/2012.** Sett fram til staðfestingar og hún staðfest samhljóða.

**8. Félagsrit Í.R.A., CQ TF, 3. tbl. 2011.**
Blaðinu fagnað vel í stjórn fyrir frábært efni. Prentgæði svarthvítra mynda ollu vonbrigðum.

**9. Innheimta árgjalda 2011/2012; skýrsla gjaldkera.**
Eigum 384 þús. í sjóði. 91 hefur greitt félagsgjöld en von er á 50 – 60 árgjöldum til viðbótar. Eignalisti félagsins skal yfirfarinn. TF3G veitir eignalistanefnd forstöðu en í henni sitja einnig TF3SG og TF3EE. Þetta þarf m.a. að gera vegna trygginga félagsins, en óþarft er að tryggja hluti sem eru annað hvort ónýtir eða félagið hefur þegar losað sig við.

**9.1 Kostnaður vegna NRAU fundar í Noregi 20.-22.5.2011; skýrsla gjaldkera.**
Munum fá 80% af þessum kostnaði endurgreiddan frá Norrænu félögunum. Staðan er því nokkru betri en virðist við fyrstu sýn.

**10. Ráðstefna IARU Svæðis 1 í ágúst n.k. og veiting umboðs til NRRL.**
Liðnum frestað

**11. Vita- og vitaskipahelgin 20.-21. ágúst 2011.**
TF3JA, TF8SM og TF3SNN endurskipaðir í framkvæmdanefnd. Samþykkt að styðja þá hugmynd að halda atburðinn á Garðskagavita.

**12. Heimild fyrir útgjöldum úr félagssjóði.**
a. Kaup á „LVB Tracker“ frá AMSAT. Samþykkt.
b. Kaup á AlfaSpid „RAK“ rótoreiningu frá Alfa Radio Ltd. AlfaSpid RAK rótoreining frá Alfa Radio. Nýr AlfaSpid kostar um $600. Stefnt að því að laga gamla snúðinn. Eigum Tailtwister í geymslu sem athuga skal hvort nothæfur sé. TF3CY skoðar þann kost og setur Tailtwisterinn upp ef það er íhlaupaverk. Magnaramál félagsstöðvarinnar rædd og stefnt að ákvörðun á næsta fundi.

**13. Félagsstöðin TF3IRA; skýrsla stöðvarstjóra.**
Málið var rætt í þaula í 12. lið og ákvarðanir teknar undir þeim lið.

**14. Hugmyndir um eftirfylgni með próftökum til amatörleyfis (frá síðasta fundi).**
Tekið undir að þetta sé gagnlegt til þess að draga úr afföllum. Nýir leyfishafa hafa lausa tengingu við félagið. Spurning hvort fjölga þurfi atburðum á vegum félagsins til betri kynningar félagsmanna.

**15. Tíðnistefna Póst- og fjarskiptastofnunar 2011-2014.**
Tíðnistefna PFS; umsögn félagsmanns dags. 10.7.2011. Málið rætt og töldu menn að leita þyrfti skýringa hjá PFS á ákveðnum greinum í tíðnistefnu þeirra. Samþykkt að afhenda PFS bæklinginn um siðfræði og siðareglur radíóamatöra. Formanni og ritara falið að vinna að málinu.

**16. Afmæli félagsins 14. ágúst n.k.**
Hugmyndir um hátíðarhöld voru ræddar. Afmælið verður á sunnudegi. Samþykkt að halda kaffiboð fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. Boðið verður upp á vöfflur og pönnukökur

með þeyttum rjóma og ís. Byrjað verður kl. 14:00 og lýkur atburðinum kl. 17:00.

**17. Dagsetning og tímasetning næsta stjórnarfundar.**
Stefnt er að fundi á Hvanneyri, föstudaginn 12. ágúst.

**18. Önnur mál.**
Engin önnur mál voru til umfjöllunar að þessu sinni.

Fundi slitið kl. 21:19.
Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA.
Ritari Í.R.A.




*Jón Svavarsson TF3LMN ljósmyndari Í.R.A. í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3UA.*

# Stjórnarfundur Í.R.A.

**Númer fundar: 4**
Dags.: 02.09.2011 kl. 18:30
Staður: Heimili formanns á Hvanneyri.
Mættir: TF2JB, TF3UA, TF3SG, TF3G, TF3BJ. TF3EE og TF3CY boðuðu forföll. Sérstakur gestur var TF3KX, ritstjóri CQTF.

1. **Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.**
   Fundur var settur kl. 18:45. Tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

2. **Fundargerð síðasta fundar (frá 19.7.2011) lögð fram til samþykktar.**
   Samþykkt samhljóða.

3. **Umsókn G-leyfishafa (dags. 26.8.2011) til umsagnar. Varðar heimild til að veita lærlingi aðgang að stöð sinni, sbr. heimild í 4. gr. reglugerðarinnar**.
   Erindið var samþykkt með ánægju og fram kom sú hugmynd að biðja umsækjanda um að halda fyrirlestur um reynsluna af starfsemi lærlings, þegar hún liggur fyrir.

4. **Fundur með Póst- og fjarskiptastofnun 16.8.2011.**
   Skýrt var frá fundi þeirra TF2JB, TF3UA, TF3DX og TF3KB með PFS sem fram fór af því tilefni að PFS gaf út tíðnistefnu þar sem fram komu hugleiðingar um að radíóamatörar gætu hugsanlega valdið geislun sem skaðleg væri heilsu manna. Af því tilefni var reifað í tíðnistefnunni að loftnet amatöra gætu í sumum tilvikum legið of nærri híbýlum fólks og einnig að útgeislað afl gæti verið mikið. Fundinn sátu þeir Þorleifur Jónasson, Bjarni Sigurðsson og Hafþór Óskarsson af hálfu PFS. Fulltrúar ÍRA á fundinum skýrðu sjónarmið amatöra og óskuðu eftir samvinnu við PFS um fræðslu á þessu sviði og einnig um úrlausn hugsanlegra mála sem fram geta komið í framtíðinni á þessu sviði. Fulltrúar PFS tóku þeirri málaleitan vel. ÍRA hefur þegar óskað eftir því að fulltrúi PFS haldi fræðsluerindi fyrir félagsmenn um geislun og hugsanlega hættu af henni. Jafnframt hyggst stjórnin stofna nefnd innan félagsins sem gæti átt samvinnu við PFS um úrlausn mála sem koma upp vegna geislunar, þ.á m. vegna truflana. Þessi nefnd hefur nú vinnuheitið EMC-nefnd (Electro Magnetic Compatibility). Stjórnin mun vinna nánar í málinu á komandi misseri. Stefnt verður að árlegum fundi fulltrúa ÍRA og PFS í framtíðinni þar sem sameiginleg mál verða til umfjöllunar.

5. **Ráðstefna IARU Svæðis 1 dagana 12.-19. ágúst s.l. og veiting umboðs til NRRL.**
   Ráðstefnan hefur nú farið fram. ÍRA gat ekki sent fulltrúa sinn vegna skorts á fjármunum. Því var umboð veitt til NRRL um að fara með atkvæði okkar og telst sá gjörningur nú samþykktur formlega af stjórn.

6. **Erindi IARU Svæðis 1 er varðar „FprEN 50561" skýrsluna, mótt. 7. júlí s.l.** (Áður rætt á fundi nr. 3/2011-2012).
   TF3UA var falin úrvinnsla málsins. Hann setti sig í samband við Sigurð Sigurðarson hjá Staðlaráði Íslands sem er fulltrúi Íslendinga á CENELEC staðlavettvanginum. Sigurður sagði að til þyrfti afar sterk rök til að hafna frumvarpi að staðli og einnig þyrfti að benda á aðgerðir er kæmu í staðinn. Ábendingar IARU um að tíðnisviðið 30-60 MHz yrði nýtt fyrir fjarskipti um raflínur (PLT, Power Line Telecommunications) voru mjög ósannfarandi enda er deyfing á því tíðnisvið mun meiri en á 0-30 MHz sviðinu og því þyrftu merki að vera enn sterkari á því tíðnisviði. Auk þess er gert ráð fyrir því að nýta ekki amatöraböndin fyrir PLT í frumvarpinu að staðlinum og að eyða merkinu á þeim

böndum (notch). Án staðals væri engin trygging fyrir því að slíkt yrði gert og þar með væri verr af stað farið en heima setið. TF3UA ræddi þetta við Thilo Koots, DL9KCE sem lýsti sig sammála þessu í megin atriðum. Var því ákveðið að hafast ekki frekar að í málinu.

7. **Hugmyndir um eftirfylgni með próftökum til amatörleyfis.** (Áður til umfjöllunar á stjórnarfundi nr. 3/2011-2012).
   Samþykkt var að óska eftir tillögum frá skólastjóra námskeiða og prófnefnd um þetta efni. Samþykkt var, að tillögu TF3BJ, skólastjóra námskeiða, að fara þess á leit við formann prófnefndar, að efnt verði til sameiginlegs fundar með stjórn vegna þessa máls og annarra sem þarfnast umræðu í þessum efnum.

8. **Boðun almenns félagsfundar (sérstaks fimmtudagsfundar) 15. september n.k.** Samþykkt var að boða til fundar um dagskrá vetrarins og kynna keppnir, t.d. SAC og CQWW.

9. **Afmæliskaffi í tilefni 65 ára afmælis félagsins 14. ágúst s.l.**
   Afmæliskaffi félagsins þótti takast með ágætum og var haft til marks að nokkrar konur félagsmanna lýstu yfir mikilli ánægju. Yfir 60 manns sóttu viðburðinn.

10. **Vita- og vitaskipahelgin 20.-21. ágúst s.l.**
    Vitahelgin var haldin með pomp og prakt og var útdeilt um 45 skálum af súpu. Þetta var þrátt fyrir samkeppni við menningarnótt og fleiri atburði. Skipuleggjendum eru færðar bestu þakkir fyrir framtakið.

11. **Félagsstöðin TF3IRA; skýrsla stöðvarstjóra**.
    Þessum lið var frestað vegna fjarveru stöðvarstjóra.

12. **Innheimta árgjalda 2011/2012; skýrsla gjaldkera.**
    Innheimtan gengur vel, 148 hafa nú greitt, sem telst gott. Umræður urðu um félags-gjaldið og voru menn á einu máli um að það væri of lágt. Einnig spunnust umræður um það að stjórn þyrfti að hafa heimild til þess að lækka eða fella niður félagsgjöld hjá þeim félagsmönnum sem búa við tímabundna fjárhagslega erfiðleika. Huga þarf að tillögu til lagabreytinga fyrir næsta aðalfund er hnígur í þessa átt.

13. **Vetrardagskrá Í.R.A. fyrir tímabilið október-desember. (Stutt kynning).**
    Drög að dagskrá vetrarstarfsins voru lögð fyrir fundinn og þóttu metnaðarfull.

14. **Hugmynd um að efnt verði til sérstakra TF útileika á VHF.**
    Þessi hugmynd kom frá TF3GL og hefur hann samþykkt að útfæra hana nánar. Bent var á að í útileikunum er einnig hægt að vinna á VHF/UHF. Umræður spunnust um reglur útileikanna sem þykja full flóknar og þarfnast einföldunar.

15. **Félagsritið CQ TF.**
    TF3KX mælti:ÍRA hefur góða heimasíðu og formaður er duglegur að senda frá sér pistla, bæði á heimasíðunni og í formi fréttapunkta sem að lokum mynda ársskýrslu félagsins. Er ástæða til þess að endurskoða útgáfumál félagsins? Ætti útgáfan að vera á netinu og hvers virði er pappírsútgáfan? Verulegur kostnaður felst í því að prenta um 70 blöð eða um 700 kr. hvert eintak. Mætti ekki nýta pappírinn betur til kynningar á félaginu? Einnig kom fram að félagsmenn hafa gagnrýnt það að pappírsútgáfan kosti mikla fjármuni. Spunnust nú miklar umræður þar sem m.a. kom fram að blaðið er mikilvægt fyrir samskipti við félagsmenn, að það virki sem eins konar lím þeirra við félagið og að blaðsins sé þörf sem andlit félagsins til félagsmanna og út á við. Nefnt var að mikilvægt

er að senda félagsmönnum blaðið á PDF-formi fremur en að láta þá sækja það á læsta heimasíðuna. Einnig komu fram mismunandi skoðanir um það hvort dreifa skuli blaðinu til allra sem vilja fá það eða hafa dreifinguna í núverandi horfi, þ.e. til félagsmanna og eintökum dreift í Íhlutum og Miðbæjarradíói. Góð eindrægni ríkti um það að blaðið er félaginu mikilvægt og að senda skuli rafrænt eintak til allra félagsmanna sem hafa netfang. Jafnframt að halda pappírsútgáfunni áfram en reyna að draga úr henni, t.d. með því að gera mönnum grein fyrir kostnaðinum.

16. **Heimild fyrir útgjöldum úr félagssjóði.**
    a. Kaup á varahlutum í AlfaSpid „RAK" rótoreiningu frá Alfa Radio Ltd.
    b. Kaup á VHF/UHF sendi-/móttökustöð fyrir TF3IRA (áður til umfjöllunar á stjórnarfundi nr. 12/2010-2011). Hvort tveggja var samþykkt samhljóða.

17. **Önnur mál.** Hér fóru fram alllíflegar umræður um útileikana og voru menn sammála um að stefna beri að því að einfalda reglurnar sem um þá gilda.

Fundi var slitið um kl. 23:00. Voru formanni þakkaðar höfðinglegar móttökur og var heimsóknin hin ánægjulegasta. Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, ritari Í.R.A.



*Úr félagsstarfinu. Óskar Sverrisson TF3DC og Georg Magnússon TF2LL. Ljósmynd: TF3UA.*

# Stjórnarfundur Í.R.A.

**Númer fundar: 5**
Dags.: 06.10.2011.
Staður: Félagsheimilið í Skeljanesi.
Mættir: TF2JB, TF3G, TF3CY, TF3EE, TF3UA, TF3BJ
Fundur settur kl. 18:09

1. **Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá:**
   Fundur settur kl. 18:09 og fyrirliggjandi tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

2. **Fundargerð síðasta fundar (frá 2.9.2011) lögð fram til samþykktar:**
   Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

3. **Innkomin erindi:**
   Afgreidd undir 7. lið þar sem varaformaður var ekki kominn.

4. **Vetrardagskrá félagsins október-desember:**
   Gengið frá henni 30. sept. sl. Send út til allra sem eru með erindi og stjórnarmanna. Gott framtak og voru menn ánægðir með dagskrána.

5. **Hugmyndir um eftirfylgni með prófttökum til amatörleyfis:**
   Hugmyndir um eftirfylgni við próftaka til amatörleyfis. Þurfum að funda með prófnefnd um námskeið fyrir veturinn og þá kemur þetta til tals. TF3BJ leggur til að halda fundinn fljótlega eftir að TF3DX kemur til landsins aftur. Námsefnismálið verði þá einnig tekið upp.

6. **Innheimta árgjalda; skýrsla gjaldkera:**
   157 hafa nú greitt og í sjóði eru 455.200 kr. Það er nokkuð gott. Verðbréf í eigu félagsins hafa verið leyst út. Lítill kostnaður er framundan, lítið vegna næsta CQ TF og svo eru þrifin 6600 kr./mán.

7. **Félagsstöðin; skýrsla stöðvarstjóra og kynning á hugmyndum um ný loftnet:**
   Við erum nálægt flugvellinum. Benedikt talaði við Hermann hjá Isavia um hæðar-takmarkanir. Isavia er mjög vinsamleg ÍRA og ríkir gott samstarf við þá. Ekkert er að marka myndir frá Google um þetta. Hermann segir að ef farið er 10 m út frá skúrnum er hægt að fara í 25 m yfir sjó. Planið er 4 m yfir sjó. Hugsanlegt er að fara aðeins yfir mörk ef Isavia samþykkir. Turninn er merktur í AIP. Hugsanlegt er að fara enn lengra frá húsinu og þá gilda engar takmarkanir.

   Það sem okkur vantar er loftnet á 80 m og 160 m. Afar hentugt væri að reisa stöng vegna aðstæðna okkar hér við sjó. Um 20 m stöng væri frábær lausn fyrir okkur. Við gætum skotið inn raðtengdri spólu til að dekka vel 160 m. Ein hugmyndin er sú að setja upp „Spider beam“. Sú lausn er dýrari en er færanleg. Álstöng kostar um 60 þús. kr. Þarna er fínn veggur sem má bolta í og við höfum reynslu frá TF3SG. Svona loftnet tekur nokkrar mínútur að taka niður og getur það einn maður. Klemmurnar eru dýrar, 19 þús. stykkið en við þyrftum tvær. Kóaxinn kostar líka nokkuð eða um 50 þús. Lagt er til að undirstöður verði reistar og kostar það um 50 þús. kr, þ.e. klemmur og I-biti. TF3CY er tilbúinn að lána félaginu álstengur. TF3CY ætlar að gefa vinduna. TF3CY ætlar svo að hafa samband við staðarráðsmann vegna þessarar framkvæmdar. Magnaramál félagsins: Vilji er meðal stjórnarmanna að endurnýja magnarabúnað félagsstöðvarinnar.

**8. Stöðupróf í morsi á vegum félagsins:**
Samþykkt að TF3SG sjái um málið.

**9. Skil á stjórnargögnum frá TF3GL (23. júní) og TF3HRY (8. september):**
Formaður tilkynnti um að gögnunum hafi verið skilað.

**10. Tæki og búnaður frá félaginu á söludegi (flóamarkaði) 16. október n.k.:**
Formanni og gjaldkera veitt heimild til að selja hluti úr geymslu félagsins.

**11. Önnur mál:**
a. Gjafir sem félaginu hafa borist nýlega:

- Bókin ON4UN's Low-Band DXing, 5. útgáfa.
- Umsóknargjald vegna DXCC þriggja skjala til ARRL v/TF3IRA.
- Innrömmun á þremur DXCC viðurkenningaskjölum.
- 65 ára afmælisgjöf: Hljóðnemaarmur f. Heil Gold Line Pro.
- 65 ára afmælisgjöf: Sex bækur (ARRL, RSGB o.fl.).

Innilegar þakkir eru færðar þeim sem gefið hafa félaginu rausnarlegar gjafir.

b. Minningarsjóður um látna amatöra:
Samþykkt að stofna sjóð til minningar um látna félagsmenn sem notaður verði í þágu nýrra leyfishafa svo þeir komist í loftið. Samþykkt að ánafna 25 þús. kr. úr félagssjóði í minningu Sveins Guðmundssonar, TF3T.

**12. Dagsetning og tímasetning næsta stjórnarfundar:**
Stefnt er að fundi í fyrstu viku nóvember.

Fundi slitið laust fyrir kl. 20.
Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA.
Ritari Í.R.A.




*Úr félagsstarfinu. Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN og Ari Þór Jóhannesson TF3ARI. Ljósmynd: TF3LMN.*

# Stjórnarfundur Í.R.A.

**Númer fundar: 6.**
Dags.: 03.11.2011.
Staður: Félagsheimilið í Skeljanesi.
Mættir: TF2JB, TF3G, TF3EE, TF3UA, TF3SG, TF3BJ kom síðar vegna misskilnings, TF3CY kom síðar vegna barneigna og annarra anna.

1. **Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá**.
   Fundur var settur kl. 17:33 og tillaga að dagskrá samþykkt.

2. **Fundargerð síðasta fundar (frá 6.10.2011) lögð fram til samþykktar.**
   Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

3. **Innkomin erindi.**
   a) 11.10.2011. Erindi TF3CY til stjórnar. Áhugahópur um „veik samskipti" á HF+VHF. TF3CY bar fram málið. Þeir vilja m.a.verða virkir á meteoscatter. Stjórn samþykkti stofnun þessa hóps samhljóða. Hópnum verður látin í té aðstaða í hinu nýja herbergi ef hann vill. Frestað að fjalla um notkun kallmerkja hjá þessum hópi.
   b) 19.10.2011. Erindi TF3WO.
   Erindi TF3WO frestað, enda hafði hann ekki fylgt því eftir með lýsingu á Sky Command kerfinu.
   c) 26.10.2011. Ný QRG fyrir TF8SDR.
   Málalokum fagnað sem felast í því að TF8SDR verður rekin á 145.550 kHz.

4. **Stofnun „EMC" nefndar Í.R.A.**
   a) Samþykkt að TF3UA verði formaður EMC-nefndarinnar og velji sér tvo valinkunna amatöra til samstarfs í nefndinni.
   b) ICNIRPcalc forrit IARU Svæðis 1 sem reiknar geislun frá loftnetum og öryggismörk. TF3UA hefur kynnt sér forritið og telur að það verði til að auðvelda amatörum útreikninga á geislun frá loftnetum þeirra.

5. **Flóamarkaður Í.R.A. 16. október; skýrsla gjaldkera.**
   Tekjur voru 37 þúsund en 39 þús. í fyrra. Í sjóði eru nú 460 þús. og innheimst hafa 77,7%.

6. **Frumvarp ráðherra að fjarskiptaáætlun 2011-2014 og 2011-2022 (langtímaáætlun).**
   TF3UA lýsti kynningarfundinum sem haldinn var á vegum innanríkisráðuneytisins og Skýrslutæknifélags Íslands. Formanni og ritara var falið að skoða málið nánar með tilliti til hugsanlegrar umsagnar félagsins til ráðherra.

7. **Samskipti við PFS vegna WRC-2012.**
   Í samræðum formanns við Hörð hjá PFS kom fram að tillaga verði uppi á WRC-2012 (World Radio Congress) um að tíðnisvið á 600 m verði opnað amatörum. ÍRA styður að Ísland kjósi með þessari tillögu ef hún kemst á dagskrá á ráðstefnunni. Þessi stuðningur ÍRA er PFS ljós.

8. **Húsnæðisaðstaða félagsins við Skeljanes.**
   a) Bætt aðstaða fyrir QSLstjóra í kjallara.
   Keypt var borð í IKEA svo að nú er aðstaða QSL-stjóra viðunandi. Gunnar Svanur Hjálmarsson, TF3FIN er áhugasamur um að starfa með QSL-stjóra og fagnar stjórn áhuga hans.

b) Tiltekt í kjallara. Þeir TF2JB, TF3G og TF3CY tóku til í kjallaranum og er nú mun rýmra og fegurra um að lítast. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir dugnaðinn.
c) Skipti á herbergjum á 2. hæð. Oddur er tilbúinn að láta okkur í té stærra herbergi í skiptum fyrir minna. Eru honum færðar bestu þakkir. Málið var samþykkt samhljóða.

9. **Félagsstöðin.**
Staða rótormála, boltar í turn undir SteppIR 3E loftneti félagsins, GlobalSET neyðarfjarskiptaæfing, uppfærsla upplýsinga um kallmerki félagsstöðvar á QRZ.com og LoTW. Snúðurinn er óskemmdur og viðgerður. Nú líður ekki á löngu þar til hann verður settur upp. Stöðvarstjóra eru færðar bestu þakkir fyrir mikið starf hans við viðgerð snúðsins. Gjaldkeri hefur keypt nýja bolta til að endurnýja þá sem eru fyrir en marga bolta vantar í samskeyti. TF3JA sagði formanni og stöðvarstjóra frá neyðarfjarskiptaæfingu þ. 12. nóv. nk. Umræður urðu um neyðarfjarskiptin og hvað við amatörar gætum boðið fram. Stefnumörkunar er þörf og lagt er til að stjórn fundi með TF3JA um þetta mál sérstaklega. Uppfærsla kallmerkja félagsstöðvarinnar á QRZ.com og logbook of the world: TF3IRA, TF3HQ og TF3W hafa verið sett þar inn. Loggar stöðvarinnar hafa verið settir inn og hefur TF3AO sett þá inn. Hann er tilbúinn til að halda því áfram.

**Tillaga um útgjöld úr félagssjóði.**
Heimild til kaupa á Yaesu G-5400B sambyggðum rótor. TF3BJ er tilbúinn að selja félaginu snúðinn en hann kostar um 800 USD nýr í USA og 120 þús. kominn til Íslands. Félagið hefur haft snúð TF3BJ í láni s.l. tvö ár og er TF3BJ tilbúinn að selja hann félaginu fyrir kr. 50 þús. miðað við að viðskipti hans á nýlegum flóamarkaði verði þar með uppgerð, þ.e. 21 þús. Bókhaldslegt innkaupsverð er þannig 71 þús. Þetta rausnarlega tilboð var samþykkt samhljóða.

10. **Fjarskiptastafnið við Suðurgötu flytur.** Ritara falinn undirbúningur málsins.

11. **Önnur mál.**
Gjafir sem félaginu hafa borist nýlega:
- 19“ Dell LCD borðskjár; 10. október; TF3G.
- Tölvur, XPC Prime Shuttle (2 stk.); 13. og 22. október; TF3CY.
- Radíóíhlutir og tæki (2 jeppakerrur); 27. og 28. október; TF3WS.

Gefendum eru færðar innilegar þakkir fyrir. VHF sendar með cavity síum eru meðal þess efnis sem gefið var, spennubreytar, aflmagnarar og fleira.

Fundi slitið kl. 19:10. Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, ritari Í.R.A.



*Úr félagsstarfinu. Hlustað á erindi í Skeljanesi þann 26. apríl 2012. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3LMN.*

# Stjórnarfundur Í.R.A.

**Númer fundar: 7.**
Dags.: 8.12.2011.
Staður: Félagsheimilið í Skeljanesi.
Mættir: TF2JB, TF3G, TF3EE, TF3BJ, TF3UA. TF3CY komst ekki vegna vinnu. Sérstakur gestur fundarins var TF3JA, Jón Þóroddur Jónsson sem sat fundinn til að fjalla um neyðarfjarskipti.

3. **Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá**
   Fundur var settur kl. 17:35 og tillaga að dagskrá samþykkt.

4. **Fundargerð síðasta fundar (frá 3.11.2011) lögð fram til samþykktar.**
   Spurning kom fram við 11. lið, um Fjarskiptasafnið. Frá því er að greina að ritari athugaði málið og fann út að Fjarskiptasafninu var lokað árið 2010 og er nú allt í kössum. Hugsanleg heimsókn ÍRA-manna kom því aldrei til greina. Safnið verður flutt að Skógum undir Eyjafjöllum. Fundargerðin var að öðru leyti samþykkt samhljóða.

3. **Innkomin erindi.**
   - **10.11.2011. Erindi frá PFS.**
     Varðar umsögn um hugsanlegt nýtt 600m band á WRC-12 Jákvæð umsögn formanns til PFS staðfest. Fundurinn fagnaði þessu máli mjög.
   - **15.11.2011. CD diskur frá TF5B.**
     CQ TF og fréttabréf (frá upphafi), ársskýrslur, ársreikningar o.fl. félagsgögn. TF5B færðar innilegar þakkir fyrir CD-diskinn og alla þá vinnu sem að bak býr. Umræður spunnust um málefni CQ TF og útsendingu blaðsins á rafrænu formi til félagsmanna. Var ritara falið að ræða við ritstjóra um málefnið.
   - **23.11.2011. Erindi frá TF3ARI; boð um gervihnattadisk að gjöf til félagsins.**
     TF3ARI býður félaginu að þiggja að gjöf annan tveggja diska, 3,2 m eða 4,5 m. Spurningar vöknuðu um kostnað við að þiggja gjöfina, hvort sækja þyrfti diskinn til Keflavíkur og með hvaða hætti hann yrði fluttur. Jafnframt spurningar um það hvort hægt sé að mynda áhugahóp í félaginu um uppsetningu og starfrækslu slíks loftnets. Samþykkt var að leita svara við þessum spurningum og óska þess að bíða með ákvörðun. TF3ARI eru færðar bestu þakkir fyrir góðan hug til félagsins.
   - **29.11.2011. Sameiginlegur sýningarbás Norðurlandafélaganna á Ham Radio 2012.**
     Einhugur var um þá afstöðu að sýna samstöðu með hinum Norðurlöndunum og láta ÍRA sjást á básnum. Þessu mega þó ekki fylgja nein útgjöld sem skipta máli, t.d. verður ekki sendur maður á sýninguna á kostnað félagsins og kostnaði við kynningarefni haldið í lágmarki. E.t.v. gætu félagsmenn sem sækja Ham Radio sinnt básnum lítillega ásamt öðrum hugðarefnum.
   - **01.12.2011. Erindi frá TF3GB um tilmæli ESB nr. 2004/108/EC**.
     Stjórnarmenn kynni sér málefnið og fjalli um efnið síðar.
   - **06.12.2011**. **Erindi frá PFS um umsókn TF4M um tímabundið aukið afl á 160 m.**
     Samþykkt að mæla með umsókninni í ljósi sérstakra aðstæðna TF4M í Otradal.
   - **7.12.2011. Erindi frá TF3ARI um að fá að samtengja VHF endurvarpana á Hótel Sögu og á Akureyri.** Erindið var samþykkt samhljóða.

**4. Skipun EMC-nefndar ÍRA.**
Samþykkt tillaga TF3UA um að í nefndinni verði ásamt honum þeir TF3Y og TF3G.

**5. Stofnun embættis húsvarðar.**
Menn voru á því að slíkt embætti myndi styðja starfsemina. Formaður skoðar málið.

**6. Húsnæðismál.**
Flutningurinn milli herbergja kostaði tæpar 20 þ.kr. Almenn ánægja er meðal þeirra félagsmanna sem hafa tjáð sig um flutninginn.

**7. Staða félagssjóðs.**
Nú eru í sjóði 333 þ.kr. og eru alls 165 félagar skuldlausir.

**8. Staða endurvarpans TF1RPB.**
Þessi endurvarpi er í Bláfjöllum. Hann verður settur upp í nýju húsi og loftnetið í nýjan staur. Loftnetið er talið vera í lagi.

**9. Staða félagsstöðvarinnar.**
Þessum lið frestað vegna fjarveru stöðvarstjóra.

**10. Aðalfundur 2012.**
Samþykkt samhljóða að efna til aðalfundar laugardaginn 19. maí 2012. Einnig samþykkt að óska eftir því að hafa hann í Yale-sal Hótels Sögu.

**11. Námskeið til amatörprófs.**
Umræður urðu um námsefnið og voru menn einróma um þá skoðun að uppfæra þyrfti námsefnið. Skólastjóra líst vel á námsefni sem S-Afríska amatörafélagið SARL hefur gefið út. Formanni falið að ræða við formann prófnefndar um hið nýja námsefni og í framhaldi óska eftir leyfi frá SARL um að nota námsefnið lítist prófnefndarformanni vel á. Stefnt skal að fundi stjórnar og prófnefndar sem fyrst. Námskeið þarf að byrja í janúar ef vel á að vera. Rætt um fornámskeið fyrir þá sem þurfa upprifjun á grunnatriðum í reikningi og fleiri greinum til að standast amatörprófið.

**12. Vetrardagskrá febrúar – apríl 2012.**
Unnið er að dagskránni og miðar þeirri vinnu vel fram á við. Margir spennandi fyrirlestrar eru í bígerð.

**13. Tillaga um útgjöld úr félagssjóði.**
Samþykkt var að kaupa IKEA bókaskáp, Nova Tracking hugbúnað og bækur frá ARRL fyrir EMC-nefndina. Samtals eru þetta um 40 þ.kr.

**14. Neyðarfjarskipti.**
Liðnum þurfti því miður að fresta vegna þess að TF3JA þurfti að fara af fundi vegna annarra skyldna.

**15. Önnur mál.**
TF3G gaf félaginu límmiðaprentara af gerðinni Dymo EL-60 og eru honum færðar bestu þakkir. TF3BJ varpaði fram þeirri hugmynd að setja upp tengingar frá efri hæð niður í fundarrýmið. Þetta yrði annars vegar CAT-5 tenging til að setja upp WiFi samband í fundarrýminu og einnig kóaxtenging svo hægt væri að tengja tæki við loftnet sem oft kæmi sér vel þegar umræður eiga sér stað.

Fundi slitið kl. 20:01
Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, ritari Í.R.A.

# Stjórnarfundur Í.R.A.

**Númer fundar: 8.**
Dags.: 17.2.2012.
Staður: Félagsheimilið í Skeljanesi.
Mættir: TF2JB, TF3BJ, TF3SG, TF3CY, TF3G, TF3UA og TF3EE**.** Sérstakir gestir voru Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA og Sigurður S. Óskarsson,TF3WIN.

**1. Fundur settur kl. 17:41, tillaga að dagskrá samþykkt samhljóða.**

**2. Fundargerð síðasta fundar (frá 8.12.2011) lögð fram til samþykktar.**
TF3CY spurði hvort ekki ætti að bóka hvernig atkvæði um málefni falla. TF3SG óskaði þess að koma á framfæri sinni skoðun á lið 3 f) um ósk TF4M til að fá aukið afl tímabundið á 160 m. TF3SG telur eðlilegt að allir radíóamatörar eigi að halda sig við þær aflheimildir sem hér á Íslandi gilda. TF3SG var viðstaddur seinasta fund, en ranglega kemur fram í fundargerðinni að hann hafi verið fjarverandi. Ritari bað TF3SG afsökunar á rangri bókun um veru hans á fundinum.

**3. Mótun neyðarfjarskiptastefnu.**
Formaður las upp erindisbréf neyðarfjarskiptastjóra. Þar kom fram að ÍRA telur starfsemi á sviði neyðarfjarskipta mikilvæga og þarf að efla hana verulega. Formaður rakti starfsemi á sviði neyðarfjarskipta sem staðið hefur verið að undanfarið, m.a. nýleg erindi neyðar-fjarskiptastjóra ÍRA og fulltrúa almannavarnadeildar RLR á vettvangi félagsins, GlobalSET þátttöku, erindi neyðarfjarskiptastjóra á aðalfundi 2011 og skrif hans í CQ-TF.

TF3JA tók þá til máls og mælti: Sambandi hefur verið haldið við neyðarfjarskiptastjóra IARU svæðis 1, virkni og vægi þessa þáttar í starfsemi amatöra er að aukast. Þetta er annar af tveimur megin þáttum í rökum fyrir því að amatörar hafi þau sérréttindi sem þeir njóta. Aðstæður til undirbúnings neyðar hafa gerbreyst á seinustu 10 árum og mikið batnað. Sumir líta svo á að aðkoma amatöra sé í samkeppni við það neyðarfjarskiptakerfi sem upp er komið. Þetta er misskilningur. Nauðsynlegt er að láta aðila í neyðarþjónustu vita um getu amatöra og að þeir séu með í myndinni þegar neyðarfjarskipti eru annars vegar. Sumir sem starfa að neyðarmálum hafa ekki trú á því að amatörar geti lagt nokkuð af mörkum varðandi neyðarfjarskipti.

TF3WIN þakkaði fyrir boðið á fundinn. Hann sagðist lengi hafa haft áhuga á efninu. Hann sagði best að hafa hlutina einfalda. Áhugi á amatör radíó hafi minnkað eftir að kalda stríðinu lauk. Hann sagði að félagið ætti að óska eftir því að fá áheyrnarfulltrúa hjá Almannavörnum.

TF3CY sagði amatöra í BNA hafa staðið sig vel þegar fellibylurinn Katrina gekk yfir. Hann taldi íslenska amatöra ekkert hafa að bjóða og spurði hvort t.d. einhverjir amatörar hefðu varaafl heima hjá sér. TF3BJ taldi málið áhugavert, hann nefndi að ÍRA gæti aðstoðað við fræðslu t.d. fyrir Landsbjörg, tekið þátt í æfingum þar sem talstöðvar eru notaðar. Hve margir eiga tilbúinn búnað í tösku? Útileikarnir og vitahelgin eru góðir vettvangar til æfinga á þessu sviði. Mætti koma á atburðum þar sem samband er haft við aðila eins og Lands-björg. Þetta verður aldrei stórt hjá okkur nema að búa til áhuga hjá flokki manna. TF3SG tók undir það sjónarmið að neyðarfjarskipti og tilveruréttur amatöra tengist. Neyðarfjarskipta-stjórn DARC er að skipuleggja sig á ný eftir að kalda stríðinu lauk. Þeir eru komnir lengra en við og hafa gefið út magn efnis sem er aðgengilegt, t.d. að tengi séu samhæfð milli manna.

TF3UA sagði að þekking á radíói væri mikil innan ÍRA og e.t.v. hefði ÍRA af miklu að miðla til aðila í neyðarþjónustu. TF3EE benti á að amatörar eru fastir á amatöraböndunum og ná ekki

út fyrir þau. TF3JA sagði að hægt væri að ræða málið í allt kvöld. Fyrsta skrefið væri að koma okkur á framfæri. TF3WIN sagði okkur hafa margt fram að færa, móttöku gervitunglamynda fyrir Veðurstofuna, samband við útlönd og innan lands. Samþykkt var að setja upp starfshóp þar sem þetta málefni verði rætt og stefna félagsins mótuð gagnvart neyðarfjarskiptum. TF3CY nefndi að við gætum spurt; hvað viljum við bjóða? TF3BJ nefndi að skrá skyldi bjargirnar (e. resources). Einnig snýst þetta nokkuð um tengsl og tengslanet, hver eru tengsl okkar inn í Landsbjörg eða Almannavarnir? Formaður þakkaði gestum fyrir komuna og góðar og gagnlegar umræður.

Voru nú opnuð páskaegg fundarins í tilefni nýs amatörbands á 600 metrum og fengu fundarmenn eftirtalda málshætti:

TF3SG: Fullreynt í fjórða sinn (fyrri) og sæll er sá sem annars böl bætir (síðari málsháttur).
TF3JA: Kapp er best með forsjá
T3WIN: Gæfa fylgir góðri nennu.
TF3CY: Lifir eyk þótt laufið fjúki.
TF3UA: Flest allt sem fer í kaf flýtur upp um síðir
TF3EE: Betra er að biðja en að stela
TF3BJ: Sá skal vægja sem vitið hefur meira.
TF2JB: Engu spillir hægðin
TF3G: Þeim skal úr garði fylgja sem maður vill að aftur komi.

**4. Innkomin erindi.**

- **TF3SNN, 11.12.2011; varðar ósk um að félagatal verði aðeins opið félagsmönnum.** TF3BJ var ekki hrifinn af þessari tillögu. TF3CY sagði ekkert að því að hafa listann opinn en netföng ættu að vera falin. Tæknilega er vandalaust að hafa félagatalið lokað. TF3UA lýsti sig sammála tillögunni. TF3G var á móti tillögunni. TF3EE vill hafa kallmerkjalista, frekar en félagalista. Samþykkt að kanna hvort hafa megi listann opinberan eða ekki. Ritara falið að leita svara Persónuverndar.
- **TF3AM, 15.1.2012; varðar tilnefningu TF3CW og TF3DX til CQ „DX Hall of Fame“.** Samþykkt að beina málinu til TF3AM og óska eftir því að hann taki saman greinargerð fyrir DX Hall of Fame, um TF3CW sem virðist uppfylla skilyrði um að komast í þann hóp.
- **TF3CY, 17.1.2012; varðar m.a. ósk um not á kallmerkinu TF3CY í kallsvæði TF1 í tilgreindum keppnum.**
  Umsókn TF3CY er í þremur liðum:
  a. Sótt er um hámarks afl sem leyft er í keppnunum, 1500W RF PEP útgangsafl frá síðasta mögnunarstigi.
  b. Sótt er um heimild á 1850-1900 kHz á fullu afli í þessum keppnum.
  c. Sótt er um að TF3CY verði leyft að nota útgefið kallmerki TF3CY án allra forskeyta eða viðskeyta frá þessari staðsetningu.

  Liðir 1 og 2 eru sjálfvirkir og þarfnast ekki frekari umfjöllunar. Varðandi lið 3 óskar TF3CY eftir að nota kallmerkið TF3CY í sumarhúsi á TF1 svæðinu. Um þetta urðu umræður um kallmerkjaskiptinguna og uppbyggingu íslenskra kallmerkja. TF3CY varaði við því að þetta mál væri fordæmisgefandi. TF3CY taldi að erlendis tíðkist ekki að menn hafi mörg kallmerki og yrði að líta á TF3CY og TF1CY sem mismunandi kallmerki. Formaður benti á að í sumum löndum hafi menn mörg kallmerki og að í sumum keppnum gæti samband við t.d. TF1 gefið mun fleiri punkta en t.d. samband við TF3. Því fæli málaleitan TF3CY í sér skerðingu á möguleikum íslenskra amatöra í keppnum. Urðu nokkuð heitar umræður um málið sem lauk með því að TF3CY dró tillögu sína til baka.

- **TF2WIN, 20.1.2012; varðar áhuga á aðkomu að mótun fjarskiptastefnu Í.R.A.**
  Erindið er hér með skráð (en var tekið til umfjöllunar undir dagskrárlið 3).

- **TF3GL, 8.2.2012; varðar ósk um aðkomu Í.R.A. að uppfærslu endurvarpa á Skálafelli.**
  TF3GL óskar eftir því að stjórn hlutist til um uppfærslu á endurvarpa á Skálafelli. Eigendafélag Péturs á núverandi endurvarpa. Formaður hefur lauslega rætt málið við TF3JA sem tók vel í málið. Félagsmaður vill gefa nýjan endurvarpa með öllu. Formaður ræðir málið betur við TF3JA og þeir ákveða nánari útfærslu þess.

**5. CQ TF, 1. tbl. 2012.**
CQ TF er komið út og færir stjórn TF3KX bestu þakkir fyrir frábært starf.

**6. Félagssjóður (TF3G).**
39 árgjöld eru ógreidd, 81% hafa greitt. 239 þús. kr. eru í sjóði.

**7. „EMC" nefnd.**
Farið yfir fundargerð nefndarinnar frá 30.12. 2011. TF3BJ lagði til breytingu við tillögu TF3UA um lagabókstaf fyrir nefndina, og lýstu aðrir stjórnarmenn sig sátta við breytingu TFBJ. Eftir breytinguna hljómar tillagan á eftirfarandi hátt.

> **EMC-nefnd**
>
> **24. gr.** Hlutverk EMC-nefndar félagsins er að: (1) Vera félagsmönnum til aðstoðar um EMC málefni, þ.á m. truflanir. (2) Fjalla um EMC mál fyrir hönd félagsins sem geta komið frá Póst- og fjarskiptastofnun, IARU eða öðrum. (3) Starfa með yfirvöldum að úrlausn EMC mála sem tengjast radíóamatörum, óski þau slíks samstarfs. (4) Stuðla að fræðslu félagsmanna um EMC. Í EMC-nefnd sitja þrír menn skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann. Formaður nefndarinnar skal gera grein fyrir starfi nefndarinnar í ársskýrslu ÍRA eða á aðalfundi.

**8. Félagsstöðin.**
TF3CY óskar eftir að hætta sem stöðvarstjóri. Hann óskar eftir því að annar verði fundinn því hann telur sig ekki hafa tíma til að sinna stöðinni sem skyldi. Samþykkt að óska eftir því við TF3CY að sinna embættinu þar til nýr stöðvarstjóri er fundinn. Formaður þakkaði Benedikt fyrir góð störf í þágu félagsstöðvarinnar.

**9. Kortastofa.**
TF3SG kynnti hækkun á gjaldskrá úr 7 kr. Í 9,5 kr. Þetta stafar af hækkun póstburðarfyrir-tækja á galdskrá sinni.

**10. Tillaga um gerð könnunar meðal félagsmanna.**
TF3BJ mælti fyrir hugmynd um viðhorfskönnun meðal félagsmanna, að snjallt væri að spyrja um allt það sem okkur kemur til hugar. Gera þetta á hverju ári. TF3UA lýsti sig andsnúinn þessari tillögu enda er stjórnarseta launalaus og öllum félögum opin. TF3CY og TF3G voru hlynntir þessari hugmynd. Tillagan dregin til baka.

**11. Verkefni um stöðutöku í morsi.**
TF3SA sendir út morsæfingar um þessar mundir. TF3SG hyggst, í samráði við Stefán, bjóða stöðutöku í morsi í lok mánaðarins. Þrír hafa nú skráð sig.

**12. Tillaga að prófhaldi til amatörleyfis vorið 2012.**
TF3BJ kynnti málið. Að þessu sinni er hugmyndin að bjóða próf án námskeiðs, kynningarfundur er á dagskrá mánuði áður um það hvernig prófið fer fram og gömul próf verða sýnd. Hugsanlegt er að hafa dæmatíma ef einhver fæst til að halda þá. Prófnefnd er til í þetta. Samþykkt.

**13. Verkefni um endurúthlutun kallmerkja.**
TF2JB kynnti málið. Þetta verkefni snýst ekki um neitt vandamál og samþykkir stjórn að engin ástæða sé til breytinga.

**14. Sjóður til minningar um látna félagsmenn.**

**a. Skipan sjóðstjórnar.**
Menn sammála um að félagsstjórnin sjái um þetta mál

**b. Samning reglna um starfsemi sjóðsins.**
Semja þarf reglur um úthlutun úr sjóðnum sem bæði samanstendur af peningum, búnaði og öðrum björgum. Hugsunin er sú að hjálpa nýjum félagsmönnum að komast í loftið. TF3UA falið að semja hugrit um reglur fyrir þennan sjóð.

**15. Önnur mál.**
**a. Gjafir til Í.R.A:**

- *5. janúar:* Ten Tec Omni D og aukahlutir úr dánarbúi TF3LG. Guðmundi Gunnarssyni, TF3GG færðar bestu þakkir fyrir höfðinglega gjöf sem rennur í sjóð til minningar um látna félagsmenn.
- *19. janúar:* Tvö leðurklædd undirlegg á skrifborð frá IKEA, vörunúmer: 30129964.
- *31. janúar.* 43 innstungumöppur úr harðplasti frá Herliz, vörunúmer: 160959/3. Gefanda(TF2JB) færðar bestu þakkir fyrir höfðinglegar gjafir.

**b. Tillaga TF3BJ til breytingar á 23.grein félagslaga um prófnefnd lögð fram.**
Tillaga Kjartans er eftirfarandi:

23. gr. Hlutverk prófnefndar félagsins er að: (1) Halda próf sem Í.R.A. er falin umsjón með. (2) Veita upplýsingar um prófkröfur og námsefni. ***(3) Halda námskeið svo oft sem þurfa þykir.*** Í prófnefnd sitja 5 menn, G-leyfishafar að meirihluta, skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann. Um þessa tillögu urðu líflegar umræður enda felur hún í sér að prófnefnd er falið að sjá um námskeið til undirbúnings prófa ásamt prófunum sjálfum.

Fundi slitið kl. 21:25.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA,
Ritari Í.R.A.

# Stjórnarfundur Í.R.A.

**Númer fundar: 9.**
Dags.: 09.03.2012.
Staður: Félagsheimilið í Skeljanesi.
Mættir: TF2JB,TF3BJ, TF3SG, TF3CY, TF3G, TF3UA og TF3EE**.**

1. **Fundur settur kl. 17:38, tillaga að dagskrá samþykkt samhljóða.**

2. **Fundargerð síðasta fundar (frá 17.2.2012) lögð fram til samþykktar.**

Fundargerð seinasta fundar samþykkt.

**3. Innkomin erindi.**

**a. Frá PFS - 1. mars;** (fyrirspurn um umsögn Í.R.A. dags. 1.3.2012 um erindi TF3CY frá PFS 29.2.2012).
Erindi TF3CY samþykkt að hluta til af hálfu PFS. Umræður urðu um almennar auknar aflheimildir. Við viljum að íslenskir amatörar standi til jafns við aðra amatöra um afl og því er eðlilegt að óska eftir auknum aflheimildum sem nema því sem aðrir amatörar hafa almennt. Ekki er talið eðlilegt að að íslenskir amatörar fái meira afl en gengur og gerist í heiminum og fái þannig forskot á aðra.

**b. Erindi frá TF3ARI frá 5. mars um að nota PSK á 5 MHz.**
Nú höfum við bara heimild fyrir USB. Við höfum tímabundna heimild á víkjandi grundvelli á þessu bandi. Bandaríkjamenn hafa þessa heimild núna. Samþykkt að sækja um heimild til stafrænna útgeislunaraðferða á 5 MHz.

**c. Samþykkt að senda PFS bestu þakkir fyrir stuðning hennar við að veita okkur heimild til að nýta nýtt band á 600 m, 472 - 479 kHz.**

**d. Umsókn Joseph Timothy Foley, N1ZRN um að fá leyfi hér á landi á 2m og 70 cm.**
Þetta mál þarf að afgreiða út frá gagnkvæmnissamningnum af því að Joseph er með „technician“ leyfi en ekki „general“ leyfi sem er lágmarks leyfi sem CEPT samningar ná til. Samþykkt að mæla með leyfisveitingu í samræmi við umsókn Josephs.

**4. Ný byggingarreglugerð.**
TF3KB vakti athygli á þessari reglugerð í erindi sínu 23. feb. Í reglugerðinni er fjallað um loftnet á fimm stöðum, oftast um loftnetstengi og -diska. TF3JA tók upp málið á póstlista og fleiri hafa tjáð sig. TF3Y tók saman ágæta samantekt um þessa reglugerð. Hans niðurstaða er sú að fjarskiptamöstur heyra ekki undir byggingarreglugerð. Vísað er í fréttapunkta formanns nr. 98 og 99 frá yfirstandandi stjórnartímabili. Samþykkt að menn kynni sér umfjöllunina og TF3SG falið að skoða málið betur til kynningar á næsta fundi.

**5. APRS málefni.**
TF3JA tók saman góða greinargerð um þetta en 22. mars verður sendur loftbelgur i loftið á vegum CCP sem mun nýta APRS til staðsetningar. Þetta er ákaflega skemmtilegt og krefjandi verkefni og þakkar stjórn APRS hópnum fyrir ötula þátttöku í því.

**6. Aðalfundur 2012.**
Fundurinn haldinn á Hótel Sögu á ný og mun salurinn kosta okkur 15 þús. kr. sem eru vildarkjör. Fundurinn verður haldinn 19. maí kl. 13 á laugardegi. Umræður urðu um félagsgjöld og menn sammála um að þau þyrfti að hækka. Þó verður að gæta þess að sumir félagsmenn, t.d.atvinnulausir og öryrkjar ættu að geta óskað eftir lækkun félagsgjalda.

Varaformanni og gjaldkera falið að skoða hvort breyta þurfi lögum til samræmis við þessar hugmyndir.

**7. Félagsstöðin.**
Öllum þyrfti að gera kleift að starfrækja félagsstöðina i keppnum. Það þarf að setja upp einhverjar reglur um þetta. Menn ættu að geta skráð áhuga sinn, ef einhverjir vilja vera multi-op gengi það fyrir. TF3CY kemur með hugmyndir að reglum. Magnaramál stöðvar-innar rædd. Magnarinn virkaði ekki í seinustu keppni og verður að fá magnara sem ætlaður er amatörum og virkar. Menn vilja sjá góðan lampamagnara. Nýr magnari kostar allt að því 400 þús. Samþykkt að leita til félagsmanna um það hvort þeir gætu selt félaginu magnara og/eða hefðu góð ráð því til handa. TF3CY tekur að sér að leita tilboða í þá Harris magnara sem félagið á núna. Rætt var um kaup á FM sendi-viðtæki sem höfðu gengið til baka í kjölfar seinasta stjórnarfundar. Kaupin voru samþykkt. TF3CY ætlar að sinna stöðvarstjórahlutverki þar til tekst að finna nýjan stöðvarstjóra.

**8. Önnur mál.**

**a. Formaður hefur setið fundi vegna Péturs, endurvarpans á Skálafelli.**
TF3JA mun funda með eigendafélaginu. TF3GL, TF3ML, TF3JA og TF2JB hittust og ræddu málið. TF3ML býðst til að greiða kostnað af því að gera núverandi endurvarpa á Skálafelli virkan og hyggst kaupa nýjan endurvarpa í sumar.

**b. Rætt um tilboð TF3ARI um afnot af 10 m parabóludiski á Keflavíkurflugvelli.**
Honum var þakkað tilboðið.

**c. Ritari kynnti hugmyndir um reglur fyrir sjóð til minningar um látna félaga.**
Samþykkt að fela ritara að setja þessar hugmyndir upp í texta sem yrði lagður fyrir aðalfund.

**d. TF3EE útbýr bók fyrir útleigu og lán á loftnetsmæli og bækur.**

**e. Ferð að Skógum.** TF3SG tekur að sér að kanna kostnað við rútuferðir að Skógum.

**f. Eignaskrá.**
TF3G , TF3EE og TF3SG eru með verkið í vinnslu og munu ljúka því fyrir aðalfund. Þeir munu síðan athuga með tryggingar. Eignaskráin hefur aldrei verið eins nákvæm og hún er núna.

Fundi slitið kl. 19:22.
Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA.
Ritari Í.R.A.

*Óunnin verkefni sem ákveðin voru á fundinum og fyrri fundum:*

| Verkefni | Ábyrgðaraðilar | Dags. verkefnisloka |
|---|---|---|
| Kynna sér byggingarreglugerð og kynna á næsta fundi | TF3SG | |
| Ath. með lagabreytingu til að koma til móts við öryrkja og aðra | TF3G, TF2JB | |
| Skrifa drög að reglum um minningarsjóð um látna félagsmenn | TF3UA | |
| Leita tilboða í Harris RF 110 magnara félagsins | TF3CY | |
| Finna nýjan stöðvarstjóra | Allir | |
| Leita aðstoðar félagsmanna varðandi magnaramál félagsstöðvarinnar | Allir | |
| Útbúa bók fyrir útleigu og lán á loftnetsmæli og bókum | TF3EE | |
| Kanna kostnað við rútuferðir að Skógum | TF3SG | |
| Ljúka við eignaskrá | TF3G, EE, SG | |
| Hugmyndir að reglum um keppnir frá félagsstöð | TF3CY | |

# Stjórnarfundur Í.R.A.

**Númer fundar: 10.**
Dags.: 17.4.2012.
Staður: Félagsheimilið í Skeljanesi.
Mættir: TF2JB, TF3BJ, TF3CY, TF3G, TF3EE, TF3UA, TF3SG, sérstakur gestur fundarins var TF3GL.

**1. Fundur settur kl. 17:37, tillaga að dagskrá samþykkt samhljóða.**

**2. Fundargerð síðasta fundar (frá 9.3.2012) lögð fram til samþykktar.**
TF3CY gerir athugasemd við bókun a í 3. Lið (Innkomin erindi). Hann gerir athugasemd við setninguna „Ekki er talið eðlilegt að íslenskir amatörar fái meira afl en gengur og gerist í heiminum of fái þannig forskot á aðra". TF3SG dregur hér með öll orð sín til baka sem hann lét falla á þessum fundi við umsókn TF3CY og snéru að auknum aflheimildum íslenskra amatöra. Áréttað er að þessar umræður urðu aðeins í kjölfar umsóknar TF3CY en hafa ekkert með hana að gera.

**3. VHF leikar 2012. Sérstakur gestur fundarins, Guðmundur Löve, TF3GL**
TF3GL kom á fundinn til þess að fjalla um tillögur að VHF leikum 2012. Guðmundur lýsti hugmyndum sínum um leikana og sagði að einu almennu skorðurnar sem settar væru séu fjöldi sambanda við sömu stöð á sama bandi. Reglurnar eru í sex liðum og fjalla um hverja er haft samband við, tímasetningu sambands,fjölda sambanda, tíðnibönd, skilaboð og útreikning stiga.

Heimilt er að eiga samband við Íslendinga í útlöndum. Hugmyndin er að þetta sé helgar-keppni, föstudagsmorgunn til mánudagsmorguns, kl. 6 til 6. Aðalþátttökutímabil er kl. 9-12 alla morgna og kl. 21 - 24 öll kvöld en er þó ekki takmörkun á tíma, kjósi menn að hafa sambönd t.d. eftir hádegið. Alla hjálp má nota til að koma á sambandi, t.d. síma, sked og allt leyft nema virkur endurvarpi. Sex sambönd er hámark við sömu stöð á sama bandi og sex klst. verða að líða á milli. Skilaboðin eru kallmerki og QSO númer, ekki upplýsingar um merkisstyrk. Einnig staðsetning á einhvern hátt. Lagt er til að það verði gráður og hundruðustu partar úr gráðu. Bönd, öll fyrir ofan 6 m ef það eru amatörabönd, nema krossband notkun er ekki leyfð. Allir hættir eru leyfðir. Stigagjöfin felst í því að reikna fjarlægð milli stöðva. Rétt er að nota fjarlægð í km í öðru veldi enda dofnar merkið með annars veldis falli. Fyrir DX sambönd gildir þetta þó ekki. Þá er lagt til að nota tíðnina í MHz í öðru veldi.

Áhyggjur eru af því að lítil þátttaka gæti orðið. Tími leikanna er fyrsta helgi í júlí. TF3BJ lagði til að bæta inn fjölda sambanda sem matsatriði. Það myndi hvetja til þátttöku innan kall-svæða. Hugsanlegt væri að veita sérstök verðlaun fyrir fjölda sambanda.

Stjórn samþykkir að halda VHF leikana eins og TF3GL leggur til og hann verði stjórnandi þeirra. Hann velur sér menn til aðstoðar.

**4. Helstu innkomin erindi.**

**a. TF3BJ; 12.3.2012; vinnutillaga að frumvarpi til breytingar á 8. gr. félagslaga.**

**b. PFS; 15.3.2012; varðar jákvæða afgreiðslu á TF3CCP fyrir til auðkenningar á APRS merkjum frá loftbelg.**

**c. PFS; 23.3.2012; varðar afgreiðslu á umsókn M1GGG um íslenskt kallmerki sumarið 2012.** PFS afgreiddi beiðnina og benti á að menn þurfa að vera hér lengur en 90 daga til að fá íslenskt kallmerki.

**d. PFS; 27.3.2012; varðar umsókn um úthlutun TF3RU til sameiginlegrar stöðvar við HR.** Umsókn er enn í vinnslu.

**e. TF3GB; 30.3.2012; varðar breytingar á tilvísun CE-merktra fjarskiptatækja við innflutning.** Er í vinnslu en stefnir á góða niðurstöðu.

**5. Helstu útsend erindi.**

**a. Til framkvæmdanefndar IARU Svæðis 1 dags. 6.3.2012;** samantekt TF3KB um starfsemi félagsins. TF3KB sendi umfangsmikla greinargerð um starfsemi Í.R.A..

**b. Til PFS dags. 12.3.2012; umsögn um umsókn N1ZRN, Josephs Foley um heimild í 144 og 430 MHz tíðnisviðunum.**

PFS veitti honum heimild sem N-leyfishafi til 3 mánaða. Hann er skráður í próf 28. apríl.

**c. Til PFS dags. 22.3.2012; umsókn um heimild til notkunar á PSK á 5 MHz.**

Í vinnslu hjá PFS.

**d. Til PFS dags. 26.3.2012; umsókn um heimild til Í.R.A. að gangast fyrir prófi til amatör-leyfis 28. apríl**.

Jákvætt svar er komið og mun PFS senda fulltrúa sinn, Bjarna Sigurðsson, til prófsins.

**6. Aðalfundur 2012.**

Haldinn í Snæfelli, Hótel Sögu.

**a. Skýrsla um starfsemi félagsins 2011/2012.**

Verður unnin af formanni eins og undanfarna fundi.

**b. Ársreikningur félagssjóðs 2011/2012.**

Drög að ársreikningi félagssjóðs liggja fyrir. Gjöld eru umfram tekjur, u.þ.b. 75 þús. kr.

**c. Innkomin frumvörp til lagabreytinga.**

Breyting á 5. grein er samþykkt sem stjórnarfrumvarp. TF2JB dregur sína tillögu til baka um breytingar á 8. grein og er hún sameinuð tillögu TF3BJ um breytingar á sömu grein. Þetta verður stjórnarfrumvarp. TF3BJ ber sjálfur fram sína tillögu um breytingar á 23. grein. Móttekið er frumvarp frá TF3JA um lög félagsins og vísar stjórn því til aðalfundar.

**7. Próf til amatörleyfis 28. apríl n.k.**

Undirbúningur gengur vel, haldið verður kynningarkvöld, fræðslukvöld og dæmatímar. Miðað við að ekki er haldið námskeið er þetta besti undirbúningur sem hægt er að bjóða.

**8. Fundur framkvæmdanefndar IARU Svæðis 1 í Reykjavík 4.-5. maí 2013.**

Fundur þessi sýnir góðan árangur TF3KB og formanns og verður að teljast afar góður sigur fyrir ÍRA. Um er að ræða 14 manns ásamt einhverjum mökum.

**9. CQ TF, 1. tbl. 2012.**

CQTF 1. Tbl. 2012 verður tilbúið innan fárra daga. Þakkir eru sendar til ritstjóra, TF3KX fyrir frábær störf.

**10. Önnur mál.**

**a. Gjafir til Í.R.A.**

*11. mars;* TF3VD; kæliplötur, millipinnar fyrir prentplötur, rær og tilheyrandi. Þakkir eru sendar til TF3VD.

**b. Skráning félagsins í símaskrá.**
Formanni þakkað frábært frumkvæði og fórnfýsi.

**c. Endurvarpsstöðin TF8RPH á Garðskaga (145.725 MHz).**
Endurvarpinn TF8RPH verður prófaður við Garðskagavita um u.þ.b. mánaðartíma, þessu erindi fagnar stjórnin og hlakkar til að heyra í endurvarpanum.

**d. Félagaskráin á vefnum.**
Stjórn samþykkir að breyta ekki tilhögun um að hafa félagaskrána opna á netinu. Óformlegt lögfræðiálit liggur fyrir um að félagaskrár félaga sem ekki eru „viðkvæms eðlis“ megi vera opnar. Það hefur ýmsa kosti að hafa skrána opna og því telur stjórn ekki ástæðu til breytinga þrátt fyrir tillögur um annað.

**11. Dagsetning og tímasetning næsta stjórnarfundar.**
Næsti fundur þriðjudaginn 8. Maí kl. 17:30.

Fundi slitið kl. 19:58. Sæmundur E. Þorsteinsson, ritari Í.R.A.

*Óunnin verkefni sem ákveðin voru á fundinum og fyrri fundum:*

| Verkefni | Ábyrgðaraðilar | Dagsetn. verkefnisloka |
|---|---|---|
| Kynna sér byggingarreglugerð og kynna á næsta fundi | TF3SG | |
| Ath. með lagabreytingu til að kom a til móts við öryrkja, atvinnulausa og aðra | TF3G, TF2JB | 17.4.2012 |
| Skrifa drög að reglum um minningarsjóð um látna félagsmenn | TF3UA | |
| Leita tilboða í Harris magnara félagsins | TF3CY | |
| Finna nýjan stöðvarstjóra | Allir | |
| Leita aðstoðar félagsmanna varðandi magnaramál félagsstöðvarinnar | Allir | |
| Útbúa bók fyrir útleigu og lán á loftnetsmæli og bókum | TF3EE | |
| Kanna kostnað við rútuferðir að Skógum | TF3SG | |
| Ljúka við eignaskrá | TF3G, EE, SG | |
| Hugmyndir að reglum um keppnir frá félagsstöð | TF3CY | |




*Yaesu FT-817 er 5W CW/SSB sendi-/móttökustöð á HF, auk 50, 144 og 430 MHz. Til hliðar er 50W RF magnari frá Tokyo Hy-Power af gerðinni HL-50B. Búnaðurinn er í eigu Erlings Guðnasonar TF3EE og var til sýnis í Skeljanesi fimmtudagskvöldið 8. mars.*



*Keith TF/G4ODA og Paul TF/G1GSN heimsóttu félagsaðstöðu Í.R.A. 18. ágúst. Þeir sýndu félagsmönnum breyttan ferðabíl sinn „Snowy“ sem er af Land Rover gerð. Þeir félagar notuðu Elecraft K3 stöð, en eru einvörðungu QRV á 50 MHz og ofar og nota tíðnibreyta á 2 og 4 metrum (sjá loftnetin á sérbyggðri farangursgrind yfir vélarhlífinni). Þeir mættu ennfremur á Vita- og vitaskipahelgi félagsins við Garðskagavita 20.-21. ágúst og gafst fleirum þá tækifæri til að ræða við þá félaga og skoða búnaðinn. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF3ARI.*




*Salvatore Sasso IC8SQS heimsótti félagsaðstöðu Í.R.A. 26. apríl. Frá vinstri, Salvatore IC8SQS,* Claudio Corcione *TF2CL, Jónas Bjarnason TF2JB, Ari Þór Jóhannesson TF3ARI og Yngvi Harðarson TF3Y. Ljósmynd: TF3LMN.*

# Stjórnarfundur Í.R.A.

**Númer fundar: 11.**
Dags.: 08.5.2012.
Staður: Félagsheimilið í Skeljanesi.
Mættir: TF2JB, TF3BJ, TF3CY, TF3G, TF3EE, TF3UA. TF3SG boðaði forföll.

**1. Setning fundar.**
Fundur settur kl. 17:39, tillaga að dagskrá samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerð síðasta fundar (frá 17.4.2012) lögð fram til samþykktar.**
Samþykkt.

**3. Yfirferð verkefna**
TF3CY um efni á Rjúpnahæð. Ekki varð úr málinu vegna óvissu um eignarhald efnisins.
TF3CY hafði samband við staðarráðsmann v. vertikals. Hann ráðlagði heilt.
TF3CY leitaði tilboða í Harris magnara. Surplus Sales í Nebraska eiga svona magnara og hafa ekki áhuga. Spurning hvort við eigum að leita tilboða á Ebay.
TF3CY, hugmyndir að reglum um keppnir frá félagsstöð. Ekkert gerst í því.
TF3EE, TF3G, TF3SG, eignaskrá er í lokafasa með myndum og fl.
TF3EE, bók fyrir útleigu og lán á bókum. Klárast fyrir aðalfund.
TF2JB, embætti húsvarðar, í vinnslu.
TF3SG, kynna sér byggingarreglugerð.
TF3SG, kanna kostnað við rútuferðir að Skógum. Ekkert gerst.
TF3UA skilaði drögum að reglum fyrir minningarsjóð um látna félagsmenn.
Starfshópur um mótun neyðarfjarskiptastefnu, vísað til næstu stjórnar.
Finna arftaka í embætti stöðvarstjóra, lokið.
Magnaramálum er vísað til næstu stjórnar.

**4. Innkomin erindi.**
24.4. Niðurstaða um jákvæða afgreiðslu til leyfishafa utan CEPT eða frá löndum þar sem ekki eru í gildi gagnkvæmnisamningar.
25.4. Umsókn JA9APS, jákvæð umsögn, leyfi gefið til þriggja mánaða.
26.4. Fyrirspurn frá PFS, vegna leyfishafa sem er fæddur Hollendingur en búið á Nýja Sjálandi í 30 ár. Hefur bæði ríkisfang þar og í Hollandi. Mælt er með því að hann notið ZL kallmerkið.
3.5. Ósk Björns Geirs Leifssonar um úthlutun kallmerkis TF3BGL. Afgreidd jákvætt. Joseph Foley sótti um TF3ZR sem var afgreitt jákvætt. Háskólinn í Reykjavík sækir um TF3RU með TF3ZR sem ábyrgðarmann. Stjórn ÍRA býður þessa menn velkomna í loftið og fagnar stofnun klúbbstöðvar í HR.

**5. Aðalfundur.**
Fundarboð sent út þrem vikum fyrir fund og farið að öllum reglum. Þrjú stjórnarfrumvörp, auk eins frá TF3BJ og eins frá TF3JA. TF3JA sendi inn nýjan lagabálk án skýringa. TF3JA lofaði að senda skýringar sem ekki varð. Drög að ársreikningi félagsins voru lögð fram og undirrituð. Gjaldkeri talar við skoðendur, TF3DC og TF3HK.

**6. Próf til amatörleyfis.**
Prófið var haldið, 8 gengust undir það og 2 náðu. Fimm fóru í reglugerðarpróf og allir stóðust.

**7. Endurvarpinn TF8RPH.**
Settur í gang nýlega og hefur mikil ánægja verið með hann. Skammtímaheimild liggur fyrir frá PFS og rennur hún út 31. maí. Formaður leggur til að sótt verði um heimild til frambúðar á þessum stað.

**8. CQTF, 2. tbl. 2012.**
Blaðið er væntanlegt á allra næstu dögum, er nú í uppsetningu. Það verður 32 bls. að stærð.

**9. Önnur mál.**
Félagsgjald næsta árs. Stjórn leggur til að árgjald verði 6000 kr. enda þarfnast starfsemi félagsins þess.
Bréf frá TF3CY sendi bréf um félagsstöðina og ýmis félagsmálefni. Honum var þakkað bréfið og áhugi hans á félaginu. Einnig var honum þakkað fyrir að gegna embætti stöðvarstjóra og þau verk sem hann vann í því embætti.
Arftaki TF3CY er í sjónmáli en það er Benedikt Guðnason, TF3TNT. Hann er áhugasamur um þetta. Formanni falið að ganga frá málinu við TF3TNT. Einnig er þeirri hugmynd skotið að næstu stjórn að skipa stöðvarráð, þannig að stöðvarstjóri hafi með sér fleiri menn.
Formaður þakkaði stjórninni samstarfið á starfsárinu og var honum þökkuð hans góða forysta og elja í þágu félagsins.

Fundi slitið kl. 18.50.
Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA.
Ritari ÍRA.

**Óunnin verkefni sem ákveðin voru á fundinum og fyrri fundum:**

| Verkefni | Dags. | Ábyrgð | Verkefnislok |
|---|---|---|---|
| Sækja loftnetsefni á Rjúpnahæð | 5.6. 2011 | TF3CY | Hætt við |
| Hafa samband við staðarráðsmann í Skeljanesi v/vertikal loftnets | 6. 10.2011 | TF3CY | 8.5. 2012 |
| Hugmyndir að reglum um keppnir frá félagsstöð | 9. 3. 2012 | TF3CY | Vísað áfram |
| Kynna sér byggingarreglugerð og kynna á næsta fundi | 9.3.2012 | TF3SG | |
| Skrifa drög að reglum um minningarsjóð um látna félagsmenn | 9.3.2012 | TF3UA | 8.5.2012 |
| Leita tilboða í Harris magnara félagsins | 9.3.2012 | TF3CY | 8.5. 2012 |
| Finna nýjan stöðvarstjóra | 17.2.2012 | Allir | 8.5. 2012 |
| Leita aðstoðar félagsmanna varðandi magnaramál félagsstöðvarinnar | 17.2.2012 | Allir | |
| Útbúa bók fyrir útleigu og lán á loftnetsmæli og bókum | 9.3.2012 | TF3EE | 19.5.2012 |
| Kanna kostnað við rútuferðir að Skógum | 9.3.2012 | TF3SG | |
| Ljúka við eignaskrá | 17.7.2011 | TF3G, EE, SG | 19.5.2012 |

# Viðauki-B

## Markverð skjöl eða efni sem ekki er gerð grein fyrir annars staðar í skýrslunni

| | |
|---|---|
| Endurgerðar QSL skilagreinar fyrir TF Í.R.A. Bureau | Dags. 18.12.2011 |
| Starfsáætlun stjórnar Í.R.A. 2011/2012 | Dags. 17.7.2011 |
| Samræmt skipulag á 600 og 60 metrum fyrir TF og LA | Dags. 1.7.2011 |
| Niðurstöður úr prófum PFS á starfsárinu 2011/2012 | Samantekt 8.5.2012 |
| Nýtt 600 metra band 17. febrúar (á ensku) | Dags. 15.2.2012 |
| APRS merki frá TF3CCP í loftbelg | Samantekt 3.5.2012 |
| Samantekt um starfsemi Í.R.A. eftir TF3KB (á ensku) | Samantekt 6.3.2012 |
| Vetrardagskrá starfsárið 2011/2012; *fyrri hluti* | Vetur 2011 (okt.-des.) |
| Vetrardagskrá starfsárið 2011/2012; *síðari hluti* | Vor 2012 (jan.-apríl) |




*Útlit nýrra QSL skilagreina TF Í.R.A. Bureau eftir endurhönnun þann 12. október. Ljósmynd: TF2JB.*

QSL skilagreinar fyrir QSL Bureau félagsins voru fyrst kynntar til sögunnar árið 2009 og endurgerðar ári síðar (2010). Í nóvember 2011 kom fram sú hugmynd, að nýta bakhlið eyðublaðsins (sem til þess tíma hafði verið auð) og birta þar leiðbeiningar frá QSL Manager ásamt lista yfir þau DXCC lönd sem ekki hafa starfandi QSL Bureau. Samkvæmt þessu var unnin upp ný bakhlið skilagreinarinnar í samvinnu við Guðmund Sveinsson, TF3SG, QSL Manager félagsins og hefur hún verið til dreifingar frá 9. desember. Verkefnið var í framhaldi kynnt á heimasíðu Í.R.A. 18. desember. Skilagreinin var loks uppfærð lítillega með tilliti til hækkunar gjaldskrár kortastofunnar 4. febrúar úr 7,50 krónum í 9,50 krónur.

Eins og sjá má á myndinni að ofan hefur framhlið skilagreinarinnar verið endurhönnuð. Það var gert sérstaklega með tilliti til þess að flestir handskrifa á eyðublaðið. Í annan stað, ákvað QSL Manager að bjóða um val á greiðsluaðferð þegar menn greiða fyrir kort til útsendingar. Annars vegar gildir óbreytt fyrirkomulag áfram, þ.e. að leggja reiðufé í umslag með kortum.

Nýbreytnin felst í því að bjóða félagsmönnum að leggja kortagjald beint inn á bankareikning kortastofunnar. Kosturinn er einkum sá, að t.d. félagsmenn úti á landi og aðrir sem kjósa að senda kort í pósti til kortastofunnar, þurfa ekki að leggja reiðufé í umslagið með kortunum. Kjósi menn að leggja beint inn á reikning kortastofunnar, eru bankaupplýsingar þessar: Banki nr. 0111 / höfuðbók 05 reikningur nr. 246483 / kennitala 040659-6259. Í skýringu með greiðslu, skal skrá kallmerki/hlustmerki félagsmanns og fjölda innsendra korta.

*Yfirlit yfir forskeyti og DXCC einingar í löndum þar sem ekki eru starfrækt QSL Bureau.*

| | | | |
|---|---|---|---|
| A3 Tonga | 7P Lesotho | E5 North and south cook Isl | T8 Palau |
| 3B Agalega/Maritus/ Rodr. | 7Q Malawi | HH Haiti | TJ Cameroon |
| 3CØ Pagalu Island | 8Q Maldives | HV Vatican | TL Central African Rep. |
| 3C Equatorial Guniea | 9L Sierra Leone | J5 Guinea-Bissau | TN Congo |
| 3DA Swaziland | 9N Nepal | J8 St. Vincent | TT Chad |
| 3W Vietnam | 9U Burundi | P2 Papua New Guinea | TY Benin |
| 3X Guinea | 9X Rwanda | P5 North Korea | V3 Belize |
| 4J Azerbaijan | A3 Tonga | PZ Suriname | V4 St. Kitts & Nevis |
| 4V Haiti | A5 Bhutan | SØ Western Sahara | V6 Micronesia |
| 4W Timor - Leste | A6 United Arab Emirates | S7 Seychelles | VP2M Montserrat |
| 5A Libya | C2 Naru | S9 Saoe tome & Principe | XU Cambodia |
| 5R Madagascar | C5 Gambia | ST Sudan | XW Laos |
| 5T Mauritania | C6 Bahamas | SU Egypt | XZ Myanmar |
| 5U Niger | CN Marocco | T2 Tuvalu | YA Afghanistan |
| 5V Togo | D2 Angola | T3 Kiribati | Z2 Zimbabwe |
| 7O Yemen | E3 Eritrea | T5 Somalia | ZD9 Tristan da Cunha |

# Starfsáætlun Í.R.A. 2011/2012.

*Starfsáætlun stjórnar Í.R.A. fyrir starfstímabilið júní 2011 til maí 2012 var samþykkt á stjórnafundi nr. 3 þann 19. júlí. Áætlunin var í framhaldi kynnt í 3. tbl. CQ TF sem kom út þann 13. júlí. Áætlunin er í alls 10 liðum og varðar rekstur félagsins, samskipti félagsins út á við, félagsaðstöðuna, félagsstöðina, vetrardagskrá, miðla félagsins, námskeið til amatörprófs, endurvarpa, tíðnimál og 65 ára afmæli Í.R.A. þann 14. ágúst 2011. Starfsáætlunin er samin og kynnt með tilvísan til ákvæðis í 9. gr. félagslaga.*

1) **Rekstur félagsins.** Stjórn félagsins mun halda stjórnarfundi mánaðarlega (eða oftar ef þörf krefur). Stefnt verður að því að útbúa og afhenda sem flest erindisbréf fyrir embættismenn á starfstímabilinu. Unnið verður að því að setja upp nýja eignaskrá fyrir félagið með ljósmynd af hverjum hlut, ásamt stuttri lýsingu. Athugað verður, hvort til greina kemur að birta skrána á heimasíðu félagsins. Reynt verður að hafa upp á fundargerðarbókum félagsins á starfstímabilinu (sbr. umfjöllun á aðalfundi 2011). Til skoðunar verði, hvort stjórn félagsins geti stuðlað að stofnun áhugahópa um tiltekin málefni, t.d. SDR tæknina; félagið aðstoði þannig félagsmenn við vinnu að hugðarefnum sínum.

2) **Samskipti út á við.** Jákvæð og uppbyggileg samskipti við aðila í nærumhverfinu sem og í fjærumhverfinu eru Í.R.A. mikilvæg. Miðað er við að a.m.k. tveir stjórnarmenn verði í félagsaðstöðunni á hverju fimmtudagskvöldi til að auðvelda samskipti félagsmanna og stjórnar. Á starfsárinu verður fylgt óbreyttri stefnu í samskiptum við Póst- og fjarskipta-stofnun, sem hefur verið ánægjuleg og á faglegum nótum. Góðum samskiptum verður framhaldið gagnvart IARU og IARU Svæði 1. Það sama á við um landsfélög radíóamatöra á Norðurlöndum og landsfélög í öðrum löndum í svæðum IARU.

3) **Félagsaðstaða Í.R.A.** Þungamiðja í starfi félagsins er rekstur félagsaðstöðunnar í Skeljanesi. Hún er okkur mikilvæg vegna þjónustu við félagsmenn. Húsnæðið skiptist í fjóra hluta: Aðgang að samkomusal á fyrstu hæð, fjarskiptaherbergi fyrir félagsstöðina TF3IRA á efri hæð, sameiginlega aðstöðu fyrir kortastofu og smíðaaðstöðu á eftir hæð, auk geymsluherbergis í kjallara. Rekstur félagsaðstöðu verði í svipuðu horfi og verið hefur undanfarin tvö ár, þ.e. hvað varðar opnunartíma á fimmtudagskvöldum, veitingar, þrif og útlánsreglur mælitækja, bóka og tímarita.

   Undanfarin tvö ár hefur verið unnið að því að bæta húsnæði félagsins og er það nú að stærstum hluta frambærilegt, þar með talið samkomusalur á 1. hæð. Eftir er aðeins að auðvelda aðgang að tímarita- og bókaeign félagsins, sem þar er vistuð að hluta. Til skoðunar er einnig hugmynd þess efnis, að koma fyrir glerskáp í sal þar sem stilla má upp áhugaverðum eldri sendi-/viðtækjum og aukahlutum í eigu félagsins. Fjarskiptaherbergi félagsins er nánast fullbúið eftir gagngera endurskipulagningu, þ.m.t. lokaátak við endurnýjun stóla við fjarskiptaborð (auk annarra stóla). Sameiginleg aðstaða sem hýsir kortastofu og smíðaaðstöðu er einnig fullbúin. Til athugunar er, að fá rýmra húsæði á sömu hæð fyrir starfsemina. Loks er að mestu lokið endurskipulagningu húsnæðis í geymsluherbergi í kjallara, en þar var m.a. gengið frá nýrri aðstöðu kortastofunnar fyrir flokkun útsendra korta.

4) **Félagsstöðin TF3IRA.** Það er mikilvægt að TF3IRA sé hverju sinni búin aðstaða og tæknilegar forsendur til að hægt sé að stunda fjarskipti frá stöðinni í sem flestum tíðnisviðum radíóamatöra, á sem flestum tegundum útgeislunar, á mismunandi afli og [helst] hvenær sem er sólarhringsins. Núverandi aðstaða við Skeljanes er til þess fallin að svara þörfum félagsins í þessum efnum hvað varðar möguleika á uppsetningu [fleiri] loftneta á lóð hússins, auk þess sem núverandi fjarskiptaherbergi er hentugt. Á starfsárinu verður stefnt að því að félagsstöðin taki þátt í helstu alþjóðlegum keppnum og verður almennt lögð áhersla á að auka virkni stöðvarinnar. Til að það megi takast sem best, verður unnið að því að halda SteppIR 3E 3

staka Yagi loftneti félagsins í góðu standi, auk þess sem stefnt verður að því að setja upp loftnet fyrir 80 metrana og 160 metrana og athugað verði með uppsetningu þeirra turna sem félagið á og eru í geymslu í Skeljanesi. Þá verður leitast við að halda Harris-110 RF magnara félagsins í góðu standi, með tilliti til alþjóðlegra keppna. Til athugunar er, hvort raunhæft sé (vegna nálægðar við flugvöllinn) að setja upp radíóvita á 50 MHz og á 70 MHz. Loks verði hrint í framkvæmd, að sækja um helstu viðurkenningarskjöl radíóamatöra, þar eð flokkun á kortaeign félagsins er lokið. Loks verði athugað í samráði við neyðarfjarskiptastjóra, hvort skynsamlegt sé að stefna að kaupum á rafstöð.

Á fjarskiptaborð-A á eftir að kaupa borðhljóðnema fyrir Yaesu FT-1000MP sendi-/móttökustöð félagsins og endurnýja/lagfæra Heil Quiet Phone pro höfuðtól (með hljóðnemaspöng). Á fjarskiptaborð-B þarf að setja upp viðmót á milli fjölstillis (*e. Elevation Azimuth Dual Controller*) fyrir Yaesu G-5400B rótorinn og Dell 566 PC tölvunnar sem notast fyrir VHF/UHF loftnet félagsins (þegar stunduð eru fjarskipti um gervihnetti). Til skoðunar er, hvort ráðist verður í endurnýjun VHF/UHF FM stöðvar félagsins (Yaesu FT-4700RH), en a.m.k. verður fljótlega sett upp loftnet stöðvarinnar á ný (J-póll fyrir 2 m og 70 cm smíðaður af TF3VS). J-póllinn var tekinn niður vegna uppsetningar á loftneti fyrir stafvarpann TF3RPG, sem settur var upp í aprílmánuði (2010). Loks verður athugað með endurnýjun á 14" flatskjá á fjarskiptaborði-B fyrir annan stærri.

5) **Vetrardagskrá 2011/2012.** Góð reynsla og ánægja var með fyrirkomulag vetrardagskrá félagsins síðastliðið starfsár. Í ljósi þess, verður í meginatriðum fylgt óbreyttu fyrirkomulagi. Fyrri hluti dagskrárinnar verður í boði október-desember 2011 (til kynningar í 4. tbl. CQ TF 2011) og síðari hlutinn, í febrúar-apríl 2012 (til kynningar í 1. tbl. CQ TF í janúar 2012). Miðað verður við óbreytt hlutfall fimmtudagserinda, styttri námskeiða (þ.m.t. smíðanámskeiða), sérnámskeiða og sunnudagsopnana, þannig að a.m.k. verði 20 viðburðir í boði fyrir áramót annarsvegar og eftir áramót hinsvegar eða samtals um 40 viðburðir. Stefnt er að því að hefja morskennslu fyrir byrjendur á starfsárinu og leitast verður við að hrinda í framkvæmd fyrirliggjandi hugmynd um stöðupróf í viðtöku morsmerkja.

6) **Miðlar félagsins.** Útgáfuáætlun CQ TF miðast við 4 tölublöð þar sem hvert blað verði að lágmarki 16 blaðsíður. Áætlunin miðast við lágmarksforsendur og verði til skoðunar í samvinnu við ritstjóra blaðsins, einkum prentun á CQ TF (sbr. umfjöllun á aðalfundi 2011). Heimasíða félagsins www.ira.is verði áfram til þróunar líkt og var á síðasta starfsári undir stjórn rekstrarstjóra vefmiðla. Póstlisti félagsins verði skoðaður og rekstur umræðuvettvangs á heimasíðu.

7) **Námskeið til amatörprófs.** Námskeiðahald til amatörprófs hefur ávallt tilheyrt kjarnastarfsemi félagsins og mun svo verða áfram í góðri samvinnu við umsjónarmann námskeiða til amatörprófs og prófnefnd félagsins. Síðasta námskeið var haldið á tímabilinu 7. mars til 25. maí og lauk með prófi þann 28. maí 2011. Af 18 nemendum náðu 13 fullnægjandi árangri, þ.e. 8 til G-prófs og 5 til N-prófs. Stefnt verður að því að efna til námskeiðs haust/vetur 2011/2012 og verður það auglýst með góðum fyrirvara. Endurskoðun námsefnis stendur yfir hjá prófnefnd og verður áhersla lögð á að hún verði yfirstaðin áður en nýtt námskeið verður auglýst.

8) **Endurvarpar.** Nýir möguleikar fyrir endurvarpa í metrabylgjusviðinu verða skoðaðir. Unnið verður að því að gangsetja á ný auðkenni á morsi við TF1RBP, TF3RPC og TF5RPD.

9) **Tíðnimál.** Í.R.A. mun leita leiða í samskiptum við Póst- og fjarskiptastofnun til að koma á framfæri sjónarmiðum félagsins vegna undirbúnings fyrir tíðniráðstefnu Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU), „World Radiocommunications Conference" (WRC), sem haldin verður í Genf dagana 23. janúar til 17. febrúar 2012. Ísland hefur eitt atkvæði á ráðstefnunni eins og sérhvert annarra aðildarlanda sambandsins.

10) **Afmæli Í.R.A. 14. ágúst 2011.** Þann 14. ágúst n.k. verða liðin 65 ár frá stofnun Í.R.A. Stefnt verður að því að halda upp á afmælið á veglegan hátt.

# Samræmt skipulag á 600 og 60 metrum fyrir TF og LA

Stjórn Í.R.A. samþykkti að mæla með því að íslenskir leyfishafar taki upp tíðniskiptingu systurfélags okkar í Noregi (NRRL) á 600 og 60 metrum frá og með 1. júlí 2011. Eins og staðan er í dag, búa radíóamatörar í flestum löndum í IARU Svæði 1 við takmarkaðar heimildir á þessum böndum, þ.e. heimildir á 600 metrum eru ekki samræmdar og á 60 metrum eru heimilaðar á bilinu frá 5-8 fastar tíðnir. Vegna þessa er ekki í gildi niðurskipting á þessum tíðnisviðum frá hendi IARU Svæðis 1.

Með tilliti til þess að á Íslandi og í Noregi er samræmd tíðniúthlutun, þ.e. á 5260-5410 kHz (60 metrum) annarsvegar og á 493-510 kHz (600 metrum) hinsvegar, þykir skynsamlegt að samræma skipulag notkunar í löndunum. Fyrir liggur, að þessi niðurskipting geti orðið vísir að nýrri tíðniskipan IARU Svæðis 1 þegar þar að kemur (sbr. að gert er ráð fyrir stafrænum teg. útgeislunar, sem enn eru ekki heimilaðar í TF og LA). Í ljósi þessa er mælt með eftirfarandi niðurskiptingu tíðnisviðanna:

*Tíðnisviðið 493-510 kHz (600 metrar)*

| Viðmiðunartíðni | Tegund útgeislunar | Tegund notkunar |
|---|---|---|
| 500 kHz | Mors (A1A) | Almenn kalltíðni |
| 503 kHz | Mors (A1A) | Almenn samskipti |

*Tíðnisviðið 5260-5410 kHz (60 metrar)*

| Viðmiðunartíðni | Teg. útgeislunar | Teg. notkunar | Tíðnisvið f. mismunandi teg. útgeislunar |
|---|---|---|---|
| 5310 kHz | Mors (A1A) | Almenn kalltíðni | 5305-5315 kHz (eingöngu mors) |
| 5335 kHz | QRP allar teg. útgeislunar | Almenn kalltíðni | 5330-5340 kHz (allar teg. útgeislunar, QRP) |
| 5355 kHz | Stafrænar teg. útgeislunar | Almenn kalltíðni | 5350-5360 kHz (stafrænar teg. útgeislunar) |
| 5375 kHz | Tal (J3E, USB) | Almenn kalltíðni | 5375-5390 kHz (eingöngu tal) |
| 5403,5 kHz | Tal (J3E, USB) | Almenn kalltíðni, DX | |

Þess er farið á leit, að eftirtaldar *fastar tíðnir* (sendiaflestur á USB) séu sem minnst notaðar, þar sem sumar þessara tíðna eru ennþá einu möguleikar annarra leyfishafa í öðrum löndum í IARU Svæði 1 til að vinna í tíðnisviðinu.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 5280 kHz 5278.5 kHz | 5332 kHz 5330.5 kHz | 5368 kHz 5366.5 kHz | 5400 kHz 5398.5 kHz |
| 5290 kHz 5288.5 kHz | 5348 kHz 5346.5 kHz | 5373 kHz 5371.5 kHz | - |

Íslenskir leyfishafar þurfa að sækja sérstaklega um heimild til Póst- og fjarskiptastofnunar til að gera tilraunir í ofangreindum tíðnisviðum. Núgildandi heimildir gilda til 31.12.2012.

**(1) 493-510 kHz.** Heimild er bundin við notkun á morsi (A1A tegund útgeislunar). Hámarks leyfilegt útgangsafl er 100W á víkjandi grundvelli.

**(2) 5260-5410 kHz.** Heimild er bundin við notkun á morsi (A1A) og tali (J3E, USB tegund útgeislunar). Hámarksbandbreidd merkis er 3 kHz. Hámarks leyfilegt útgangsafl er 100W á víkjandi grundvelli.

Heimildir í þessum tíðnisviðum eru veittar með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi, en þá verður að hætta sendingum strax. Kallmerki skal notast við upphaf og endi fjarskiptasambands og með viðeigandi reglulegu millibili á meðan fjarskiptasamband varir. N-leyfishafar og G-leyfishafar njóta sömu réttinda. Sækja má um heimild á tölvupósti til PFS. Fyrir þá sem vilja fræðast um þessi nýju tíðnisvið er bent á greinar um 500 kHz og 5 MHz böndin sem birtust í 2. tbl. CQ TF 2010, bls. 18 annarsvegar, og bls. 22 hinsvegar.



*Úr félagsstarfinu. Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA og Kjartan H. Bjarnason TF3BJ. Ljósmynd: TF3LMN.*



*Úr félagsstarfinu. Heimir Konráðsson TF1EIN og Baldvin Þórarinsson TF3-Ø33. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3LMN.*

**Niðurstöður úr prófum Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis starfsárið 2011/12**

- 15 af 25 stóðust próf til amatörleyfis starfsárið 2011/12.
- Þar af 6 til G-leyfis og 9 til N-leyfis.
- Próf 28.5.2011: 13 stóðust af 17; 4 stóðust til G-leyfis; 9 til N-leyfis.
- Próf 28.4.2012: 2 stóðust af 8; 2 stóðust til G-leyfis; 0 til N-leyfis.
- Þann 8.5.2012 höfðu 7 af 15 (47%) tekið út kallmerki (eða höfðu það fyrir).
- Alls 12 af 15 (80%) eru félagsmenn í Í.R.A. (þar af allir sem tekið hafa út kallmerki).

| Nafn próftaka | Prófgráða | Lögheimili | Kallmerki | Félagi Í.R.A. |
|---|---|---|---|---|
| Arnþór Þórðarson | G-leyfi | 200 Kópavogur | TF3ED | Já |
| Björn Geir Leifsson | G-leyfi | 112 Reykjavík | TF3BGL | Já |
| Brzozowski Piotr | N-leyfi | 221 Hafnarfjörður | TF3PLN | Já |
| Davíð Víðisson | N-leyfi | 101 Reykjavík | | Já |
| Eðvarð Jón Bjarnason | G-leyfi | 101 Reykjavík | | Já |
| Finnur Pind | G-leyfi | Danmörk | | Nei |
| Haukur Þór Haraldsson | N-leyfi | 109 Reykjavík | TF3NAN | Já |
| Jón Gunnar Harðarson | N-leyfi | 270 Mosfellsbær | TF3PPN | Já |
| Jón Þór Gunnarsson | G-leyfi | 221 Hafnarfjörður | | Nei |
| Jospeh Timothy Foley | G-leyfi | 104 Reykjavík | TF3ZR | Já |
| Nanna Einarsdóttir | G-leyfi | 101 Reykjavík | | Já |
| Óðinn Þór Hallgrímsson | N-leyfi | 300 Akranes | TF3MSN | Já |
| Óskar Andri Víðisson | N-leyfi | 221 Hafnarfjörður | | Já |
| Óskar Þórðarson | N-leyfi | 170 Seltjarnarnes | | Já |
| Stefán Þorvarðarson | N-leyfi | 112 Reykjavík | | Nei |

## NÝTT 600 METRA BAND 17. FEBRÚAR.

Kristján Benediktsson, TF3KB, IARU tengill félagsins, birti veffréttabréf IARU dags. 14. febrúar til kynningar á póstlista félagsins þann 15. febrúar. Um er að ræða greinargóðar upplýsingar um nýtt amatörband á 600 metrum og eru þær birtar hér til fróðleiks.

***IARU E-LETTER***
***The International Amateur Radio Union***
IARU Electronic Newsletter
14 February 2012

---

**Special WRC Report Number Three**
**The Amateur Radio Service Gains A Band Near 500 kHz**

***472 - 479 kHz.*** The worldwide amateur radio service has a new frequency band, 472 to 479 kHz. It is a secondary allocation. There are other services in that portion of the spectrum that must not be interfered with by the amateur operation.

The aeronautical radionavigation service is a primary service in the band 415-495 kHz in the following areas: Australia, China, the French overseas communities of Region 3, Korea (Rep. of), India, Iran (Islamic Republic of), Japan, Pakistan, Papua New Guinea and Sri Lanka.

The aeronautical radionavigation service is a primary service in the band 435-495 kHz in the following areas: Armenia, Azerbaijan, Belarus, the Russian Federation, Kazakhstan, Latvia, Uzbekistan and Kyrgyzstan.
The amateurs are allowed to use the band so long as it does not cause interference to this primary service or the maritime mobile service operating in the 472 - 479 kHz band.

There are some countries that will not allow amateur radio operation in the 472 - 479 kHz band. The use of the frequency band 472 - 479 kHz in Algeria, Saudi Arabia, Azerbaijan, Bahrain, Belarus, China, Comoros, Djibouti, Egypt, United Arab Emirates, the Russian Federation, Iraq, Jordan, Kazakhstan, Kuwait, Lebanon, Libya, Mauritania, Oman, Uzbekistan, Qatar, Syrian Arab Republic, Kyrgyzstan, Somalia, Sudan, Tunisia and Yemen is limited to the maritime mobile and aeronautical radionavigation services. The amateur service shall not be used in the above-mentioned countries in this frequency band, and this should be taken into account by the countries authorizing such use.

The ITU Radio Regulations provide that radio amateurs are limited to 1 watt (e.i.r.p.) however administrations whose territory is beyond 800 kilometers from the borders of the following countries may increase the operating power to 5 watts (e.i.r.p.): Algeria, Saudi Arabia, Azerbaijan, Bahrain, Belarus, China, Comoros, Djibouti, Egypt, United Arab Emirates, the Russian Federation, Iran (Islamic Republic of), Iraq, Jordan, Kazakhstan, Kuwait, Lebanon, Libya, Morocco, Mauritania, Oman, Uzbekistan, Qatar, Syrian Arab Republic, Kyrgyzstan, Somalia, Sudan, Tunisia, Ukraine and Yemen.

The change becomes effective with the adoption of the Final Acts of the Conference. Of course, it will be determined by each administration around the world as to what modes and bandwidths will be used in this portion of the spectrum and when hams in that country will have access to the spectrum.

More activities from the WRC-12 will be reported at the end of the WRC. The WRC continues until 17 February. There is an effort underway to place an amateur radio agenda item on the agenda for the next WRC, which will take place in 2015.

**Distribution of This E-Letter**
This electronic newsletter is sent to IARU member-societies headquarters around the world. Individual amateurs should encourage their IARU national society to forward the newsletter to its own members. The newsletter can also be read and downloaded from the IARU web site at www.iaru.org.

If you are an ARRL member, you can subscribe to this E-Letter directly on the ARRL web site. When you log into the ARRL web site, go to the page where you can edit your profile and choose the electronic newsletter options that are available.

If you have any information that would be appropriate to publish in this electronic newsletter, please contact me at w6rod@iaru.org. Rod Stafford, W6ROD, IARU Secretary.

## APRS MERKI FRÁ TF3CCP Í LOFTBELG

Í tengslum við 8. EVE Online Fanfest hátíð tölvuleikjaframleiðandans CCP sem haldin var í Reykjavík 22.-24. mars fæddist hugmynd á meðal nemenda á námskeiði í tækni- og verkfræðideild við Háskólann í Reykjavík, að senda upp „geimskip“ hangandi neðan í loftbelg. Þeir leituðu til fyrirtækisins sem styrkti verkefnið fjárhagslega. Hugmynd kom upp í framhaldi að nota APRS merki til að ferilvakta flugið. Þegar það var, hafði ein tilraunauppsending farið fram þann 22. febrúar og var svokallað "SPOT" notað til að ferilvöktunar. Í það skiptið fór belgurinn í boga yfir Ísland og endaði í hafinu, miðja vegu milli Færeyja og Íslands. Það sem kom á óvart var að SPOT-kerfið sendi engar upplýsingar á miðkafla leiðarinnar, en einhverjum datt í hug að hugsanlega væri ferilvöktunin ekki höfð virk í SPOT-kerfinu eftir vissa hæð og ofar, af öryggisástæðum. Meginverkefni félagsmanna Í.R.A. í áhugahópi um APRS var í raun að tryggja að núverandi APRS kerfi verði virkt og fram kom hugmynd um að nýta m.a. loftnetið sem ætlað fyrir samskipti við gervihnetti í félagsaðstöðu Í.R.A. í Skeljanesi fyrir APRS á meðan á fluginu stendur. Í millitíðinni var sótt um og fengin heimild til Póst- og fjarskipta-stofnunar til að nota kallmerkið TF3CCP fyrir APRS merkin.

Síðara æfingarflugið fór fram þann 17. mars og var belgnum sleppt frá flugskýli á Reykjavíkurflugvelli og gekk flugið að óskum. Að sögn Jóns Þórodds Jónssonar, TF3JA, fór loftbelgurinn hæst í um 30 km hæð og lenti við Búðarháls norður af Sultartangalóni, nálægt Gljúfurleitarleið. Róbert, TF8TTY, mun eiga móttöku á síðustu sendingu sem náðist, en þá var loftbelgurinn í 3 km hæð. Að sögn Jóns, „börðust“ TF3RPG, TF3ARI-2 og TF8TTY-2 allan tíman við að ná sendingunum, en TF8TTY-2 átti síðustu punktana. Að sögn Jóns, fór hópur manna á nokkrum vel búnum jeppum inn á hálendið að lendingarstaðnum og endur-heimtu „gripinn“ óskaddaðan.



*Myndin er af æfingarloftbelgnum sem settur var á  loft 17. mars frá Reykjavíkurflugvelli. Ljósmynd: TF3LMN.*

**ICELANDIC RADIO AMATEURS, IRA.**

Kristján Benediktsson, TF3KB,
IARU Liaison Officer for IRA

## 1. ICELANDIC RADIO AMATEURS - OVERVIEW

IRA, the society of Icelandic Radio Amateurs founded in 1946, with number of members today approximately 200, is both a radio club and a national IARU/IARU-R1/NRAU radio amateur society having by Icelandic Regulation for radio amateurs an official advisory role and liaison between Icelandic radio amateurs and the Post and Telecommunication Administration in Iceland (PTA).

Our 65th anniversary on August 15, 2011 was celebrated with an open house at our headquarters in Reykjavík, which was a great success as members visited the society with their families and guests and enjoyed refreshments on a Sunday afternoon.

## 2. PTA LIAISON

Maintaining close relationship with the PTA is one of IRA's highest priorities. Among tangible results are:

- Joint semi-annual to annual meetings between IRA and the PTA, discussing amateur radio issues.
- Now for decades IRA has composed and conducted amateur radio examinations in Iceland on behalf of the PTA.
- Secondary privileges on the following bands: (1) 493-510 kHz; (2) 5.260-5.410 MHz; (3) 70.000-70.200 MHz; and (4) 1850-1900 kHz (in certain international contests).
- Exchange of notes between IRA and the PTA prior to the WRC-2012 conference, where support of the Icelandic delegation was secured for the 472-479 kHz new band segment at the conference.

## 3. INTERNATIONAL LIAISON

As member of IARU/IARU-R1/NRAU, IRA seeks to be as active in the international radio amateur arena as possible for such a small society and of such limited means. Recent points include:

- A delegate was present last year both at the NRAU meeting and the annual Norwegian amateur radio event at Eidsvoll, which included NRRL's AGM and a meeting with PB2T. This was possible at low cost to IRA due to NRAU's and NRRL's generous support.
- Despite a generous offer for financial support from the IARU Region 1 of CHF 1000, IRA could not send a delegate to the 2011 conference in South-Africa due to the high cost. Referring to a relatively high Icelandic GDP per capita, the low IRA member count has to be accounted for too!
- Should a delegate from IRA be present in Varna, Bulgaria in 2014, it will be 9 years between Í.R.A being represented at a Region 1 Conference, if not maybe 12.
- Increasingly in the last few years, a few IRA members, at their own cost, have been going to the Ham Radio Exhibitions in Friedrichshafen, Germany, which made possible for some IRA appointed members to be present at the informal IARU annual gatherings there.

## 4. NATIONAL SOCIETY ACTIVITIES

To mention a few of the local national society activities:

- Of major importance is our magazine, CQ TF, which is published quarterly.
- By the same token, the society's web page (www.ira.is) is actively maintained in order to fulfill the members' need for the latest amateur radio news.
- Amateur radio courses and examinations are given 1-2 times per annum.
- IRA publishes an annual report, the most recent of which is from our 2011 annual meeting. The report is 103 pages in Icelandic language. It may be viewed here: http://ira.is/pages/viewpage.action?pageId=4558568
- IRA established for the first time an EMC committee in December 2011. The committee will seek a close relationship with specialized bodies of other national societies and the EMC coordinator.
- IRA was the 2nd society in the world to translate and publish ON4UN's "Ethics and Operating Procedures for the Radio Amateur" in 2009. The booklet was distributed free to all members.
- QSL Bureau.

## 5. CLUB ACTIVITIES.

A few of the club activities are:

- Our headquarters in Reykjavík are open to our members and those interested in amateur radio, once a week. Facilities are provided to sit down with a cup of coffee and look at the latest amateur radio magazines. Many also bring their outgoing QSL cards and check for incoming cards, but the IRA QSL Bureau is located there.
- Our club station TF3IRA QRV on HF and VHF and is open to licensed members and in weekends for activating the station in international contests. Also run in contests as TF3W.
- The society offers an ambitious program of lectures and seminars that are given each year from February to May and from October to December. The total number of such events exceeds 40 per annum.
- IRA owns and runs 4 VHF repeaters in around the country and has an APRS digi-peater located at its headquarters in Reykjavík.
- The society sponsors a TF Field day which is held annually in early August. This event first took place in 1979. A separate annual VHF field day is being discussed.
- For a number of years the society has actively supported participation in the annual International Lighthouse Lightship Weekend.
- The Society supports CW code practice transmissions that are offered three days a week on 80 meters.
- A new activity for this year is a code proficiency test, is being planned to be offered as of next June.

Kristján Benediktsson, TF3KB, IARU tengiliður Í.R.A. vann ofangreinda samantekt að beiðni stjórnar Í.R.A. þann 6. mars vegna óskar framkvæmdanefndar IARU Svæðis 1 um upplýsingar um starfsemi félagins. Samantektin var lögð fram á ársfundi nefndarinnar 2012 sem haldinn var í Baunatal í Þýskalandi 10.-11. mars.



*Úr félagsstarfinu. Ari Þórólfur Jóhannesson TF3ARI og Kjartan H. Bjarnason TF3BJ skoða nýjustu kínversku VHF/UHF handstöðvarnar í Skeljanesi. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3LMN.*



*Úr félagsstarfinu. Haraldur Þórðarson TF3HP, Jón Gunnar Harðarson TF3PPN og Guðmundur Ingi Hjálmtýsson TF3IG í Skeljanesi á góðri stundu. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF2JB.*

# Starfsárið 2011/2012. Fyrri hluti vetrardagskrár Í.R.A. tímabilið október-desember 2011

*OKTÓBER 2011*

| Mán.- o. vikudagur | Viðburður | Upplýsingar | Fyrirlesari/leiðbeinandi | Tímasetning | Skýringar/annað |
|---|---|---|---|---|---|
| 06. okt., fimmtudagur | TF útileikar | Afhending viðurkenninga í TF útileikunum 2011 | Bjarni Sverrisson, TF3BG | 20:30-21:15 | Kaffiveitingar |
| 13. okt., fimmtudagur | Erindi | „Faros" sjálfvirk vöktun HF-skilyrða með radíóvitum | Kristinn Andersen, TF3KX | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |
| 15. okt., laugardagur | Hraðnámskeið | Upprifjun á notkun „Win-Test" keppnisdagbókarforritsins | Yngvi Harðarson, TF3Y | 10:30-12:00 | Kaffiveitingar |
| 16. okt., sunnudagur | Söludagur | Félagsmenn kaupa/selja tæki/búnað; flóamarkaður | Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS | 13:00-15:00 | Léttar veitingar (kaffi, gos) |
| 20. okt., fimmtudagur | Erindi | JX5O DX-leiðangurinn sumarið 2011 í máli og myndum | Jón Ágúst Erlingsson, TF3ZA | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |
| 22. okt., laugardagur | Kynningardagur | DX-sambönd um gervitungl, sýnikennsla frá TF3IRA | Benedikt Sveinsson, TF3CY | 14:00-17:00 | Léttar veitingar (kaffi, gos) |
| 27. okt., fimmtudagur | Erindi | Merki og mótun | Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |

*NÓVEMBER 2011*

| Mán.- o. vikudagur | Viðburður | Upplýsingar | Fyrirlesari/leiðbeinandi | Tímasetning | Skýringar/annað |
|---|---|---|---|---|---|
| 03. nóv., fimmtudagur | Erindi | „EzNEC" loftnetsforritið og notkunarmöguleikar þess | Guðmundur Löve, TF3GL | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |
| 10. nóv., fimmtudagur | Opið hús | Kaffi á könnunni | Almennar umræður | 20.00-22:00 | Almenn opnun |
| 12. nóv., laugardagur | Kynningardagur | DX-sambönd um gervitungl, sýnikennsla frá TF3IRA | Benedikt Sveinsson, TF3CY | 14:00-17:00 | Léttar veitingar (kaffi, gos) |
| 17. nóv., fimmtudagur | Erindi | Neyðarfjarskipti radíóamatöra | Jón Þóroddur Jónsson | 20.30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |
| 19. nóv., laugardagur | Hraðnámskeið | „WriteLog" keppnisdagbókarforritið | Yngvi Harðarson, TF3Y | 10:30-12:00 | Léttar veitingar (kaffi, gos) |
| 20. nóv., sunnudagur | Sófaumræður | „Að byrja RTTY keppnisferilinn" | Ársæll Óskarsson, TF3AO | 10:30-12:00 | Léttar veitingar (kaffi, gos) |
| 24. nóv., fimmtudagur | Heimildarmynd | DVD mynd frá K1B, Baker Island, DX-leiðangrinum | Guðmundur Sveinsson, TF3SG | 20:30-21:15 | Kaffiveitingar |
| 27. nóv., sunnudagur | Reglugerðarmál | Íslensk reglugerð um starfsemi radíóamatöra | Jónas Bjarnason, TF2JB | 10:30-12:00 | Léttar veitingar (kaffi, gos) |

*DESEMBER 2011*

| Mán.- o. vikudagur | Viðburður | Upplýsingar | Fyrirlesari/leiðbeinandi | Tímasetning | Skýringar/annað |
|---|---|---|---|---|---|
| 01. des., fimmtudagur | Erindi | Viðurkenningaskjöl radíóamatöra | Jónas, TF2JB og Guðlaugur, TF8GX | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |
| 04. des., sunnudagur | Sófaumræður | „Að gera upp gömul lampatæki" | Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB | 10:30-12:00 | Léttar veitingar (kaffi, gos) |
| 08. des., fimmtudagur | Erindi | Útgeislunarhætta í tíðnisviðum radíóamatöra | Bjarni Sigurðsson, sérfræðingur hjá PFS | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |
| 11. des., sunnudagur | Sófaumræður | Fæðilínur og skyldir hlutir | Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA | 10:30-12:00 | Léttar veitingar (kaffi, gos) |
| 15. des., fimmtudagur | Erindi | Smíði loftneta á VHF/UHF og endurvarpamál | Benedikt, TF3TNT og Guðjón, TF3WO | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |

(Umsjón: Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ).

# Starfsárið 2011/2012. Síðari hluti vetrardagskrár Í.R.A. tímabilið janúar-apríl 2012

*JANÚAR 2012*

| Mán.- o. vikudagur | Viðburður | Upplýsingar | Fyrirlesari/leiðbeinandi | Tímasetning | Skýringar/annað |
|---|---|---|---|---|---|
| 5. jan., fimmtudagur | Erindi | Loftnetsframkvæmdir hjá TF2LL sumarið 2010 | Georg Magnússon, TF2LL | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |
| 12. jan., fimmtudagur | Erindi | Heimasmíði tvípóla fyrir HF í bílskúrnum | Andrés Þórarinsson, TF3AM | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |
| 19. jan., fimmtudagur | Opið hús | Kaffi á könnunni | Almennar umræður | 20:00-22:00 | Almennt opnunarkvöld |
| 26. jan. fimmtudagur | Erindi | VHF leikar 2012; möguleikar, sögur og staðreyndir | Guðmundur Löve, TF3GL | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |

*FEBRÚAR 2012*

| Mán.- o. vikudagur | Viðburður | Upplýsingar | Fyrirlesari/leiðbeinandi | Tímasetning | Skýringar/annað |
|---|---|---|---|---|---|
| 2. febr., fimmtudagur | Opið hús | Kaffi á könnunni | Almennar umræður | 20:00-22:00 | Almennt opnunarkvöld |
| 9. febr., fimmtudagur | Erindi | Þátttaka í alþjóðlegum keppnum; markviss undirbúningur | Sigurður, TF3CW og Yngvi, TF3Y | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |
| 16. febr., fimmtudagur | Opið hús | Kaffi á könnunni | Almennar umræður | 20:00-22:00 | Almennt opnunarkvöld |
| 23. febr., fimmtudagur | Erindi | Ráðstefna IARU Svæðis-1 árið 2011, helstu niðurstöður | Kristján Benediktsson, TF3KB | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |

*MARS 2012*

| Mán.- o. vikudagur | Viðburður | Upplýsingar | Fyrirlesari/leiðbeinandi | Tímasetning | Skýringar/annað |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. mars, fimmtudagur | Opið hús | Kaffi á könnunni | Almennar umræður | 20:00-22:00 | Almennt opnunarkvöld |
| 8. mars, fimmtudagur | Erindi | QRP kvöld; heimasmíði og notkun QRP senda | Kristinn Andersen, TF3KX | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |
| 15. mars, fimmtudagur | Erindi | IARU forritið; sviðsstyrkur & öryggismörk amatörsendinga | Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |
| 22. mars, fimmtudagur | Heimildarmynd | DVD mynd frá T32C DX- leiðangrinum haustið 2011 | Guðmundur Sveinsson, TF3SG | 20:30-21:15 | Kaffiveitingar |
| 29. mars, fimmtudagur | Erindi | Nýir möguleikar APRS kerfisins | Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |

*APRÍL 2012*

| Mán.- o. vikudagur | Viðburður | Upplýsingar | Fyrirlesari/leiðbeinandi | Tímasetning | Skýringar/annað |
|---|---|---|---|---|---|
| 12. apr., fimmtudagur | Opið hús | Kaffi á könnunni | Almennar umræður | 20:00-22:00 | Almennt opnunarkvöld |
| 26. apr., fimmtudagur | Erindi | RF magnarar radíóamatöra og heimasmíðar | Benedikt Sveinsson, TF3CY | 20:30-22:00 | Kaffihlé kl. 21:15 |

(Umsjón: Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ).

# Viðauki-C

## Nokkrar ljósmyndir úr 65 ára afmæliskaffi Í.R.A. sunnudaginn 14. ágúst 2011 í Skeljanesi. Ljósmyndir: Jón Svavarsson, TF3LMN.

*65 ár voru liðin frá stofnun Í.R.A. þann 14. ágúst 2011. Í tilefni þess var haldið kaffiboð fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra á afmælisdaginn, sem bar upp á sunnudag, í húsnæði félagsins í Reykjavík. Alls mættu rúmlega 60 manns í Skeljanesið og þáðu þjóðlegar veitingar, rjúkandi kaffi, íslenskar vöfflur og pönnukökur með sultu, þeyttum rjóma, vanilluís, súkkulaði og konfekti. Félagsaðstaðan var opin á milli kl. 14 og 18 og var góð dreifing í mætingu. Ánægjulegt var hversu margir félagsmenn mættu í Skeljanesið ásamt fjölskyldum sínum þennan sólríka sunnudag. Stjórn Í.R.A. þakkar félagsmönnum góðar undirtektir og Jóni Svarssyni, TF3LMN, myndatökuna.*



*Rósa Kristjánsdóttir (XYL TF3SA), Stefán Arndal TF3SA, Elísabet Arndal og Breki Gunnarsson Arndal.*



*Erla Halldórsdóttir (XYL TF3KX) ásamt Unni (XYL Odds  Helgasonar) og Reynir Björnsson, TF3JL.*



*Svana Helen Björnsdóttir (XYL TF3UA) ásamt tveimur sona þeirra hjóna í fjarskiptaherbergi Í.R.A. í Skeljanesi.*



*Unnur (XYL TF8SM), Friðrik Á. Pálmason, TF8FP og afastrákur ásamt syni þeirra Unnar og Smára TF8SM.*




*Þrír formenn félagsins. Haraldur Þórðarson TF3HP (formaður 1996-2007), Axel Sölvason TF3AX (formaður 1978-1979) og Jónas Bjarnason TF2JB (formaður frá 2009).*




*Guðmundur Sveinsson TF3SG sagði að afmælisvöfflurnar og kaffið væru 1. flokks!*




*Friðrik Á. Pálmason TF8FP og afastrákur í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi*




*Ari Þ. Jóhannesson TF3ARI og faðir hans Jóhannes (94 ára), sem sagðist alltaf hafa haft áhuga á radíói.*



*Kristján Benediksson TF3KB og Kristinn Andersen TF3KX voru ánægðir með afmæliskaffið.*



*Bjarni Magnússon TF3BM, Jónas Þ. Artúrsson TF3IT og Reynir Björnsson TF3RL sögðu félagið eiga bjarta framtíð.*



*Jón Þóroddur Jónsson TF3JA og Mathías Hagvaag TF3-Ø35 í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi.*




*Ólafur B. Ólafsson TF3ML, Ari Þ. Jóhannesson TF3ARI, Benedikt Sveinsson TF3CY, Guðmundur Ingi Hjálmtýsson TF3IG, sonur TF3GL og Guðmundur Löve TF3GL.*



*Benedikt Guðnason TF3TNT í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi.*



*Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA og Georg Magnússon TF2LL í afmæliskaffi Í.R.A. í Skeljanesi.*




*Þeir sem mest mæddi á við undirbúning kaffiboðsins í tilefni 65 ára afmælis Í.R.A. 14. ágúst. Stjórnarmennirnir Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA, Guðmundur Sveinsson TF3SG og Gísli G. Ófeigsson TF3G.*

# Viðauki-D

Yfirlit yfir gögn um Í.R.A. í vörslu
Borgarskjalasafns Reykjavíkur

# Yfirlit yfir innihald í öskjum 1-16 í Borgarskjalasafni Reykjavíkur.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Askja 1** | Félagatal | Áróður | Námskeið | Leyfisbeiðnir |
| - | Inntökubeiðnir | Húsaleigusamningur | Umsóknir og leyfisveitingar | Fundarboð |
| **Askja 2** | Bréf 1963-1972 | | | |
| **Askja 3** | Innlend bréf 1973-1978 | | | |
| **Askja 4** | Erlend bréf 1973-1978 | | | |
| **Askja 5** | Bréf 1979 | | | |
| **Askja 6** | Bréf 1980 | | | |
| **Askja 7** | Bréf 1982 | Félagsblað Færeyskra radíómatöra. | | |
| **Askja 8** | Kallbókin | Diplomas | IARU/ARLP | Awards |
| - | Klúbbar og félög | Ýmsar erlendar tilkynningar | Ýmislegt | |
| **Askja 9** | Íslenskir radíóáhugamenn, skrár | | Fréttabréf | Félagsblöð |
| **Askja 10** | Efnahagsreikningar 1977-1981 | | Tvö myndaalbúm | - |
| **Askja 11** | Spjaldskrá | Bréfsefni | Félagsskírteini, póstkröfur, afskrifuð félagsgjöld | |
| **Askja 12** | Fylgiskjöl 1965-1973 | | | |
| **Askja 13** | Fylgiskjöl 1974-1976 | | | |
| **Askja 14** | Fylgiskjöl 1977-1979 | | | |
| **Askja 15** | Fylgiskjöl 1980-1983 | Sjóðbók 1963-1976 | CQ TF 2.-4. tbl. 1997 | 1.-2. tbl. 1998 |
| - | 3.-5. tbl. 1999 | 1.-5. tbl. 18. árg. 2000 | 1.-2. tbl., 19. árg. 2001 | 3. tbl. 19. árg. 2001 |
| **Askja 16** 1) | 1965 | 1966 | 1967 | 1968 |
| - | 1969 | 1970 | 1971 | 1973 |
| - | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 |
| - | 1979 | 1980 | 1981 | 1982 |
| - | 1983 | 1985 | 1986 | 1988 |
| - | 1989 | 1991 | 1992 | 1993 |
| - | 1994 | 1995 | 1996 | 1998 |
| - | 1999 | 2000 | | |
| - | Námsefni til nýliðaprófs, fjölritað eftir handriti í apríl 1977, endurfjölritað í júní 1985 | | | |
| - | Reglur um radíóleyfi áhugamanna, 1981 | | | |
| - | Starfsemi radíóamatöra | | | |
| - | Íslenskir radíóamatörar; ársreikningur 1998 | | | |
| - | Íslenskir radíóamatörar. Rekstrarreikningur pr. 31.12. 1990 | | | |
| - | Stjórnarfundur ÍRA 25/11 1987 | | | |
| - | Lög; Lög um fjarskipti | | | |
| - | Endurskoðun reglugerðar | | | |
| - | QSL-kort | | | |
| - | Félagatal, 1988, 1989, 1989-1990, 1994, 1996 | | | |
| - | Nýliðar IRA 15/2 1989 | | | |
| - | Starfsáætlanir; félagssamþykktir | | | |
| - | Kristján Benediktsson: Amatörradíóþjónustan, öðruvísi menntakerfi | | | |
| - | 3500-3850 kHz SSB-AM-CW viðtæki fyrir nýliða með prentuðum rásum | | | |
| - | Loftnet | | | |
| - | ÍRA 50 ára heiðursskjalið; heiðurskjöl (eyðublöð, sýnishorn) | | | |
| - | Þagnarheit talstöðvarvarðar (eyðublað) | | | |
| - | Ljósmynd | | | |
| - | Póstkort | | | |
| - | Ýmis plögg varðandi radíóamatörmál | | | |
| - | Vefslóð: http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ | | | |

1) CQ TF og Fréttabréf, kom 13. september 2001.

# Íslenskir Radíóamatörar – ÍRA

*Einkaskjalasafn nr. 151*

## Íslenskir radíóamatörar - ÍRA

Félag Íslenskra radíóamatöra er landssamtök radíóamatöra á Íslandi og var stofnað 14. ágúst 1946. Stofnfundur var haldinn í Tjarnarkaffi í Reykjavík og var fyrsta aðsetur félagsins á Fríkirkjuvegi 10 í Reykjavík.

Markmið félagsins er:

a. Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
b. Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
c. Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.
d. Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
e. Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
f. Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radíófjarskipta.
g. Örva radíóíþróttir meðal radíóamatöra.
h. Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
i. Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói á meðal ungs fólks.

Afhent safninu 22. febrúar 1999 og 4. október 2000.

**Skjalaskrá.**

Vefslóð: http://www.borgarskjalasafn.is/desktopdefault.aspx/tabid-4323/6668_read-987/start-%C3%AD/6630_view-2789/



*Úr félagsstarfinu. Vinna við SteppIR 3E Yagi loftnet félagsins í febrúarsól. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF2JB.*

*Stofnað 14. ágúst 1946*